

**HEILSUDREKINN**

*Tai chi undir berum himni*

Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**TÍSKA & FEGURÐ**

*Kvenleg og litrík sumartíska*

Sérblað um tísku

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**NÍU MANNA HLJÓMSVEIT FRÁ HÚSAVÍK**

*Erum óttalegir hálfvitar*

Ný plata á leiðinni

FÓLK 24


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. júní 2007 — 157. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Áfram fornöld

„Jafnvel þótt manns eigin kynslóð sé loks komin til valda breytir það engu,“ skrifar Hallgrímur Helgason. „Nei, fornöldinni skal viðhaldið með samningum sem ná FRAM Á ÞARNÆSTA kjörtímabil.“

Í DAG 16

### Spennandi sumar



Útvarpsleikhúsið æfir leikgerð spennusögunnar Sá yðar sem syndlaus er eftir Ævar Örn Jósepsson.

MENNING 21

### Kaupa hús á Dalvík

Svanhildur Hólm og Logi Bergmann hafa fjárfest í húsi á Dalvík. Þau ætla að bjóða gestum og gangandi upp á fiskisúpu á Fiskidaginn mikla, aðra helgina í ágúst.



FÓLK 30

### Heitur Teitur



Það er farið að hitna undir Teiti Þórðarsyni, þjálfara KR. Mennirnir sem orðaðir eru sem arftakar hans sýna starfinu lítinn áhuga.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA BJART TIL LANDSINS** í dag verður hæg breytileg átt. Dálítil súld suðaustan til annars yfirleitt þurrt og víða bjart til landsins en hætt við þokulofti við sjávarsíðuna. Hiti víða 5-13 stig en allt að 18 stig til landsins sunnan og vestan til.

VEÐUR 4

# Staðarvali mótmæla gegn stóriðju leynt

**Fjöldamótmæli gegn stóriðju verða haldin í byrjun júlí. Áhuginn meiri nú en undanfarin ár. Gestum sagt að segja ekki til um tilgang ferðarinnar. Lögregluyfirvöld bíða átekta.**

**MÓTMÆLI** Fjöldamótmæli gegn stóriðjuframkvæmdum eru fyrirhuguð á Íslandi í sumar, þriðja sumarið í röð. Mun meiri áhugi er fyrir mótmælunum nú en fyrri ár. Lögregluyfirvöld segjast ekki hafa skipulagt viðbragðsaðgerðir.

Á vef samtakanna sem standa að mótmælunum, savingiceland.org, kemur fram að mótmælin hefjist 6. júlí, og þá hefjist tveggja daga ráðstefna við búðirnar. Staðurinn hefur verið ákveðinn en verður ekki gefinn upp fyrr en skömmu áður en aðgerðirnar hefjast. Gera má ráð fyrir því að búðirnar verði í grennd við stóriðjuframkvæmdir.

Í upplýsingum á vef samtakanna er tekið fram að áhersla verði lögð á svokallaðar beinar aðgerðir, líkt og að fara inn á framkvæmdasvæði og hlekkja sig við vinnuvélar. Þeir sem hafa reynslu af slíkum aðgerðum eru á vefnum sérstaklega boðnir velkomnir til landsins í sumar.

Tónleikar eru fyrirhugaðir í búðunum. Ólafur Páll Sigurðsson, einn skipuleggjenda, staðfestir að rætt hafi verið við heimsþekkta tónlistarmenn um að spila. Ólafur vill ekki segja við hve mörgum sé búist hingað til lands, en segir að vegna umfjöllunar erlendra fjölmiðla um mótmælin hérlendis í fyrra hafi áhuginn aldrei verið meiri en nú.

Koma á saman í Reykjavík annars vegar og á Egilsstöðum hins vegar, og þaðan verður farið í búðirnar. Varað er við því á vefnum að við komuna til landsins kunni lögregla að vilja taka af gestum búnað sem nota má í borða, hjólalása og klifurbúnað. Þeim er ráðlagt að segja að búnaðurinn sé ætlaður til annars en mótmælaaðgerða.

Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum, segir að lögreglan þar aðhafist ekkert fyrr en ljóst sé hvar mótmælin verða haldin. „Við vitum ekki einu sinni hvort þetta verður hér á Austurlandi.“

Sigríður Björk Guðjónsdóttir aðstoðarríkislögreglustjóri segir að líklega verði gripið til sams konar aðgerða og jafnan þegar mótmæli eru annars vegar, verði þess þörf. Hún vill hvorki gefa upp hvort Ríkislögreglustjóri viti hvar búðirnar verði né tjá sig frekar um málið.

stigur@frettabladid.is



**HÝR Á HJÓLHESTI** Franskir umhverfisverndarsinnar hjóluðu strípaðir um stræti Parísar í blíðunni í gærdag þrátt fyrir bann lögreglunnar. Hjólreiðamennirnir vildu með uppátækinu mótmæla stöðugum ágangi bíla og útblæstri þeirra. Ekki síst sendi fólkið fúlum bílstjórum tóninn fyrir að sýna sér ekki tilhlýðilega virðingu dags daglega. NORDICPHOTOS/AFP



**GRILLAÐ Í GÓÐVIÐRINU** Lamb, kartöflur og piparsósa Ollu. Lögreglan á Selfossi grillar sumar sem vetur, en á veturna heldur hún sig aðeins nær bílskúrshurðinni, segir Olla. MYND/LÖGREGLAN

Einmunablíða á Selfossi:

## Lögreglan með lamb á grillinu

**SELFOSS „Það er alveg meiriháttar veður og heiðskír himinn,“ sagði Olla hjá lögreglunni á Selfossi í gærkvöldi þegar Fréttablaðið náði af henni tali.**

**Varðstjórinn hafði því skellt lambi á grillið, enda ekki hverjum sem er treystandi fyrir því ábyrgðarhlutverki. Olla taldi þó líklegt að hún fengi að sjá um sósuna. „Það hefur verið 19 til 20 stiga hiti hér í dag og það verður ekki mikið betra en þetta,“ sagði hún.**

**Rólegt var á Selfossi í gær og Olla segir Selfyssinga sérstaklega löghlýðna á sólríkum dögum. Þá keyri þeir hægar og njóti útsýnisins. „Þeir flýta sér aðeins meira þegar þungskýjað er.“ - kóþ**

Rúmlega 40 prósent Reykvíkinga fara nær aldrei í verslanir í miðborginni:

# Áhyggjuefni fyrir borgarbúa

**VERSLUN** Rúmur fimmtungur Reykvíkinga, eða 20,9 prósent, fer aldrei í verslun í miðborg Reykjavíkur. 22,7 prósent versla sjaldnar en einu sinni í mánuði og samanlagt fara því 43,6 prósent höfuðborgarbúa nær aldrei verslun í miðborg Reykjavíkur.

Þessar upplýsingar eru úr könnun Capacent Gallup sem kynnt verður á Miðborgarþingi Reykjavíkurborgar í Tjarnarsal Ráðhússins kl. 8 á morgun. Á málþinginu verður sjónum beint að mikilvægi verslunar og þjónustu fyrir miðborg Reykjavíkur og spurt: „Hvernig eflum við verslun og þjónustu í miðborg Reykjavíkur?“

„Þetta er áhyggjuefni fyrir borgarbúa alla að einungis hluti Reykvíkinga sæki í miðbæinn til að versla,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson.

Júlíus er formaður nýrra samtaka sem heita Miðborg Reykjavíkur og var stofnfundur haldinn í gær.

„Í samtökunum sitja fjórir rekstraraðilar og þrír frá borgarráði. Þau eru stofnuð til að tryggja góða samvinnu því miklar breytingar eru fyrirhugaðar í borginni á næstu árum. Við erum viss um að við náum að kynna miðborgina sem skemmtilegan vettvang til verslunar.“ - pal


TILBOÐSDAGAR TIL 15. júní

MORA CERA



Fullt verð: 13.369 kr.

Tilboðsverð: 8.950 kr.

TENGI

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 tengi.is

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

Pioneer ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN



4x50W Mosfet magnari · Útvarp D4Q · 24 stöðva minni FM/MW/LW

3 banda tónjafnari · CD/MP3/WMA · EEQ forstilltur tónjafnari

DEH-2900MP 19.900.- FRÍ ÍSETNING

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

Veistu hvert þú átt að leita?



island.is

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu

Himinn og haf / SÍA

## SPURNING DAGSINS



*Magnús, réðuð þið ekki við eina Kerlingu?*

„Jú, enda erum við karlar í krapinu.“

Gönguhópnum Fimm tindar, sem gekk á fjöll til styrktar Sjónarhóli, reyndist þrautinni þyngra að klifra upp Kerlingu og Snæfell. Magnús Björnsson er í Fimm tinda hópnum.

Utanríkisráðuneytið biður Reykjavíkurborg að útvega Kínverjum nýja lóð:

# Reisa sendiráð í kínverskum stíl

**SKIPULAGSMÁL** Kínverjar vilja fá lóð undir nýja sendiráðsbyggingu og sendiherrbústað í Reykjavík.

Utanríkisráðuneytið hefur orðið við beiðni Kínverja um aðstoð í málinu og styður þá í því að fá lóð fyrir byggingaráform sín. „Fulltrúar sendiráðsins hafa munnlega lagt fram þá ósk að hugsanleg lóð verði eins miðsvæðis og mögulegt er og að hún verði hönnuð í kínverskum stíl en í samráði við íslenska hönnuði,“ segir í bréfi utanríkisráðuneytisins til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra sem hefur beðið skipulagssvið Reykjavíkur um að skoða málið.



HU JINTAO



VILHJÁLMUR Þ. VIHJÁLMSSON

„Ástæða þessarar óskar mun vera sú að núverandi sendiráð er orðið alltof lítið fyrir starfsemina og erfitt um vik hvað umferð snertir,“ segir utanríkisráðuneytið sem kveður Kínverja leggja mikla áherslu á að sendiráðið og bústaður sendiherrans verði í sömu byggingu, gagnstætt því sem er í dag.

Í vinsamlegu bréfi Kínverja til utanríkisráðuneytisins kemur fram að það yrði afar vel metið ef ráðuneytið legði fram aðstoð sína í lóðamálinu.

Auk þess sem lóðin þurfi að vera 4.000 til 5.000 fermetrar og vel staðsett gagnvart miðbænum skipti öryggisþátturinn miklu máli. Þannig þurfi lóðin að vera langt frá bensínstöðvum og háhýsum.

Biður utanríkisráðuneytið borgaryfirvöld að taka umleitan sendiráðs Kína vel og að reynt verði „eins fljótt og auðið“ er að útvega hentuga lóð. **- gar**

Lögreglan á Suðurnesjum:

## Ellefu ökumenn stöðvaðir

**SUÐURNES Ellefu ökumenn voru stöðvaðir við hraðakstur á Suðurnesjum í gær. Sá sem hraðast fór var á 138 kílómetra hraða á Reykjanesbraut, þar sem leyfilegt er að aka á níutíu kílómetra hraða á klukkustund. Á Reykjanesbraut var einnig stöðvaður maður grunaður um ölvunarakstur í fyrrinótt.**

**Aftanákeyrsla varð við Njarðarbraut í gær. Þrír bílar skemmdust og voru tveir dregnir í burtu með sprunginn vatnskassa.**

**Fólkið var ekki talið alvarlega slasað.** **- kóþ**

Nauðgunartilraun í rannsókn:

## Engar ábendingar vegna árásar

**LÖGREGLUMÁL Engar ábendingar hafa borist lögreglu vegna nauðgunartilraunar sem átti sér stað í Traðarkotssundi á laugardagsmorgun. Nokkur eldri mál þar sem ráðist var á konur á víðavangi eru einnig óupplýst. Stúlkan sem ráðist var á í Traðarkotssundi komst undan með harðfylgi. Árásarmaðurinn er 185-190 cm á hæð, með stutt mjög dökkt hár og skeggbrodda. Hann var klæddur í rauða peysu eða jakka og svartar buxur.**

**Enn er í rannsókn hjá lögreglu tilraun til nauðgunar á Vesturgötu í febrúar. Þá eru tvær nauðganir frá því í október í fyrra óupplýstar, í annað skiptið var ráðist á konu og henni nauðgað bak við Þjóðleikhúsið en hin nauðgunin átti sér stað bak við Menntaskólann í Reykjavík.** **-þo**

Forsætisráðherra Belgíu:

## Baðst lausnar fyrir stjórn sína

**BRUSSEL, AP** Forsætisráðherra Belgíu, Guy Verhofstadt, baðst lausnar fyrir ríkisstjórn sína í gær eftir að stjórnarflokkarnir biðu afhroð í þingkosningunum á sunnudaginn.



GUY VERHOFSTADT

Kristilegi demókrataflokkurinn, sem hefur verið burðarflokkur stjórnarandstöðunnar síðustu átta árin, vann mikinn kosningasigur. Leiðtogi hans, Yves Leterme, mun nú reyna að mynda starfhæfan meirihluta.

Leterme hefur lýst yfir vilja til að auka sjálfstæði Flæmingjalands þar sem hollenskumælandi Belgar búa og Vallóníu þar sem frönskumælandi Belgar búa. **- sdg**

# Neyðarlínan dæmd til að greiða 500.000

**Kærunefnd útboðsmála hefur úrskurðað Neyðarlínuna til þess að greiða franska fyrirtækinu EADS 500 þúsund krónur. Neyðarlínan er skaðabótaskyld fyrir brot á lögum við kaup á Tetra-fjarskiptabúnaði. Vonbrigði, segir forstjóri Neyðarlínunnar.**

**ÚTBOÐSMÁL** Neyðarlínan hefur verið úrskurðuð til þess að greiða franska stórfyrirtækinu EADS 500 þúsund krónur í málskostnað fyrir að brjóta gegn ákvæðum laga um opinber innkaup við kaup á Tetra-fjarskiptabúnaði. EADS er eitt stærsta tækni- og iðnaðarfyrirtæki í Evrópu og sérhæfir sig í ýmsum öryggis- og varnarbúnaði.

Í úrskurðinum kemur einnig fram að Neyðarlínan sé skaðabótaskyld gagnvart EADS „vegna kostnaðar kæranda við að undirbúa tilboð“.

Forvinna vegna útboðs fór fram þar sem leitað var til EADS, sem sýndi því áhuga að koma að verkefninu, en Neyðarlínan samdi að lokum við Motorola án formlegs útboðs. Neyðarlínan átti búnað frá báðum fyrirtækjum en samdi við Motorola þar sem talið var að þannig myndu fjármunir nýtast best, þar sem um uppfærslu á



NEYÐARLÍNAN Kærunefnd útboðsmála hefur komist að því að Neyðarlínan sé skaðabótaskyld gagnvart EADS fyrir að brjóta gegn lögum um opinber útboð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÞÓRHALLUR ÓLAFSSON Segir niðurstöðu Kærunefndarinnar vera vonbrigði.

kerfinu væri að ræða.

Tetra-fjarskiptakerfið er lokað samskiptakerfi lögreglu, slökkviliðs og annarra sem koma að öryggis- og hjálparstarfi hér á landi.

Samkvæmt úrskurðinum er Neyðarlínunni gert að greiða EADS allan kostnað við að undirbúa tilboð og taka þátt í kaupum Neyðarlínunnar á Tetra-fjarskiptabúnaðinum.

Þórhallur Ólafsson, forstjóri Neyðarlínunnar, segir niðurstöðu nefndarinnar vera vonbrigði og reiknar með því að málið verði skoðað frekar á næstunni.

Björn Líndal lögmaður, sem rak málið fyrir hönd EADS, segir umbjóðanda sinn ekki eiga gott með að eiga frekara samstarf við Neyðarlínuna. „Vegna málatilbúnaðar Neyðarlínunnar kann ekki að vera að EADS vilji láta á þetta reyna fyrir dómstólum og þá er um að ræða bótakröfu sem nemur tugum ef ekki hundruðum milljóna króna.“ **magnush@frettabladid.is**

### UM NEYÐARLÍNUNA

- Eigendur eru ríkið með 52,6 prósent, Securitas 2,1, Reykjavíkurborg 10,5, Landsvirkjun 7,9 og Orkuveita Reykjavíkur 7,9.
- Stjórnarmenn eru Þórhallur Arason úr fjármálaráðuneytinu formaður, Guðmundur Arason frá Securitas varaformaður, Kristbjörg Stephensen frá Reykjavíkurborg, Stefán Eiríksson frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, og Jón Birgir Jónsson frá samgönguráðuneytinu.



SPRÆKUR SEXBURI Foreldrarnir skelltu sér í gervifrjóvgun og tókst hún með afburðum vel. NORDICPHOTOS/AP

Barnalán í Bandaríkjunum:

## Sexburar með keisaraskurði

**ARIZONA, AP** Þrír bræður og þrjár systur fæddust á einu bretti í Arizona í gær. Móðirin, hin 32 ára Jenny Masche hafði reynt í áraraðir að geta barn með manni sínum Bryan. Hjónin fóru því í gervifrjóvgun. Þau urðu skelfingu lostin þegar þeim var tjáð hversu vel hefði til tekist, en eru nú afar ánægð með útkomuna.

„Við höfum enn ekki gert upp við okkur hvort við eigum að mála herbergið bleikt og blátt, eða annað hvort, eða hvað,“ sagði ringlaður faðirinn í gær.

Börnin fæddust fyrir tímann, á 31. viku. Öll nema eitt vógu minna en 1,4 kíló en heilsast vel.

Líkurnar á sexburafæðingu eru afar litlar, en aukast til muna við gervifrjóvgun. **- kóþ**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Málið í Hnífsdal í rannsókn**

Lögreglan á Vestfjörðum vísar á bug fréttum um að maðurinn sem situr í gæsluvarðhaldi vegna atburðarins í Hnífsdal síðasta föstudag, verði að öllum líkindum ákærður fyrir tilraun til manndráps. Málið sé enn í rannsókn.


BÍLL DAGSINS

SUZUKI GRAND VITARA

Nýskr. 02.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 56 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Tveir bifhjólamenn sinntu ekki stöðvunarmerkjum lögreglu og lentu í slysi:

# Haldið sofandi eftir ofsaakstur

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri liggur alvarlega slasaður á gjörgæsludeild Landspítalans eftir bifhjólaslys á sunnudagskvöld. Maðurinn hafði ásamt öðrum bifhjólamanni ekið á ofsahraða margra kílómetra leið og sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglunnar.

Lögreglan á Selfossi hafði samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu skömmu eftir miðnætti og tilkynnti að tvö bifhjól hefðu mælst á 178 kílómetra hraða á Hellisheiði.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu reyndi að stöðva för mannanna við Rauðavatn en þeir sinntu ekki stöðvunarmerkjum og héldu inn á Breiðholtsbrautina á um 180 kílómetra hraða.

Í grennd við hesthúsabyggðina í Víðidal ók annar mannanna aftan á bíl með þeim afleiðingum að bæði hjólin skullu í götuna.

Annar maðurinn slasaðist lítið en hinn hálsbrotnaði og liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild. Að sögn vakthafandi læknis er honum haldið sofandi í öndunarvél.

Ólafur H. Knútsson varðstjóri í umferðardeild lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu segir alltof



VIRÐA EKKI LÖGREGLUNA Lögregla segir að það færist í aukana að bifhjólamenn sinni ekki stöðvunarmerkjum lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

algengt að bifhjólamenn sinni ekki stöðvunarmerkjum lögreglunnar.

„Við verðum varir við þetta í auknum mæli núna,“ segir Ólafur og hafnar því alfarið að eftirför lögreglu kunni að auki hættu. „Það er aldrei hægt að kenna eftirliti lögreglunnar um slys af þessu tagi því við getum aldrei tekið ábyrgðina af ökumanninum sem ákveður að sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglu,“ segir Ólafur. **- þo**


frumkvæði
kraftur
öryggi
VIÐ TÖLUM
UMBÚÐALAUST
UM TRYGGINGAR
Þegar kemur að tryggingum vitum við að innihaldið skiptir öllu máli. Hjá Verði snýst allt um að tryggja viðskiptavinum faglega ráðgjöf og trausta úrlausn.
Minni ímynd,
meiri trygging
vörður
GOTT FÓLK
Vörður er í eigu Byrs-sparisjóðs, Landsbankans og SP-Fjármögnunar.
Vörður tryggingar hf. | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | sími 514 1000 | www.vordur.is
BYR SPARISJÓÐUR
Landsbankinn
SP-FJÁRMÖGNUN

## GENGIÐ 11.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,86 | 64,16 |
| Sterlingspund | 125,56 | 126,18 |
| Evra | 85,17 | 85,65 |
| Dönsk króna | 11,438 | 11,504 |
| Norsk króna | 10,489 | 10,551 |
| Sænsk króna | 9,118 | 9,172 |
| Japanskt jen | 0,5244 | 0,5274 |
| SDR | 96,23 | 96,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

116,0283

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Friðað hús á Laugavegi 74 rýmir fyrir stærri byggingu og flyst á Nýlendugötuna:

# Yfirgefur Laugaveg á miðnætti

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er dálítið reikningsdæmi," segir Helgi Ólafsson sem í kvöld stjórnar brottflutningi á ríflega 100 ára gömlu húsi af Laugavegi 74.

Helgi, sem áður hefur annast flutning á húsum, reiknar með að flutningurinn á húsinu gangi vel. Grindin í því sé í þokkalegu standi.

„En ég er búinn að rífa niður hálfan Laugaveginn út af þessu. Það hafa fokið átta aspir og allir ljósastaurar á leiðinni," útskýrir Helgi sem segir staurana strax verða setta á sinn stað að verkinu loknu en að öspunum hafi verið fargað.



**LAUGAVEGUR 74** Hefur lokið hlutverki sínu á Laugavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áætlað er að lyfta húsinu á flutningabíl á miðnætti í kvöld. Síðan verður ekið með það niður Barónsstíg og vestur Skúlagötu og sem leið liggur út á Granda. Helgi segir ferðalagið í mesta lagi munu taka tvo klukkutíma eftir að húsið sé komið upp á bílinn.

Eigendur Laugavegs 74 eru Arnór Heiðar Arnórsson og Emil Emilsson. Þeir hafa fengið samþykkt að byggt verði 1.144 fermetra hús á lóðinni með íbúð og verslunum í stað gamla hússins sem er miklu minna, eða aðeins 363 fermetrar.

Sigurður Örlygsson listmálari og Ingibjörg Einarsdóttir kona hans hafa eignast friðaða húsið og ætla því framtíðarstað á Nýlendugötu. En fyrst um sinn verður húsið geymt úti á Granda. - gar

Flutningafyrirræki innan SVÞ:

# Kynningarátak á vegum úti

**SAMGÖNGUMÁL Aðildarfyrirtæki og samtök flutningasviðs Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) hleyptu af stað átaki í gær undir yfirskriftinni „Við erum á ferð fyrir þig". Átakinu er ætlað að vekja athygli á umferðaröryggi og minna vegfarendur á hlutverk flutningafyrirtækja.**

**Kristján L. Möller samgönguráðherra hóf átakið í gær með því að afhjúpa merkingar á fyrsta bílnum.**

**Eitt hundrað flutningavagnar munu skarta áberandi skilaboðum með slagorði átaksins.**

- shá

Slys í Lundarreykjadal:

# Kona fannst látin í sundlaug

**SLYS** Kona á níræðisaldri fannst látin í sundlaug við bæinn Þverfell í Lundarreykjadal síðdegis á sunnudag.

Á Þverfelli er tvíbýli og var það heimilisfólkið á hinum bænum sem kom að konunni látinni en hún hafði látið vita að hún ætlaði í laugina nokkru áður.

Lífgunartilraunir hófust strax og var þeim haldið áfram eftir að lögregla og læknir komu á staðinn. Þær báru ekki árangur og var konan úrskurðuð látin.

Sundlaugin við bæinn er lítil heimasundlaug, litlu stærri en heitur pottur. Lögreglan í Borgarnesi rannsakar slysið. - þo

Steingrímur J. Sigfússon:

# Samþykkir ekki töf á frjálsri för

**STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, skilur illa rök ríkisstjórnarinnar fyrir því að meina Búlgörum og Rúmönum frjálsan aðgang að íslenskum vinnumarkaði.**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

**Ríkisstjórnin ætlar að nýta sér aðlögunarfrest og meina þessum nýju aðildarþjóðum EES svæðisins frjálsan aðgang fram til 1. janúar 2009.**

**Í séráliti í utanríkismálanefnd um málið spyr Steingrímur hvers vegna þessum heimildum sé nú beitt gagnvart samtals 30 milljón manns þegar óhætt þótti á síðasta ári að beita ekki slíkum heimildum gagnvart hálfum milljarði manna.**

**Steingrímur ætlar að sitja hjá við afgreiðslu málsins á þingi.** - bþs

# Segir rektor Bifrastar vanvirða starfsfólkið

**Ágúst Einarsson, rektor á Bifröst, vill ekki útskýra orð sín um alvarlega fjárhagsstöðu skólans við starfslok fyrri stjórnenda. Fyrrverandi rektor, Runólfur Ágústsson, segir orð eftirmannsins vera ósmekklega vanvirðu.**

**SKÓLAR** „Ágúst Einarsson ætti sem nýr rektor að huga að áframhaldandi vexti og uppbyggingu á Bifröst í stað þess að níða skóinn af forverum sínum," segir Runólfur Ágústsson, forveri Ágústs á rektorsstóli Háskólans á Bifröst.

Þetta segir Runólfur í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær vegna ummæla Ágústs við útskriftarhátíð á Bifröst um helgina. Þar sagði Ágúst að fyrrverandi stjórnendur skólans hefðu skilið eftir sig mjög alvarlega fjárhagsstöðu. Tekist hafi að snúa stöðunni og að nú sé skólinn rekinn með hagnaði.

Í samtali við Fréttablaðið segist Ágúst ekki vilja skýra þessi orð sín nánar. „Ég sagði þetta bara þarna og ég ætla ekki að segja neitt meira um þetta. Ég sagði í minni skólaslitaræðu það sem ég vildi sagt hafa um þetta," segir Ágúst.

Guðjón Rúnarsson, formaður stjórnar Bifrastar, segir ársskýrslur skólans undanfarin ár sýna að útgjöldin hafi aukist verulega síðustu misseri. Guðjón segir að áður hafi reikningsárið fyrir skólann fylgt skólaárinu. Því hafi verið breytt í fyrra og nú sé almanaksárinu fylgt. Meðan breytingin hafi gengið yfir hafi eitt reikningstímabilið verið sautján mánuðir með endalok 31. desember 2006. Það tímabil hafi rekstrarhallinn á Bifröst verið 195 milljónir króna. Skólaárið 2004 til 2005 hafa hins vegar verið 3 milljón króna rekstrarafgangur en 17 milljón króna halli tímabilið þar á undan.



**BIFRÖST** Fyrrum stjórnendur skólans skildu eftir sig alvarlega fjárhagsstöðu segir núverandi rektor.



**ÁGÚST EINARSSON** Núverandi rektor.



**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON** Fyrrverandi rektor.

Runólfur Ágústsson segir skýringu hallans fyrst og fremst felast í uppbyggingu á meistaranámi á Bifröst sem skila muni skólanum vexti og arði á komandi árum.

„Sterk staða Bifrastar byggir fyrst og fremst á óeigingjarnri og þrotlausri vinnu starfsfólks og stjórnenda háskólans á mörgum umliðnum árum, frekar en störfum nýs rektors síðustu fimm mánuði og eins og Ágúst Einarsson virðist halda fram. Allt þetta góða fólk og störf þess er hann að vanvirða með ósmekklegum ummælum sínum," segir Runólfur sem í dag stýrir uppbyggingu á alþjóðlegu háskólastarfi á vegum Keilis í Keflavík. Það telur hann kunna að vera ástæðu ummæla Ágústs:

„Þar ganga hlutir hratt og vel fyrir sig og allt stefnir í að háskólakampus á stærð við Bifröst hefji starfsemi strax næsta haust," segir Runólfur og spyr hvort rektor Bifrastar óttist heilbrigða samkeppni. „Mér þykir sem viðhorf núverandi rektors til fyrrverandi stjórnenda og starfsfólks á Bifröst sé hvorki stórmannlegt, framsýnt né sanngjarnt," segir rektorinn fyrrverandi. gar@frettabladid.is



**MESTU MÁTAR** Vel fór á með George W. Bush Bandaríkjaforseta og Georgi Parvanov forseta Búlgaríu á sameiginlegum blaðamannafundi í Búlgaríu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Bush treystir tengsl í Evrópu:

# Búlgaría traustur bandamaður

**BÚLGARÍA, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði Búlgaríu traustan bandamann í Írak og Afganistan þegar hann var staddur í Búlgaríu í gær í lok átta daga ferðar sinnar um Evrópu.

Búlgarska þingið framlengdi nýlega veru búlgarskra hermanna í Írak fram til mars á næsta ári og í fyrra gerði Búlgaría samkomulag við Bandaríkin um að Bandaríkjaher megi nota búlgarska hernaðaraðstöðu.

Bush fundaði meðal annars með forseta Búlgaríu, Georgi Parvanov, sem sagði heimsókn Bush sönnun þess að samband ríkjanna gæti ekki verið betra. - sdg

## SKÓLAMÁL

### Vilja lýðháskóla í Dýrafirði

Ungmennafélag Íslands vill stofna lýðháskóla með umhverfissviði að Núpi í Dýrafirði. Yrði skólinn þá starfræktur í samstarfi við lýðháskóla í Danmörku. Tillagan hefur verið lögð fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HÁLFSKÝJAÐ EÐA LÉTTSKÝJAÐ**

Rólegheitaveður er í kortum dagsins og næstu daga. Svo er að sjá að nokkuð bjart verði víða til landsins í dag, síst þó reyndar suðaustan til. Hætt er við þokulofti við sjávarsíðuna og þar sem hún gerir sig gildandi verður svalt. Á morgun andar hann svo á vestan og þá má búast við dálítilli súld vestan til á landinu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hægviðri eða hafgola. Bjart með köflum en hætt við þokulofti. Hiti 10-13 stig en svalara í þokuloftinu.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 26°C heiðskírt | London | 26°C heiðskírt | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Billund | 23°C léttskýjað | París | 24°C hálfskýjað | Mallorca | 28°C léttskýjað |
| Osló | 21°C hálfskýjað | Frankfurt | 25°C skúrir | Basel | 24°C skúrir |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 24°C skúrir | Eindoven | 24°C skúrir |
| Gautaborg | 24°C heiðskírt | Berlín | 30°C hálfskýjað | Las Palmas | 24°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Þinn stökkpallur að námi loknu
90% íbúðalán við kaup á fyrstu íbúð
Námslokalán
Áframhaldandi námsmannakjör í 1 ár
Sérkjör á bílafjármögnun
Frítt kreditkort fyrsta árið
15.000 króna inneign á VISA kreditkort
Þegar námi lýkur taka við spennandi tímar. Sparisjóðurinn býður þeim sem lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu námi, og eru að koma undir sig fótunum, þjónustu sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Farðu inn á spar.is eða komdu til okkar í næsta sparisjóð og kynntu þér kosti þjónustunnar – reiknum dæmið saman.
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

## KJÖRKASSINN




*Ætti N1 að birta eldsneytisverð á heimasíðu sinni?*

| Svar | Hlutfall |
| --- | --- |
| Já | 95,3 % |
| Nei | 4,7 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur reykingabannið gengið vel að þínu mati?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Stefnt að afgreiðslu frumvarpa og þingsályktana stjórnarliða á Alþingi á morgun:

# Þinglok hugsanleg á morgun

**ALÞINGI** Stjórnarþingmenn vonast til að sumarþingi geti lokið á morgun.

Eitt af níu þingmálum stjórnarflokkanna hefur þegar verið samþykkt en átta bíða afgreiðslu.

Frumvarp um breytingar á þingsköpum var samþykkt í síðustu viku en það kvað á um breytingar á nefndaskipulagi þingsins.

Eftir er að afgreiða frumvarp forsætisráðherra um breytingar á stjórnarráðinu, þrjú frumvörp viðskiptaráðherra sem snúa að fjármálafyrirtækjum, frumvarp utanríkisráðherra um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópska efnahagssvæðinu, frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingar á almannatryggingakerfinu, frumvarp iðnaðarráðherra um breytingar á samningi íslenska ríkisins og álversins í Straumsvík og aðgerðaráætlun félagsmálaráðherra til að styrkja stöðu barna og ungmenna.


**FRÁ ALÞINGI** Vilji stjórnarþingmanna stendur til að ljúka sumarþingi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sum málanna bíða þess að hljóta afgreiðslu í nefndum þingsins en önnur hafa þegar verið afgreidd.

Auk þessara mála liggja þrjú mál VG fyrir þinginu; viðurkenning á ríkisstjórn Palestínu, verndun Þjórsár og brottfall vatnalaga en þingið hefur þegar samþykkt að gerð verði úttekt á samningum og fyrirheitum ráðherra síðustu vikur fyrir kosningar.

Auk þessara mála þarf sumarþing að kjósa nýtt bankaráð Seðlabanka. - bþs

Embætti héraðsprests:

# Tveir vilja brauðið

**TRÚMÁL Tveir umsækjendur voru um embætti héraðsprests í Austfjarðarprófastsdæmi. Embættið, sem hefur 50 prósent starfshlutfall, var auglýst til umsóknar 4. maí síðastliðinn. Umsóknarfrestur rann út 4. júní og voru tveir umsækjendur, Guðbjörg Ólöf Björnsdóttir guðfræðingur og séra Hólmgrímur Elís Bragason.**

**Vígslubiskup mælir með umsækjanda í starfið, að fenginni umsögn héraðsnefndar sem biskup skipar. Skipað er í embættið til fimm ára í senn.** - aví

## LANDSBYGGÐIN

### Nýtt merki Hvalfjarðarsveitar

Nýtt byggðamerki Hvalfjarðarsveitar var afhjúpað við hátíðlega athöfn að Hlöðum í gær. Hönnuður merkisins er Arnar Steinþórsson, en hann bar sigur úr býtum í samkeppni um hönnun nýs merkis. Sjötíu tillögur bárust til dómnefndar en merki Arnars þótti skara fram úr.

## FRAMSÓKN

### Nýtt sveitarstjórnarráð

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, er nýr formaður sveitarstjórnarráðs Framsóknarflokksins. Elín R. Líndal úr Húnaþingi vestra er varaformaður og Eysteinn Jónsson úr Reykjanesbæ er ritari.

# Umfangsmikið hassmál var fellt niður

**Umfangsmikið fíkniefnamál, þar sem reynt var að smygla 13 kílóum af hassi og 200 grömmum af kókaíni til landsins, hefur verið fellt niður. Saksóknari telur málshöfðun ekki líklega til sakfellis yfir þeim sem grunaðir voru um þátttöku.**

**LÖGREGLUMÁL** Enginn verður sóttur til saka í stóru fíkniefnamáli sem upp kom hér á landi í haust. Samkvæmt upplýsingum Kolbrúnar Sævarsdóttur saksóknara hjá embætti ríkissaksóknara hefur málið verið fellt niður, þar sem það var ekki talið líklegt til sakfellis yfir þeim, sem yfirheyrðir voru sem sakborningar.

Þetta umfangsmikla mál kom upp í október á síðasta ári þegar fíkniefni fundust í hraðsendingu í Kaupmannahöfn, sem átti að fara til Íslands. Sendingin innihélt um 13 kíló af hassi og 200 grömm af kókaíni. Fíkniefnin voru gerð upptæk í Kaupmannahöfn, en sendingin síðan látin halda áfram hingað.

Ekki var hægt að rekja slóðina til viðtakenda hér, sendingin var aldrei afhent hér á landi og allir, sem yfirheyrðir voru neituðu sök. Sönnunargögn þóttu ekki nægileg til að ákæra í málinu sem var því fellt niður.

Sjö einstaklingar voru yfirheyrðir í þessu máli og neituðu allir sök, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Fjórir einstaklingar sættu gæsluvarðhaldi hér vegna málsins um tíma, en var síðan sleppt.

Einn þeirra sem yfirheyrður var vegna þessarar umfangsmiklu fíkniefnasendingar situr nú í fangelsi í Bremen fyrir stórfellt fíkniefnasmygl frá Danmörku til Þýskalands.

Hann var handtekinn í Bremen 21. janúar með fimm kíló af hassi og 700 grömm af örvandi efni. Hann er tæplega þrítugur að aldri og íslenskur ríkisborgari, en hefur verið búsettur í Danmörku. Hann var eftirlýstur af Interpol þegar hann var tekinn. Íslenskir lögreglumenn voru sendir utan til þess að yfirheyra hann, því grunur lék á að hann hefði tekið þátt í að pakka hasssendingunni, sem átti að fara til Íslands, í félagi við annan Íslending.

Hinn síðarnefndi neitaði staðfastlega sök við yfirheyrslur, en hann hafði gefið sig fram þegar honum var ljóst að lögreglan leitaði hans. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins lék grunur á því að starfsmaður hraðsendingafyrirtækisins hér á landi hefði átt að sjá um að kippa hasssendingunni út og koma henni í hendur þess eða þeirra sem áttu von á henni. Sá maður harðneitaði sök eins og allir hinir. jss@frettabladid.is


**HASS OG KÓKAÍN** Um 13 kíló af hassi og 200 grömm af kókaíni fundust í hraðsendingu sem átti að fara frá Kaupmannahöfn til Íslands. Danska lögreglan stöðvaði sendinguna og voru efnin gerð upptæk.



**INTERPOL** Íslendingurinn í Bremen var eftirlýstur af Interpol.

Íbúi á Akranesi undrast fullyrðingar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands:

# Segir víst ólykt frá Laugafiski

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er bara algjör pólitík,“ segir Rannveig Þórsdóttir á Akranesi sem kveðst ekki trúa því að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telji í raun og veru að lyktarmengun frá hausaþurrkun Laugafisks sé innan eðlilegra marka.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær segir heilbrigðiseftirlitið að Laugafiskur uppfylli starfsleyfi og að engar kvartanir hafi borist það sem af er þessu ári. Rannveig segir þetta ekki standast því sjálf hafi hún margoft kvartað á þessu ári eins og í fyrra.

„Ég sá í fundargerð að það voru átján kvartanir á árinu 2006 en ég hringdi örugglega fjörutíu sinnum sjálf. Við viljum hafa sama rétt til hreins lofts eins og aðrir í þessu sveitarfélagi. Við eigum fullan rétt á því á 21. öld,“ segir Rannveig sem býr skammt frá Laugafiski og er ein 603 íbúa á Akranesi sem á dögunum skrifuðu undir mótmælaskjal vegna ólyktar í bænum.


**RANNVEIG ÞÓRISDÓTTIR** Segir ólyktina frá hausþurrkun Laugafisks á Akranesi vera pólitíska. Ástandið sé óþolandi.

„Ég hef búið hérna í 25 ár og get hvorki opnað glugga né dyr nema í norðanátt.

Þegar blæs af suðsuðaustri sem er ríkjandi vindátt hér geta menn bara farið að heiman. Það er ekki hægt að vera úti í heita pottinum og ekkert annað hægt að gera úti. Þetta er bara óþolandi,“ segir Rannveig.

Að sögn Rannveigar væri hægt að flytja Laugafisk út fyrir bæinn þar sem það myndi ekki trufla íbúana. Bæjaryfirvöld óttist hins vegar að þurfa að greiða fyrirtækinu bætur verði það skikkað til þess. „En eigum við íbúarnir að þurfa að gjalda fyrir það?“ spyr hún. - gar





Reykjavíkurborg

**MIÐBORGARÞING**

**HVERNIG EFLUM VIÐ VERSLUN OG ÞJÓNUSTU Í MIÐBORGINNI?**

Opið málþing um eflingu verslunar og þjónustu í miðborg Reykjavíkur í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur miðvikudaginn 13. júní milli kl. 8.00 til 10.00.

**DAGSKRÁ**

8.00 Morgunverður í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.

**8.15 Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** borgarstjóri *Setningarávarp.*

**8.20 Júlíus Vífill Ingvarsson** borgarfulltrúi og formaður Miðborgar Reykjavíkur - *Miðborgin – hjarta höfuðborgarinnar.*

**8.40 Guðbjörg Andrea Jónsdóttir** rannsóknastjóri Capacent Gallup - *Niðurstöður viðhorfskönnunar á þróun verslunar í miðborg Reykjavíkur.*

**8.55 Jan Olav Braaten,** framkvæmdastjóri og einn eigenda ráðgjafafyrirtækisins Braaten+Pedersen. Jan Olav hefur um 20 ára reynslu af þróun og uppbyggingu verslunarmiðstöðva í Evrópu og verkefnum tengdum smásöluverslun. *Reykjavík – hluti af alþjóðlegri þróun.*

**9.15 Svava Johansen,** kaupmaður og eigandi NTC *Samstaða í miðborginni – lykilinn að velgengni*

**9.30 Samantekt og umræður**

**Fundarstjóri er Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir. Miðborgarþingið eru öllum opið og aðgangur er ókeypis.**

www.toyota.is

# **Meira** öryggi




## Fimm stjörnu öryggi

EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★
ADULT OCCUPANT PROTECTION
TOYOTA COROLLA

Corolla hlaut hæstu einkunn, fimm stjörnur,
í evrópska NCAP öryggisprófinu.
Meira rými
Hljóðlátastur í sínum flokki
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og
reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.960.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35606 01/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða landi fóru Smáþjóðaleikarnir, sem lauk á sunnudaginn, fram?*
2. *Hver var kjörinn varaformaður Framsóknarflokksins á dögunum?*
3. *Hvaða þjóð er talin hafa verið fyrri til froskaáts en Frakkar samkvæmt nýlegum fréttum?*

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á BLS. XX

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hvetur til aðhalds og aðgerða í efnahagsmálum:

# Haldið aftur af launahækkunum og hámarkslán Íbúðalánasjóðs lækkuð

**EFNAHAGSMÁL** Beita þarf aðhaldi til að draga úr eftirspurn og efla áhrifamátt ríkisfjármála og peningamála til að ná þjóðhagslegum stöðugleika.

Að þessu kemst sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem kynnti sér íslensk efnahagsmál á fundum með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífsins dagana 31. maí til 11. júní.

Í áliti sendinefndarinnar segir að nauðsynlegt sé að beita meira aðhaldi í ríkisfjármálum. Litlar ríkisskuldir endurspegli trausta stjórn ríkisfjármála en skattalækkanir fyrr á árinu hafi leitt til ótímabærrar slökunar.

Lagt er til að ríkisstjórnin dragi úr þeim hraða vexti opinberra fjárfestinga sem áformaður er, forðist að stofna til nýrra útgjaldaliða og haldi aftur af launahækkunum í komandi kjaraviðræðum.

Sendinefndin telur endurskoðun á Íbúðalánasjóði sérstaklega brýna og hvetur til þess að fyrstu skref í umbótum á honum verði að lækka án tafar hámarkslán og lánshlutföll.

Í framhaldinu skuli starfsemi hans breytt en um leið megi taka upp sértækar aðgerðir sem tryggja aðgang að fasteignafjármögnun.

Þá telur nefndin mikilvægt að bankar fylgist vel með lánareglum og veðum fyrir lánum. - bþs

Mál kennara fer aftur fyrir rétt:

# Sýndi börnum klám í skóla

**BANDARÍKIN, AP Dómari í Connecticut í Bandaríkjunum hefur veitt leyfi fyrir endurupptöku máls kennara sem sýndi nemendum sínum klámsíður á tölvu í kennslustofu sinni.**

**Kennslukonan fertuga, Julie Amero, átti yfir höfði sér allt að fjörutíu ára fangelsi. Hún var sakfelld í janúar síðastliðnum.**

**Amero neitar því að hafa sýnt tólf til þrettán ára nemendum sínum klámsíður haustið 2004. Tölvan úr skólastofunni var send í rannsókn á ný til að athuga hvort í henni væri vírus eða njósnaforrit sem hefði valdið því að klámsíðurnar birtust á skjánum. - sgj**



**FJÖLMENNI** Fjölskylda og vinir fylgdu Ástu Lovísu FRETTABLAÐIÐ/PJETUR

Útför frá Hallgrímskirkju:

## Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir jarðsungin

**FÓLK** Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir var jarðsungin frá Hallgrímskirkju í gær að viðstöddu fjölmenni.

Hún vann hug og hjörtu þjóðarinnar fyrir að fjalla á hreinskilinn hátt um baráttu sína við krabbamein. Hún fjallaði um veikindin á bloggsíðu sinni og kom einnig fram í viðtölum í sjónvarpi þar sem hún ræddi opinskátt um líf sitt. Tímaritið Ísafold valdi Ástu Lovísu Íslending ársins í desember 2006.

Ásta Lovísa lætur eftir sig þrjú ung börn og unnusta. - lbb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fleiri aka dópaðir en ölvaðir

Lögreglan á Akranesi stöðvaði í síðustu viku tvo ökumenn sem eru grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna. Þá var einn ökumaður stöðvaður grunaður um ölvun við akstur. Undanfarið hefur lögreglan á Akranesi stöðvað fleiri vegna lyfjaaksturs en ölvunaraksturs.

# Töldu sig hafa látið vita

**Kajakræðararnir sem leitað var að á sunnudag og aðfaranótt mánudags fundust heilir á húfi við Sjöundá á Rauðasandi í gærmorgun. Parið hafði sent skilaboð um breytingar á ferðaáætlun en boðin komust aldrei til skila. Fólkinu var brugðið þegar það heyrði af fjölmennri leit björgunarsveitarmanna.**

**LEIT** „Ég kom auga á þau þar sem þau voru að koma að landi við Sjöundá og voru byrjuð að tjalda,“ segir Ástþór Skúlason, björgunarsveitarmaður í björgunarsveitinni Bræðrabandinu og bóndi á Melanesi á Rauðasandi. Ástþór var sá fyrsti sem kom auga á parið en 200 björgunarsveitarmenn frá 25 björgunarsveitum höfðu leitað að fólkinu frá því á sunnudagskvöld.

Freya Hofmeister og Greg Stamer lögðu af stað í hringferð sína í kringum Ísland á kajökum frá Garðaskaga á Reykjanesi á laugardagsmorgun. Þau ætluðu að láta vita af sér þegar þau kæmu á Snæfellsnes en þegar ekkert heyrðist til þeirra varð tengiliður þeirra þar órólegur. „Ég fór að grennslast fyrir um þau á sunnudag og hafði að lokum samband við björgunarsveitir,“ segir Þorsteinn Sigurlaugsson, sjókajakleiðsögumaður hjá Seakayak Iceland.

Parið var vel útbúið, með talstöð, gervihnattasíma og neyðarsendi. Í gær kom í ljós að þau höfðu sent skilaboð um breytingar á ferðaáætlun til Þorsteins en fyrir misskilning notað rangt netfang svo boðin komust aldrei til skila.

Þegar Ástþór og félagar hans í björgunarsveitunum á Barðaströnd fundu fólkið í gær hafði það ekki hugmynd um að verið væri að leita að þeim. „Þeim var brugðið þegar þau heyrðu af öllu umstanginu enda stóðu þau í þeirri meiningu að þau hefðu látið vita af sér,“ sagði Ástþór.

Parið sagði björgunarsveitarmönnum að vegna þess hve veðrið var gott hefðu þau ákveðið að halda förinni áfram yfir Breiðafjörðinn eftir stutta hvíld á Malarrifi á Snæfellsnesi á sunnudag.

Mikill viðbúnaður var vegna leitarinnar hjá Landhelgisgæslunni. Fjöldi báta og skipa leitaði að fólkinu auk þyrlu Landhelgisgæslunnar. Þá var Fokker-flugvél gæslunnar rétt farin í loftið þegar fólkið fannst. Leitin spannaði allt svæðið á láði og legi frá Garðsskaga að Látrabjargi.

„Við hjá Landhelgisgæslunni erum til taks þegar á þarf að halda og þótt síðar kunni að koma í ljós að ekki hafi verið hætta á ferðum kvörtum við ekki,“ segir Dagmar Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar. Hún vill ekki gefa upp hvað útkallið kostaði.

„Við leggjum áherslu á að fólk veigri sér ekki við því að leita aðstoðar og það er ósanngjarnt að tala um peninga þegar björgunaraðgerðir eru annars vegar,“ segir Dagmar.

Parið fékk þau tilmæli í gær að láta vita af sér með reglulegu millibili. Til stóð að halda förinni umhverfis landið áfram í dag.

thorgunnur@frettabladid.is








**FÓLKIÐ VIÐ TJALDIÐ SITT Á SJÖUNDÁ** Það voru björgunarsveitarmenn sem fundu fólkið í gærmorgun. Fólkið sem er þaulvant kajakferðum hafði ekki hugmynd um að verið væri að leita að því. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

**ÁSTÞÓR SKÚLASON**





ÖRUGG FJÁRFESTING – TRYGGÐUR HÖFUÐSTÓLL
Sölutímabil
12.-19. júní
HÖFUÐSTÓLSTRYGGÐIR
REIKNINGAR
Höfum opnað fyrir sölu á tveimur nýjum reikningum, ICEin 0608, höfuðstólstryggðum hlutabréfareikningi og Gullin 0608, höfuðstólstryggðum reikningi.
Með því að leggja inn á reikningana sem eru opnir frá 12.-19. júní getur þú tekið þátt í að fjárfesta á íslenska hlutabréfamarkaðnum og í gulli, án fyrirhafnar og með takmarkaðri áhættu. Þú tapar aldrei höfuðstólnum sem þú leggur inn.
ICEin 0608
• Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
• Innlánið er bundið í eitt ár
• Fylgir OMXI15 vísitölunni
• Þátttaka í hækkun er 100%
• Ávöxtun allt að 20%
• Höfuðstóll er tryggður
• Upphafsgengi ákvarðast í lok dags 19. júní
• Sölutímabil er frá 12.-19. júní 2007
GULLin 0608
• Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
• Innlánið er bundið í eitt ár
• Fylgir heimsmarkaðsverði á gulli*
• Þátttaka í hækkun er 115%
• Ávöxtun er ótakmörkuð!
• Höfuðstóll er tryggður
• Upphafsgengi á verði gulls ákvarðast kl. 14.00 þann 20. júní 2007
• USD/ISK gengi er miðgengi Seðlabanka Íslands 20. júní 2007
• Sölutímabil er frá 12.-19. júní 2007
Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 8950 eða komdu við í næsta útibú.
*Fylgir gengi GOLDLNPM í USD
KAUPÞING
Hugsum lengra
ENNEMM / SÍA / NM28199





FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Danir vilja Landróver:

# Ástand bílanna skiptir engu máli

**BÍLAR** Landróverar eru vinsælir í Danmörku. Torfi Þórarinsson, bóndi í Hörgárdal, komst að því þegar hann auglýsti bíl sinn til sölu í Bændablaðinu. Kaupandinn býr í Danmörku og er í Landróverklúbbi þar. „Hann sagði að bílarnir væru ófáanlegir þarna úti og mjög eftirsóttir og spurði mig hvort ég gæti ekki reddað fleirum,“ sagði Torfi. „Ég hófst handa og er kominn með nokkra. Ekki skiptir máli í hvaða ástandi bílarnir eru því menn vilja oft gera þá upp sjálfir.“ Þeir sem vilja losna við Landróverinn sinn ættu því að hafa samband við Torfa í síma 897 7178. - pal



**LAND ROVER DEFENDER** Þessi gerð af Land Rover er einnig ófáanleg í Danmörku og er því eftirsótt.

Hátt fermetraverð í þjónustuíbúðum aldraðra gagnrýnt:

# Íbúðir sagðar vera fyrir fáa útvalda

**HÚSNÆÐISMÁL** „Þetta vekur ýmsar spurningar,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi. „Það er greinilegt að það eru bara útvaldir sem hafa efni á þessum íbúðum. Það er alveg ljóst. Þetta er með hæsta fermetraverði á nýbyggingum sem maður hefur heyrt um,“ segir Dagur.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem eru í byggingu við Suðurlandsbraut kosta allt að 500 þúsund krónur fermetrinn. Dýrasta íbúðin kostar tæplega 68 milljónir en sú ódýrasta rúmlega 31 milljón. Sambærilegar íbúðir sem Samtök aldraðra afhentu fyrr á árinu kostuðu 21 milljón að meðaltali.

Haraldur Líndal Haraldsson, framkvæmdastjóri Nýsis þróunarfélags, sem á sjálfseignarfélagið Mörkina sagði að það væru ýmsar ástæður fyrir þessu háa verði. Félagið hafi þurft að greiða borginni 300 milljónir fyrir lóðina, lagt hafi verið af stað með dýra byggingu og ýmislegt hafi farið úrskeiðis. Því skili framkvæmdin ekki afgangi.

Ekki er um hefðbundin íbúðakaup að ræða heldur greiðir fólk andvirði íbúðarinnar og öðlast með því búseturétt í íbúðinni til dauðadags. Þótt fólk eigi ekki íbúðina þarf það að greiða fasteignagjöld og tryggingjaiðgjöld.

„Þetta er óvenju hátt verð fyrir svona þjónustuíbúðir og með söluskilmálum sem ég hef ekki heyrt um áður,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir formaður Félags fasteignasala.

Kristbjörg Stephensen, lögfræðingur hjá Reykjavíkurborg, segir að þetta sé að sjálfsögðu ekki það sem lagt var upp með. Á sínum tíma hafi sjálfseignarstofnunin Markarholt fengið lóðina til að byggja þjónustuíbúðir. Félaginu hafi síðan verið breytt í einkahlutafélag og selt Nýsi án vitundar stjórnenda borgarinnar. Málinu lauk síðan með því að Nýsir greiddi borginni 300 milljónir króna fyrir lóðina. -avi



**MARKARREITUR** 78 þjónustuíbúðir fyrir aldraða verða tilbúnar til afhendingar í byrjun árs 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Mercedes-Benz ML-Class 280 CDI, verð: 6.370.000 kr. með Íslandspakka*

Þú getur verið viss um gæðin

Mercedes-Benz ML-Class er jeppi sem slær samkeppnisaðilunum við hvað varðar gæði, glæsileika og öryggi. Í boði eru þrjár bensínvélar og þrjár dísilvélar. Sú nýjasta, V8 420 CDI dísilvélin, er sannkallað tækniundur sem skilar 306 hestöflum. Hröðun frá 0 og upp í 100 km er aðeins 6,5 sekúndur og togið er ótrúlegt, 700 Nm. Þrátt fyrir þetta er meðaleyðsla bílsins aðeins 11,1 lítrar á hverja 100 km.

ASKJA er eini viðurkenndi umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

*Hiti í framsætum, dökkar filmur í rúðum og aftengjanlegt dráttarbeisli.

Elstu tvíburar heims 105 ára:

## Kenndi leikfimi til 93 ára aldurs

**KANADA** Elstu tvíburar veraldar, Ellen Robertsson og Sarah Jeanmougin, urðu 105 ára í vikunni sem leið. Sonur Robertsson sagði í útvarpsviðtali að móðir hans hefði kennt leikfimi þar til hún var 93 ára. „Fólk fór yfirleitt úr tímunum eftir hálftíma af því að það hélt ekki í við hana.“

Robertsson býr á hjúkrunarheimili í Winnipeg í Kanada en systir hennar í Bandaríkjunum. Robertsson hitti blaðamenn á föstudag, og þakkaði langlífi sitt heilsurækt, reykleysi og jákvæðu lífsviðhorfi. „Ég er heppin að vera tvíburi. Hversu margir fá að vera tvíburar? Ekki margir.“ - sh

Ný skýrsla Amnesty International um ástand mála í Palestínu:

# Alþjóðasamfélagið hjálpi til

**PALESTÍNA** „Alþjóðasamfélagið hefur brugðist skyldum sínum við að takast á við vandann í samskiptum Ísrael og Palestínu síðustu 40 ár. Það má ekki bíða í 40 ár í viðbót,“ segir Malcolm Smart, einn framkvæmdastjóra mannréttindasamtakanna Amnesty International.

Í nýrri skýrslu Amnesty er ástandinu á herteknum svæðum Palestínu lýst sem „skelfilegu“. Ísraelar eru sagðir sekir um „gróf brot á alþjóðalögum“ og „víðtæk mannréttindabrot sem framin eru í skjóli hernámsins“. Einnig segir að brotin kyndi undir „gremju og örvæntingu meðal palestínsku þjóðarinnar sem er að miklu leyti skipuð ungu fólki, sem gerist sífellt róttækara“.

Hindranir og hömlur Ísraelsmanna, til dæmis á ferðafrelsi Palestínumanna, hafi valdið hruni palestínska hagkerfisins. - kóþ

**AMNESTY SKORAR Á ÍSRAELSK STJÓRNVÖLD:**

- Að aflétta hindrunum og tálmum á herteknu svæðunum.
- Stöðva byggingu hins 700 kílómetra langa múrs milli svæðanna.
- Stöðva byggingu ísraelskra landnemabyggða.
- Ógilda fyrirskipanir um niðurrif palestínskra heimila á herteknu svæðunum.



**GRÁTUR Á GAZA-STRÖNDINNI** Í skýrslu Amnesty er farið hörðum orðum um ástandið í Palestínu og alþjóðasamfélagið hvatt til að takast á við vandann. NORDICPHOTOS/AP

Víkingahátíð á Sauðárkróki:

## Hundrað víkingar á leiðinni

**FÓLK Víkingahátíð verður haldin á Sauðárkróki 13. til 14. júní. Hún var haldin í fyrsta sinn í fyrra og tókst mjög vel að sögn Jóns Dan veitingamanns sem stendur fyrir hátíðinni. Um 120 víkingar víðs vegar að úr Evrópu hafa boðað komu sína í ár. Jón Dan segir í blaðinu Feyki að hátíðin byggi á fornum hefðum. Handverksfólk komi með sínar vörur og setji upp markað. Bardagamenn ætli að sýna listir sínar og fleiri skemmtikraftar verði á svæðinu.**

**Hátíðin verður haldin á Flæðunum við sundlaugina og verður svæðið opið frá kl. 16-21 báða dagana.** - pal



**Á FERÐINNI** Kristján Möller skoðar tækjaskáp Póst- og fjarskiptastofnunar. Með honum er Hrafnkell V. Gíslason forstjóri, Róbert Marshall aðstoðarmaður og Ragnheiður Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri.

Víðförull samgönguráðherra:

## Kynnir sér starf undirstofnana

**SAMGÖNGUMÁL** Kristján L. Möller samgönguráðherra kynnti sér í gær starf Póst- og fjarskiptastofnunar en ráðherrann hefur undanfarna daga heimsótt stofnanir samgönguráðuneytisins. Ráðherra sagði brýnt að ljúka sem fyrst verkefnum fjarskiptaáætlunar, að koma upp háhraðatengingum sem víðast á landinu og þétta farsímanetið.

Samgönguráðherra heimsótti einnig nýverið Siglingastofnun Íslands þar sem hann skoðaði líkanstöð stofnunarinnar þar sem fram fara jafnan tilraunir vegna hafnargerðar og sjóvarna. - shá



**HÁTÍÐARHÖLD ASERA** Á þjóðhátíðarfagnaði Asera var sýnd mynd um Aserbaídsjan og boðið upp á veitingar að hætti Asera. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

Þjóðhátíð Asera:

## Haldin hátíðleg á Akureyri

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Þjóðhátíðardagur Aserbaídsjan var nýlega haldinn hátíðlegur norður á Akureyri með pompi og prakt. Það var Zakir Jón Gasanov, formaður vináttufélags Íslands og Aserbaídsjan, sem stóð fyrir hátíðinni en hann er einmitt ættaður frá Aserbaídsjan.

Zakir Jón ávarpaði gesti, sýndi mynd um Aserbaídsjan, sögu landsins og menningu, og ræddi við gestina. Á eftir var boðið upp á veitingar að hætti Asera. - ghs

**HEIÐMERKURKÆRA**

### Reykjavíkurborg sendir gögn

Starfsmenn Reykjavíkurborgar hyggjast senda lögreglu gögn vegna kæru Skógræktarfélagsins á hendur Kópavogsbæ innan skamms. Greint var frá því í Fréttablaðinu fyrr í mánuðinum að rannsókn málsins hefði tafist vegna lélegra skila borgarinnar.





**NÝBYGGING NEW YORK TIMES** Nýjar höfuðstöðvar dagblaðsins The New York Times við áttundu breiðgötu í New York, skammt frá Times-torgi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fornleifauppgröftur í Reykholti hófst á ný í síðustu viku:

# Þrjár fornar grafir fundust

**RANNSÓKNIR** Þrjár grafir fundust við fornleifarannsóknir í Reykholti í Borgarfirði í vikunni. Fornleifafræðingar grófu niður á kistur með heillegum beinagrindum í gamla kirkjuskipinu þar. Guðrún Sveinbjarnardóttir fornleifafræðingur segir að grafirnar séu misgamlar og eldri en frá ofanverðri átjándu öld. Ólíklegt sé þó að nokkur þeirra sé meira en fimm hundruð ára gömul. „Í fyrstu var talið að þrír klerkar væru í kistunum því þarna hefur verið um heldra fólk að ræða," segir Guðrún. „Nú er hins vegar talið að kona sé ein þessara þriggja því sú beinagrind ber lítinn gullhring og er líklega með silkiklút um hálsinn. Einnig fundust vefnaðarklæði með munstri í einni kistunni, þó ekki þeirri sem konan hvílir í."

Beinin og kisturnar eru ná á Þjóðminjasafninu þar sem forvörður rannsakar minjarnar. Viðurinn í kistunum er vandaður og eru skildir á tveimur þeirra. Vonast er eftir því að hægt verði að komast að því hverjir voru í þeim kistum því væntanlega eru nöfn þeirra letruð á skildina.

Fornleifafræðingar eiga allt eins von á því að þeir finni fleiri grafir því þeir séu ekki komnir niður á botn í kirkjustæðinu. - pal



**GRAFIRNAR Í REYKHOLTI** Hér sjást skildirnir og eftir hreinsun verður vonandi hægt að lesa hvað á þeim stendur. MYND / GUÐRÚN SVEINBJARNARDÓTTIR

Talsmaður neytenda:

## Ráðherra í heimsókn

**NEYTENDAMÁL Viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, heimsótti talsmann neytenda, Gísla Tryggvason, fyrir helgina. Voru ýmis mál kynnt fyrir viðskiptaráðherra, sem jafnframt er ráðherra neytendamála.**

**Upplýst var um svokallað leiðakerfi neytenda sem verið er að vinna að. Verkefnið er liður í því að kynna neytendum lög og aðrar réttarreglur um neytendamál og sýna þeim leiðir til þess að geta leitað réttar síns.**

**Einnig var rætt um leiðir til að setja mörk við markaðssókn gegn börnum í samvinnu við hagsmunasamtök atvinnurekenda. - pal**



**DALFOSS** Nýjasta frystiskipið í flota Eimskips.

Eimskip nefnir frystiskip:

## Heitir Dalfoss

**SAMGÖNGUR** Nýtt frystiskip Eimskips var nefnt við hátíðlega athöfn í Sundahöfn á föstudag. Dalfoss heitir það, í samræmi við hefð Eimskips að nefna sín skip eftir fossum.

Dóra Guðmundsdóttir nefndi skipið, en hún hefur starfað hjá fyrirtækinu í fjölda ára.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, sagði í tilkynningu að með þessu væri verið að undirstrika tengsl fyrirtækins við heimahagana, en þetta er í fyrsta skipti sem félagið nefnir skip hér á landi. - kóþ

Heildarafli meiri í ár en á sama tíma í fyrra:

# Minni afli í maí en í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR** Minni afli í botnfiski og kolmunna skýrir hvers vegna heildarafli íslenskra skipa var rúmlega 38 þúsund tonnum minni í maí 2007 en í fyrra. Aflinn nú í maí var 142.061 tonn en 180.630 tonn í maí 2006.



**Á KOLMUNNAVEIÐUM** Minni kolmunnaafli var í maí miðað við sama tíma 2006.

Botnfiskaflinn í maí 2007 var 51.998 tonn sem er tæplega 6 þúsund tonna minni afli en í maí í fyrra. Kolmunnaaflinn í nýliðnum maí var rúmlega 84 þúsund tonn en aflinn var tæplega 116 þúsund tonn í maí 2006.

Heildarafli íslenskra skipa á árinu var kominn í 745 þúsund tonn í lok maí 2007. Það er 90 þúsund tonnum meiri afli en á sama tíma á síðasta ári. Aukning í afla milli ára er vegna meiri loðnuafla. Heildarafli fyrstu níu mánuði fiskveiðiársins 2006/2007 var 1.100.590 tonn. Á sama tíma á síðasta fiskveiðiári var heildaraflinn 977.495 tonn. - shá



**NICOLAS SARKOZY FORSETI FRAKKLANDS** Sarkozy var kampakátur þegar hann greiddi atkvæði á sunnudaginn en allar spár bentu til sigurs flokks hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sarkozy með sterka stöðu

**UMP-flokkur Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta fékk flest atkvæði í fyrri umferð þingkosninganna. Leiðtogi sósíalista vill bandalag með miðjuflokknum MoDem til að koma í veg fyrir meirihluta UMP.**

**FRAKKLAND, AP** Leiðtogi Sósíalistaflokksins í Frakklandi, Ségolène Royal, sagðist í gær ætla að reyna að mynda bandalag með miðjumanninum Francois Bayrou í lokatilraun til að koma í veg fyrir „algeran" meirihluta hægriflokks Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, UMP, á franska þinginu.

Fyrri umferð þingkosninganna fór fram á sunnudag og hlaut UMP 39,6 prósent atkvæða. Sósíalistaflokkurinn fékk 24,7 prósent og flokkur Bayrou, MoDem, 7,6 prósent. Seinni umferð kosninganna fer fram 17. júní næstkomandi.

Nái UMP að halda þingmeirihlutanum í franska þinginu verður það í fyrsta skipti í tæpa þrjá áratugi sem að þingmeirihluti heldur velli milli kosninga.

Það er Sarkozy mjög mikilvægt að halda völdum í franska þinginu til að hrinda í framkvæmd umbótaáætlun sinni og stuðningsmenn hans segja sannfærandi umboð forsendu þess að ná í gegn umbótum í Frakklandi þar sem verkföll eru tíð og almenn tortryggni gagnvart hnattvæðingu.

Kjörsókn var aðeins 60,4 prósent og hefur aldrei verið lægri í þingkosningum í Frakklandi. Lítil spenna og fyrirsjáanleg úrslit eru talin aðalástæða lítillar kjörsóknar þar sem almennt var gert ráð fyrir sigri UMP eftir að Sarkozy vann stórsigur á Royal í forsetakosningunum fyrir mánuði síðan.

Royal varaði í gær við „hroka" ráðandi flokksins og sagði að það væri nauðsynlegt í lýðræðisríki að hafa pólitískt mótvægi. Bayrou, varaði einnig við því sem hann sagði „hörmulega" einhliða þing. „Dag nokkurn mun Frakka iðra þess að hafa ekki þetta jafnvægi, annað er óeðlilegt."

Forsætisráðherra Frakklands, Francois Fillon, kynnti á sunnudagskvöld stefnu fyrir næstu mánuði sem felur meðal annars í sér umbætur á háskólum, leiðir til þess að verkföll fólks sem starfar við samgöngur hafi síður lamandi áhrif á samfélagið, ný úrræði í baráttu við glæpi, minni hömlur á vinnumarkaði og áætlun um að draga úr skuldum ríkisins.

sdg@frettabladid.is

Dregur úr von um að Íranar afhjúpi leynd af kjarnorkuáætlun:

# Íranar aflýstu óvænt fundi um kjarnorkumál

**VÍN, AP** Háttsettur íranskur erindreki, Vaveed Vaidi, aflýsti skyndilega viðræðum við framkvæmdastjóra Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar IAEA, Mohamed ElBaradei, í gær. Þykir það draga úr vonum um að Íranar séu tilbúnir til að binda enda á þá leynd sem hvílir yfir kjarnorkuáætlun sinni.

Heimildarmaður tjáði AP fréttastofunni að Vaidi hafi verið tilbúinn með tillögur til að leggja fyrir ElBaradei áður en honum hafi verið sagt að draga sig út úr viðræðunum.

Annar heimildarmaður sagði harðlínumenn sem tengjast Mahmoud Ahmadinejad Íransforseta sem andsnúnir eru tilslökunum af Írans hálfu standa á bak við atburðarásina í gær. - sdg





Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.

íslenskar garðplöntur

# Pallaefni
## gagnvarin fura

| | |
|---|---|
| **Pallaefni 21x95 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>621600 | **120 kr/m**<br>~~163 kr/m~~ |
| **Pallaefni 28x95 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>628600 | **175 kr/m**<br>~~233 kr/m~~ |
| **Pallaefni 28x120 mm**<br>628700 | **219 kr/m**<br>~~233 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x98 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>648600 | **217 kr/m**<br>~~325 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x123 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>648700 | **276 kr/m**<br>~~379 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x148 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>648800 | **331 kr/m**<br>~~488 kr/m~~ |
| **Pallaefni 98x98 mm**<br>698600 | **434 kr/m**<br>~~591 kr/m~~ |





# Pallaefni
## Harðviður

| | |
|---|---|
| **Pallaefni 19x90 mm**<br>601120/200 | **299 kr/m** |
| **Pallaefni 21x145 mm**<br>600900 | **690 kr/m** |
| **Pallaefni 90x90x2750 mm**<br>601100 | **4.661 kr/stk** |
| **Pallaefni 90x90x3050 mm**<br>601105 | **5.169 kr/stk** |

### Lerki

| | |
|---|---|
| **Pallaefni 28x95 mm**<br>727600 | **213 kr/m** |
| **Pallaefni 21x95 mm**<br>720040 | **139 kr/m** |
| **Pallaefni 48x90 mm**<br>748600 | **490 kr/m** |

# Pallaefni
## og **kaupauki** til 17. júní

Þeir sem kaupa 40 m² eða meira
af pallaefni hjá Húsasmiðjunni fá kaupauka:

**6 ltr. af Jotun pallaolíu**

frá Húsasmiðjunni

**eða** plöntur og plöntuker á
pallinn að andvirði

**15.000 kr**

í næstu verslun Blómavals

**Opið** í timbursölu Grafarholti
**á sunnudögum**






HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# 99 kr. dagurinn

99 kr/pk.
Barbie lítil dúkka

99 kr/stk.
Gervi blóm

99 kr/stk.
Drykkjarkönnur

99 kr/stk.
Viskastykki

99 kr/pk.
Celebration glös 3 stk.

99 kr/stk.
Sultukrukkur

99 kr/stk.
Sápukúlur og sleikjó

99 kr/stk.
Kúludýr

99 kr/stk.
Teygjuflugvél

99 kr/stk.
Snákar

99 kr/stk.
Smábílar

99 kr/stk.
Saxofónn

99 kr/stk.
Trompet

Gildir 12. júní á meðan birgðir endast.


Cocoa Puffs
99 kr/pk.
Cocoa Puffs 390gr.
Takmarkað magn.
Hámark 2 pakkar á mann
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/pk.
Kjúklingapylsur 5 stk pk
99 kr/stk.
Brazzi ávaxtasafi
99 kr/stk.
Kókómjólk 320ml.
99 kr/pk.
Rjómaostur 2 tegundir
99 kr/pk.
Frón mjólkurkex 400gr
99 kr/stk.
Fairy uppþvottalögur 500ml
99 kr/pk.
Bratwurst pylsur 200gr
99 kr/stk.
Ritter Sport súkkulaði
99 kr/kg.
Rauð epli Argentína
99 kr/stk.
Bomba orkudrykkur
99 kr/pk.
GK ís 1 lítri
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Varnir Íslands:

# Að virkja ábyrgð Íslendinga

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Þar til fyrir tólf árum var í stjórnarskrá Íslands að finna ákvæði, þar sem „sérhverjum vopnfærum manni“ var gert skylt að taka þátt í vörnum landsins ef nauðsyn krefði. Ákvæðið var fellt út úr stjórnarskránni um leið og mannréttindakafli hennar var endurskoðaður með þeim rökum að það væri tímaskekkja, enda hefði það í þau 120 ár sem það var í gildi aldrei fengið praktíska þýðingu.

Eftir að landið varð herlaust á ný síðastliðið haust má segja að Íslendingar séu að vakna til vitundar um að höfuðábyrgðina á öryggi og vörnum landsins bera landsmenn sjálfir, þótt enginn sé hér herinn til að árétta fullveldisyfirráð þjóðarinnar í hinni stóru lögsögu landsins til láðs og lagar og í lofti.

Það er því hægt að halda því fram að það sé allt eins mikil tímaskekkja að hafa ekkert ákvæði í lögum á Íslandi sem vísar til eigin ábyrgðar þegna íslenzka ríkisins á öryggi og vörnum landsins, eins og sjálfsagt þykir í öðrum sjálfstæðum ríkjum.

Nánasta frændþjóð okkar – fyrir utan Færeyinga sem eru jú ekki fullvalda – heldur ekki bara úti atvinnu- og herskylduher, heldur heilu kerfi sem byggir á ábyrgð hvers og eins landsmanns á því að taka þátt í vörnum landsins. Í Noregi er auk hersins heimavarnarliðið, sem er varalið hersins, fær herþjálfun og liðsmenn þess geyma vopn sín heima og eiga að vera tilbúnir til útkalls með mjög skömmum fyrirvara. Þá er þar Sivilforsvaret, sem eru eins konar almannavarnasveitir sem hægt er að skylda alla þegna landsins á aldrinum 18 til 65 ára til þátttöku í. Auk þessara þriggja stofnana, hersins, heimavarnar- og almannavarnaliðsins, eru til sjálfboðaliðabjörgunarsveitir svipað og á Íslandi. Að ógleymdri lögreglunni og strandgæzlunni, sem reyndar er hluti af sjóhernum.

Vitanlega skýrist þetta víðtæka kerfi her- og borgaralegra varna í Noregi af sögunni. Eftir lok síðari heimsstyrjaldar var þessu kerfi komið á til að hámarka varnargetu landsins gegn erlendri innrás eins og þeirri sem yfir það skall árið 1940. Skorturinn á slíkum vörnum á Íslandi skýrist með sama hætti af sögunni – mjög fljótlega eftir að íslenzka lýðveldið var stofnað dróst það inn í kalda stríðið, varð meðal stofnríkja NATO og samdi um að á landinu væri að staðaldri erlendur her. Heilar kynslóðir Íslendinga ólust upp við að um varnir landsins sæi hið erlenda herlið og því væri óþarfi að velta fyrir sér ábyrgð Íslendinga sjálfra á þeim.

Hið herlausa Ísland reynir því um þessar mundir að hámarka gagnið sem það getur haft af aðildinni að NATO með því að semja við bandalagsþjóðirnar, sem einnig hafa eigin hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafi, um eflt samstarf um öryggi og varnir á þessu svæði. En jafnvel það eflda samstarf sem nú hefur verið samið um við Norðmenn og Dani og kann að verða samið um við Breta og Kanadamenn – til viðbótar við samningana sem gerðir voru við Bandaríkin síðastliðið haust og snerta fyrst og fremst viðbúnað á hættutímum – kemur aldrei að fullu í staðinn fyrir eigin ábyrgð Íslendinga á daglegri áréttingu á fullveldisyfirráðum sínum yfir íslenzkri lögsögu. Þetta áréttingarhlutverk er nú að mestu í höndum Landhelgisgæzlunnar en einnig Tollgæzlunnar og lögreglunnar. Hvort það er nóg er eitthvað sem ríkisstjórnin – og Íslendingar almennt – þurfa að gera upp við sig.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrókeringar

Tilkynnt var í gær að Árni Helgason hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Fráfarandi framkvæmdastjóri þingflokksins, Gréta Ingþórsdóttir, verður aðstoðarmaður Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Árni er vel þekktur fyrir öflugt starf innan ungliðahreyfingar Sjálfstæðisflokksins. Hann er varaformaður Heimdallar og hefur verið í forystu Vöku félags lýðræðissinnaðra stúdenta. Hann var starfsmaður flokksins í síðustu alþingiskosningum og hefur unnið náið með forystu SUS undanfarin ár.



### Á sama vinnustað

Árni er sonur Helga Bernódussonar skrifstofustjóra Alþingis. Þó Helgi sé nátengdur pólitískum átökum heldur hann sig til hlés í flokkspólitíkinni eins og góðum embættismanni sæmir. Helgi tók við sínu starfi af Friðriki Ólafssyni skákmeistara árið 2005 og fer gott orð af störfum hans. Hann hafði þá unnið á Alþingi frá árinu 1989 og frá 1999 sem aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis. Þeir feðgar, Árni og Helgi, munu því líklega hittast oft í vinnunni í þessum störfum þótt nálgun þeirra í stjórnmálum sé gjörólík.



### Sameiginleg reynsla

Ráðning Árna var hluti af stærri fléttu í herbúðum Sjálfstæðismanna. Eins og áður sagði var tilkynnt að Gréta Ingþórsdóttir yrði aðstoðarmaður Geirs, en Ragnheiður Árnadóttir sem gegndi því starfi situr nú á þingi. Þá var Hanna Katrín Friðriksson ráðin aðstoðarmaður Guðlaugs Þór Þórðarsonar heilbrigðisráðherra. Hanna Katrín hefur verið viðloðandi stjórnmál þó lítið hafi sést til hennar opinberlega. Hún hefur starfað hjá Eimskip og í Háskólanum í Reykjavík. Árni, Gréta og Hanna eiga að minnsta kosti eitt sameiginlegt. Þau hafa öll starfað sem blaðamenn á Morgunblaðinu eins og fleira gott fólk.

bjorgvin@fret

# Tankurinn og bíllinn



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Landbúnaðarkerfið

Örlögin sendu mig í búðir í leit að litlum ísskáp. Ég fann einn á 20.000 krónur. Ágætis græja á viðunandi verði. Á heimleið kom ég við í matvöruverslun og keypti inn fyrir helgina: Fjögurra daga skammt fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Pokarnir tveir plús bleiur og morgunkorn kostuðu 10.000 krónur. Samt nægði varningurinn ekki til að fylla nýja ísskápinn. Til þess hefði þurft aðra eins ferð.

Fyrir tilviljun komst ég að því að á Íslandi okkar daga kostar jafn mikið að fylla ísskápinn og ísskápurinn sjálfur kostar.

Segir þetta ekki allt sem segja þarf um hátt matarverð á Íslandi?

**Raftæki – matvara 5 - 0**

Eitt sinn voru raftæki dýr á Íslandi. Í bernsku minni var talað um þvottavélar eins og nú er talað um jeppa. Uppþvottavélar voru aðeins til á allra bestu heildsalaheimilum. Við fengum okkar fyrstu árið sem ég tók bílpróf. Fólk skipti um ísskápa á tveggja kynslóða fresti. Stórir og feitir Buick-lagaðir stríðsára-ísskápar stóðu vaktina í fjölskyldueldhúsinu mann fram af manni eins og minnisvarðar um matinn hennar mömmu. Nú skokka menn í Elko og Byko og kaupa sér nýjan í hverri viku. Hann kostar lítið meir en matarkarfan.

Á undanförnum árum hefur eitthvað gerst í verslun með raftæki hér á landi sem ekki hefur gerst í verslun með matvöru. Hin nöturlega niðurstaða er sú að ísskápurinn er orðinn jafn dýr og maturinn sem hann hýsir. Það kostar ísskáp að fylla ísskáp. Við eyðum andvirði tveggja lítilla ísskápa í matarinnkaup á hverjum mánuði. Senn hlýtur að koma að því að Bónus bjóði upp á áfylltan ísskáp í sellófani.

Eitthvað myndu menn segja ef bensínverð væri svo hátt að það kostaði andvirði bílsins að fylla tankinn. „1.400.000 krónur“ að fylla Skoda Octavia en „3.600.0002 að fylla Honda CRV.

Hvers vegna látum við þetta rugl viðgangast ár eftir ár á okkar annars góða landi? Hvenær ætlar einhver stjórnmálamaður, einhver stjórn, að taka á þessu af alvöru?

**Áfram fornöld – ekkert stopp**

Nýr landbúnaðarmálaráðherra er greinilega ekki maðurinn. Hann vill engar breytingar á landbúnaðarkerfinu og tollaumhverfi þess, sem flestir hugsandi menn eru sammála um að nauðsynlegar séu til þess að ná matarverðinu niður. Búið er að semja við bændur, segir ráðherrann, og ekki hægt að rjúfa þá samninga. Gallinn er bara sá að það er ALLTAF búið að semja við bændur. Í þessum málum eru ekki gerðar fimm ára áætlanir í stíl Stalíns heldur sjö ára áætlanir. Og sá síðasti þessara samninga var undirritaður sjö mínútum fyrir síðustu kosningar, af sjálfum höfuðdýrlingi hæsta matarverðs í heimi, heilögum Guðna Ágústssyni, og manni sem enn er fjármálaráðherra en var eitt sinn með mér í brúarvinnu og ætti því að teljast jafnaldri minn, en gekk þarna í bland við tröllin og batt okkur í ullarhelsið til ársins 2014.

„16,4 milljarðar til bænda fram til ársins 2014,“ hét það í fréttum. „Djöfull er ég orðin þreytt á að búa í landi sem eyðir meiru í sauðfé en menntun“ voru viðbrögð einnar af landsins bestu bloggmeyjum.

Jafnvel þótt manns eigin kynslóð sé loks komin til valda breytir það engu. Nei, fornöldinni skal viðhaldið með samningum sem ná FRAM Á ÞARNÆSTA kjörtímabil. Hverjum dettur í hug að gera ráð fyrir óbreytanlegu kerfi til sjö ára í hvaða starfsgrein sem er á okkar hraðskreiðu tölvutíð? Hver tæki nú mark á „Samningi um niðurhal og innsendingarvernd í tölvusamskiptum“ frá árinu 2000?

Ísskápurinn hefur talað. Skilaboðin eru skýr. Verð á matvöru á Íslandi er alþjóðlegur brandari.

**Hver ræður?**

Ný ríkisstjórn vakti hins vegar vonir um að loks yrði gengið í málið. Sú von virðist þó ætla að dofna ansi fljótt eftir yfirlýsingar landbúnaðarráðherra, því á Íslandi virðast einstakir ráðherrar hafa meiri völd en sjálf ríkisstjórnin. Í hverju málinu á fætur öðru hafa ráðherrar haft uppi öndverðar skoðanir við stjórnarsáttmála eða samstarfsflokkinn. Landbúnaðarráðherra vill til dæmis halda óbreyttu landbúnaðarkerfi, í óþökk stjórnarsáttmála, líkt og hann vill sem sjávarútvegsráðherra halda áfram hvalveiðum í óþökk Samfylkingar. Og ríkisstjórnin þegir bara, líkt og ráðherrann ráði sínum málaflokki aleinn.

Er ekki kominn tími á smá leiðtogun frá hinum raunverulega forsætisráðherra?

Eða hver mun ráða hér næstu árin? Nátttröllin eða nútíminn?

# Árangur Íslenska dansflokksins

**UMRÆÐAN**

Íslenski dansflokkurinn



ÁSA RICHARDSDÓTTIR

Í gagnrýni um dansleikhússamkeppni Íslenska dansflokksins og Leikfélags Reykjavíkur í Fréttablaðinu í gær, eyðir Páll Baldvin Baldvinsson, drjúgu plássi í að fjalla um árangur í starfi Íslenska dansflokksins.

Þar setur hann fram nokkrar fullyrðingar sem ástæða er til að svara.

„Dansleikhússamkeppnin hefur enda engu skilað: verkin eru ekki endurflutt,“ skrifar Páll.

Íslenski dansflokkurinn hefur frá því keppnin hófst árið 2003 þróað verkefni áfram og gefið verðlaunahöfundum frekari tækifæri. Dæmi: Vinningsverk Helenu Jónsdóttur í fyrstu keppninni árið 2003, Open Source, var þróað áfram og frumsýnt í fullri lengd í febrúar 2005 á vegum Id. Verkið hefur verið sýnt áfram, nú síðast í Kína í maí og verður tekið upp að nýju í september næstkomandi.

Verk Guðmundar Helgasonar, Party, sem vann áhorfendaverðlaun árið 2003, var sýnt á vegum flokksins, sem hluti af haustsýningu það ár.

Halla Ólafsdóttir, sem sigraði keppnina árið 2005, samdi verk fyrir danssmiðju Id starfsárið 2005-2006.

Tveir verðlaunahöfundar, Marta Nordal og Peter Anderson, hafa í vetur þróað verk á vegum Id og LR og var fyrsti afrakstur þeirrar vinnu sýndur á föstudagskvöld.

„[N]ýsmíði verka stopult áhugamál….“ segir enn fremur í gagnrýninni. Frá árinu 1996 til dagsins í dag hefur Íslenski dansflokkurinn frumsýnt 25 stærri íslensk dansverk, sem öll hafa verið frumsamin. Á sama tíma hefur flokkurinn sýnt 28 erlend verk, þar af hafa fjórtán verk verið frumsamin fyrir flokkinn. Yfir tuttugu önnur smærri verkefni og samstarfsverkefni hafa verið sýnd á sama tíma og hafa Íslendingar verið höfundar allra þeirra verkefna. Flokkurinn hefur m.a. staðið fyrir áttá danssmiðjum á síðustu þremur árum þar sem ungir danshöfundar hafa spreytt sig við nýsmíði. Þeir höfundar hafa all flestir komið úr sjálfstæða geiranum og hefur því flokkurinn sannarlega stundað „brúarsmíð“ milli aðila í íslenska dansheiminum.

Aðsókn að íslenskum listdansi má sannarlega efla og fagnar Íslenski dansflokkurinn allri málaefnalegri umræðu um hvernig styrkja megi stöðu dansins meðal listgreina.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins.*

**Ný reglugerð** hefur verið sett um þalöt í leikföngum og öðrum barnavörum, en þalöt eru efnasambönd sem gefa plasthlutum mýkt. Ákveðin þalöt geta dregið úr frjósemi og valdið fósturskaða og eru því einnig talin hættuleg ungum börnum. Nýja reglugerðin er hluti af samræmdum aðgerðum á evrópska efnahagssvæðinu.

**Sumarblómahátíð** Húsasmiðjunnar stendur yfir þessa dagana. Í verslunum Húsasmiðjunnar í Reykjavík, Vestmannaeyjum og Borgarnesi og á Hvolsvelli, Egilsstöðum, Ísafirði og Akranesi er hægt að fá sumarblóm í miklu úrvali.

**Framkvæmdastjórn** Evrópusamabandsins hefur sent frá sér hvítbók með tillögum um hvað lönd sambandsins geti gert í baráttunni gegn offitu. Í bókinni er meðal annars lögð áhersla á mikilvægi þess að nóg framboð sé af hollum mat svo neytendur geti tekið meðvitaðar ákvarðanir um heilbrigt mataræði.





## Sniðug hönnun frá Kilo

KEÐJA OG RÚLLA FRÁ DÖNSKUM HÖNNUÐUM.

Kilo er hönnunarfyrirtæki í Kaupmannahöfn stofnað af Troels Øder Hansen og Lars Holme Larsen. Kilo kemur að hönnun hluta frá ólíkum hliðum, arkitektúr, innanhússhönnun og iðnhönnun.

Hér eru tvö verk úr smiðju hönnuðanna. Annars vegar Keðjan (Chain) sem er sniðuglega hönnuð hillusamstæða sem hægt er að taka niður og brjóta saman.

Hins vegar er það Roulade, sófi sem hannaður var fyrir leikhúsið Mungo Park. Þar mætast kynslóðir og stefnur, dýna og Chesterfield-stóll og sófi. Roulade er löng dýna sem rúllað er upp og hún er skreytt með tölum. Kíkið á vefsíðuna www.kilodesign.dk til að fá meira að sjá.

## Bangsavélmenni á vígvellinum

BANDARÍSKI HERINN VINNUR AÐ HÖNNUN VÉLMENNIS SEM BJARGA Á SÆRÐUM HERMÖNNUM Á VÍGVELLINUM.

Bandaríski herinn hefur lengi unnið að smíði vélmennis sem sótt gæti særða hermenn á hættulegan vígvöllinn. Nú er hönnunin vel á veg komin og hefur vélmennið hlotið nafn: Battlefield Extraction Assist Robot - BEAR (Bangsi).

Bangsi er búinn sérstökum jafnvægisbúnaði og kemst hann á flesta staði sem venjulegur hermaður kemst á. Honum er fjarstýrt og getur hann lyft upp og borið 230 kílóa manneskju jafnvel upp og niður stiga. Sjálfur er Bangsi 180 sm á hæð.

Bangsanafnið er ekki bara skammstöfun heldur vísar hún einnig í vinalegt útlit vélmennisins en hönnuðirnir telja mikilvægt að vingjarnlegt andlit taki á móti særðum hermönnum.





Hópurinn hittist nokkrum sinnum í viku til að æfa tai chi í Heilsudrekanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Æft úti að kínverskum sið

***Bardagaíþróttin tai chi er í aukinni sókn hérlendis.***

Nokkrum sinnum í viku kemur hópur fíleflds fólks á öllum aldri saman í Heilsudrekanum í Skeifunni 3 til að iðka hina fornu bardagaíþrótt tai chi, afslappaðar og mjúkar hreyfingar, sem eru ætlaðar að koma á líkamlegu og andlegu jafnvægi.

„Þetta er mjúkt afbrigði af kung fu," útskýrir Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans, sem hefur sjálf æft tai chi um árabil og ber því góða sögu. „Talið er að þessi íþrótt hafi góð áhrif á líkamlega og andlega heilsu, meðal annars miðtaugakerfi, öndun, meltingu og hjarta."

Nokkuð breytilegt er eftir dögum hversu margir mæta á æfingar að sögn Qing og fara þær fram annað hvort inni í húsnæði Heilsudrekans eða á lóð hans, allt eftir því hvernig viðrar þann daginn. „Við reynum að æfa eins mikið úti og hægt er, rétt eins og í Kína," segir hún. „Þar sem veðrið er örlítið ófyrirsjánlegra á Íslandi þurfum við að æfa aðeins meira inni."

En skyldi íslenska feimnin ekki vera neinum fjötur um fót þegar kemur að því að æfa úti undir berum himni með umferðina beggja megin við sig. „Alls ekki," segir Qing og hlær. „Einhverjir voru feimnir í fyrstu, en þeir voru fljótir að venjast þessu fyrirkomulagi. Sérstaklega eftir að ég ræddi aðeins við þá. Nú finnst fólki þetta ekkert mál."

Að sögn Qing hafa börn ekki síður en fullorðnir tekið þessari fornu, austurlensku bardagaíþrótt fagnandi og fá þau bæði að æfa með þeim fullorðnu og ein og sér.

Ennfremur er stefnt að því að hópur barna taki þátt í Norðurlandamóti í tai chi á næsta ári, en skemmst er að minnast frækilegrar framgöngu íslenskra barna og unglinga á Norðurlandamóti í kung fu í Noregi fyrir skemmstu, þar sem þau hlutu tvenn gullverðlaun og ein silfur. Sá hópur fór einmitt á vegum Heilsudrekans og efast Qing ekki um að krökkunum vegni vel á næsta ári.

*roald@frettabladid.is*





Nýtt
frá Purity Herbs
Andlits Serum
100% náttúrulegt

**Andlits Serum** er ríkt af nauðsynlegum omega fitusýrum, steinefnum, vítamínum (A, B, C og E) og karótíni sem seinkar öldrunarferlinu. **Andlits Serum** djúpnærir húðina, stinnir hana og styrkir. Gefur húðinni heilbrigt og hraustlegt útlit.

**Andlits Serum** fæst í Heilsuhúsunum, Blómaval, Heilsubúðinni Hfj., apótekum og sölustöðum um land allt.

Purity Herbs
íslenskar, náttúrulegar snyrtivörur
Furuvöllum 5, 600 Akureyri, sími 462 3028





SUBWAY í fínu formi

JÚNÍ
Kafbátur mánaðarins
Grænmetis sæla

6 tommu bátur
kr. 299

Gildir í júní 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

SUBWAY

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
SUBWAY
HjartaHeill
LANDSSAMTÖK HJARTASJÚKLINGA

Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ

**Vöðvabólga** myndast oft sökum hreyfingarleysis. Daglegur göngutúr og teygjur geta komið í veg fyrir alvarleg vandamál í baki og stoðkerfi.

Sálarlíf

Verð við störf að Skúlatúni 6, 105 Reykjavík frá 22. júní til og með 17. ágúst

Veiti ráðgjöf og meðferð fyrir einstaklinga með átraskanir og aðstandendur þeirra. Veiti einnig ráðgjöf og meðferð fyrir einstaklinga, foreldra og pör. Áhersla á hugræna atferlismeðferð við átröskunum, þunglyndi, kvíða og depurð.

Veiti einnig sálfræðilega ráðgöf í gegnum Internetið.
Nánari upplýsingar um Internetráðgjöf má finna á www.salarlif.is.

Tímapantanir með tölvupósti á netfangið sigrun@salarlif.is
eða alla virka daga frá 14. júní í síma 6950122.

**Sigrún Ása Þórðardóttir,**
Cand. Psych., Sálfræðingur
Skúlatúni 6, 3.hæð.
105 Reykjavík.

**Hef opnað sálfræðiþjónustu að Suðurlandsbraut 10**

**Veiti sálfræðilega meðferð og ráðgjöf fyrir:**
- einstaklinga m.a. við kvíða, fælni, óöryggi, sorg, áföllum, kulnun, streitu.
- fjölskyldur m.a. við samskiptaerfiðleikum, gildin í fjölskyldunni, framtíðarsýn.
- fyrirtæki m.a. fyrirtækja- og starfsviðmót, stjórnun breytinga. Handleiðsla fyrir stjórnendur og fagfólk.

**Held námskeið og veiti handleiðslu í Life-Navigation um hvernig**
- takast má við það óvænta í lífinu
- vaxa sem einstaklingur og njóta lífsins

**Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur** í fyrirtækja-, vinnu- og klíniskri sálfræði cand psych. Tímapantanir í síma **663 8927** eða í netpósti **agustina@life-navigation.com**


Jane Plant, til hægri ásamt vinkonu sinni, prófessor Kristínu Völu Ragnarsdóttur, sem fjallaði um mataruppskriftir og eiturefni í umhverfinu og áhrif þeirra á krabbamein. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Áhrif mataræðis á krabbamein

***Prófessor Jane Plant flutti á dögunum fyrirlestur í Háskóla Íslands um áhrif mataræðis á brjóstakrabbamein og krabbamein í blöðruhálskirtli.***

„Ég kom á vegum Odds Benediktssonar, prófessors við Háskóla Íslands, til að flytja erindi um áhrif mataræðis á krabbamein,“ segir Jane Plant, prófessor í jarðefnafræði við Imperial College London, en bók hennar um baráttuna við brjóstakrabbamein, Your Life in Your Hands, hefur verið þýdd á fjölda tungumála og selst í meira en fimm milljónum eintaka.

Bókina skrifaði Jane eftir að hafa sigrast á brjóstakrabbameini, en lækninguna rekur hún til breytts mataræðis. „Ég greindist með brjóstakrabbamein fyrir tuttugu árum, sem tók sig síðan upp fjórum sinnum eftir það. Allar hefðbundnar aðferðir brugðust og mér var ekki hugað líf. Þá ákvað ég að hugsa um allt sem gæti hjálpað og mundi hversu lágt hlutfall brjóstakrabbameins er í Kína, þar sem ég hef unnið talsvert með Kínverjum. Þar í landi greinist innan við ein af hverjum 100.000 þúsund konum með brjóstakrabbamein, en í Bretlandi er hlutfallið ein af hverjum níu.“

Jane fór að rannsaka hvaða umhverfisþættir gætu ráðið þessum mun og komst að því að Kínverjar neyta mjólkurafurða í litlum sem engum mæli. Í kjölfarið hætti hún að borða mjólkurvörur, einkum og sér í lagi lífræn, fitulítil jógúrt. Öllum til mikillar furðu, ekki síst henni sjálfri, hvarf krabbameinið eins og dögg fyrir sólu og hefur ekkert bólað á því síðan. Fjórtán ár eru nú liðin og á þeim tíma hefur Jane neytt sama mataræðis.

Bók Jane, Your Life in Your Hands, náði miklum vinsældum og ekki leið á löngu þar til henni fóru að berast bréf frá karlmönnum, sem óskuðu eftir því að hún skrifaði sams konar bók um krabbamein í blöðruhálskirtli. „Ég hafði fjallað lítillega um það í fyrri bókinni og ákvað vegna fjölda áskorana að gera því skil í annarri bók. Sú bók hefur sömuleiðis náð vinsældum og skilað jákvæðum áhrifum.“

Jane nefnir sem dæmi þá heilsufarslegu breytingu sem orðið hefur á Oddi sjálfum, eftir að hann tók sér til fyrirmyndar mataræðið sem kynnt er í bókinni. „Oddur þjáðist um tíma af krabbameini í blöðruhálskirtli, en heilsufarið batnaði þegar hann breytti um mataræði eftir að hafa lesið bókina,“ segir hún. „Það er ástæðan fyrir komu minni til landsins. Hann leit mjög vel út þegar ég hitti hann og útskýrði fyrir mér að blóðflögurnar væru nú í eðlilegu magni.“

En hvaða viðbrögð skyldi höfundurinn hafa fengið hérlendis? „Þau hafa flest verið jákvæð,“ svarar Jane. Ég veit að það er á brattann að sækja þar sem íslenskt samfélag byggir efnahaginn að stóru leyti upp á framleiðslu mjólkurafurða. Það breytir ekki því að fólk þarf að vita af hættunni sem fylgir neyslu þeirra, alveg eins og með tókbaksreykingar. Innihald bókanna á brýnt erindi til allra.“

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Fyrir gott blóðrennsli
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

DEEP FREEZE
Deep Freeze er fljótvirkt snöggkælandi efni sem dregur úr sársauka í vöðvum, sinum eða liðamótum.

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

STERK B-BLANDA
Multi-B
BIOSYM
Fæst hjá: Aftur til náttúru
Dreifingaraðili , S.L.I ehf., Sími: 866 9512

# Lífskraftur unglinga

***Í gær hófst námskeiðið Lífskraftur þriðja sumarið í röð en það eru hin kraftmiklu Arnar Grant og Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir sem standa að námskeiðinu.***

„Við bætum einhverju við í hvert skipti og erum einmitt búin að setja upp heimasíðu núna, lifskraftar.is. Þar erum við búin að setja inn fjölda mynda frá fyrri námskeiðum auk upplýsinga um námskeiðahaldið og þar er einnig hægt að skrá sig til þátttöku,“ segir Arnar og bætir því við að námskeiðin standi í tvær vikur í senn, alla virka daga. „Krakkarnir mæta alltaf í anddyri Lauga og síðan förum við í alls konar leiki og æfingar en námskeiðið byggist upp á heilsusamlegum lífsstíl sem leiðir til hreysti og vellíðunar,“ segir Arnar og bætir við: „Unglingarnir kynnast réttri og skemmtilegri hreyfingu, hollu mataræði og læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.“


Arnar Grant og Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir halda áfram með námskeiðið Lífskraftur í sumar.

Allir krakkar sem voru að ljúka 6. 7. og 8. bekk eru velkomnir á námskeiðin sem hafa mælst vel fyrir undanfarin tvö ár. „Það er mikil útivist á námskeiðunum. Við förum í fjallgöngu, hjólaferð, golf, reiðtúr, sund, fótbolta og margt fleira sem tengist hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl,“ segir Arnar og bætir því við að í lok hvers námskeiðs séu krakkarnir verðlaunaðir sem hafa stundað námskeiðið af fullum krafti og áhuga.

**Góður stóll** er mikilvægur í stofuna svo hægt sé að láta þreytuna líða úr sér að loknum vinnudegi og horfa á eitthvað skemmtilegt í sjónvarpinu.





Helmingar stólsins eru spegilmynd hvors annars.

# Stóll í fiðrildalíki

***Sori Yanagi er frumkvöðull í japanskri iðnhönnun.***

Fiðrildastóllinn eftir japanska iðnhönnuðinn Sori Yanagi er byggður upp á spegilmynd þar sem hvor hlið stólsins eru spegilmynd af hinni. Yanagi heldur upp á mjúk og ávöl form því þau „endurspegla mennska hlýju,“ eftir því sem hönnuðurinn segir sjálfur. Stóllinn er úr við og stáli.

# Í sænskum blómastól

***Verk ungra sænskra hönnuða eru sýnd á sýningunni UNG 06/07***

UNG 06/07 er sýning þar sem ungir sænskir hönnuðir sýna verk sín. Tilgangurinn er að auka vitneskju og kunnáttu nýrra sænskra hönnuða og auka möguleika þeirra til að ná til áhorfenda.

Sýningin UNG var stofnuð af sænsku hönnunarsamtökunum „Form and Form“ árið 1998 og var haldin í sjötta sinn á dögunum. Einn af þeim hönnuðum sem á verk á sýningunni er Mikael Ling en stóllinn hans Bourgogne hefur vakið verðskuldaða athygli.

www.formdesigncenter.ung0607



Stóllinn Bourgogne eftir Mikael Ling vakti verðskuldaða athygli á sýningunni UNG 06/07



Verslun Casa var opnuð í byrjun júní og er á fyrstu hæð í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Ný smávöruverslun Casa í Kringlunni

***Casa opnaði nýja verslun í Kringlunni um mánaðamótin. Í henni verða aðrar áherslur en í búðinni sem fyrir eru í Síðumúla.***

„Við erum að stækka við okkur og í Kringlunni er skemmtilegra fyrir fólk að nálgast vöruna,“ segir Kristín Lind Andrésdóttir, verslunarstjóri Casa um það hvers vegna Kringlan var valin fyrir nýju verslunina. Hún segir opnunartíma og fólksfjölda í Kringlunni einnig hafa ráðið för í valinu. Ákveðinn markhópur leiti yfirleitt í verslun Casa í Síðumúla en með tilkomu nýju verslunarinnar náist til fleira fólks.

Verslunin í Kringlunni er talsvert minni en sú í Síðumúla, tæpir 70 fermetra með lager. Hún mun því hafa aðrar áherslur. „Við erum með vandaða gjafavöru, þá sömu og er í hinni búðinni en erum ekkert með húsgögn. Þetta er alfarið smávöruverslun, nokkurs konar Casa boutique.“ *thorunn@frettabladid.is*


# Tilboð sem bragð er að!

Vegna breytinga í verslun bjóðum við nokkrar sýningarinnréttingar með 50% afslætti.



Eldhúsinnréttingar



Fataskápar



Baðinnréttingar

50%

50% afsláttur af sýningarinnréttingum

**20% afsláttur af tækjum!**

Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og Snaigé kæli- og frystiskápa.
Þegar þú kaupir innréttingu færðu 20% afslátt af raftækjunum.

Opið virka daga kl. 9-18
Lokað á laugardögum í sumar

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500




Af hverju maður ætti að klæða eplin sín í peysur er ekki gott að segja, en það er sætt þrátt fyrir það.

# Sætt en gagnslaust

***Sumir hlutir gera ekkert gagn en samt má hafa gaman af þeim.***

Bollar sem ekki er hægt að drekka úr, kind til að halda hita á teinu þínu og handprjónaðar peysur á epli. Ótrúlega gagnslausir hlutir en voða sætir. Þessa hluti má skoða hjá Rose and Radish á vefsíðunni http://store.roseandradish.com



Sæt kind úr þæfðri ull sem setja má yfir tekönnur.



Þessir postulínsbollar þjóna hlutverki sykurskeiða.

# tíska&fegurð

ÞRIÐJUUDAGUR 12. JÚNÍ 2007



**AFTUR TIL FORTÍÐAR**

## Villingar & stúlkur

**SUMARTÍSKAN**

## Kvenleg og litrík

**SUMAR**

## Bláir kjólar

FRÉTTABLAÐIÐ

**Glæsilegur fatnaður á allar konur**

póstsendum

verðlistinn við Laugalæk • sími 553 3755

## sumartískan





**HVÍT SÓLGLERAUGU** voru vinsæl á sjötta og níunda áratugnum og eru það aftur nú. Allir helstu tískuhönnuðirnir létu fyrirsætur sínar bera stór hvít sólgleraugu þegar sumarlínan var kynnt fyrir þetta ár. Stjörnur eins og Nicole Richie og Kirsten Dunst eru þegar farnar að spóka sig um með hvít sól-

**SÍÐASTLIÐIN ÁR HAFA BIKINÍ** verið ríkjandi í sundfatatísku kvenna. Nú er þó að verða breyting þar á og fjölbreytnin að aukast aftur því nú eru sundbolir að ryðja sér til rúms á nýjan leik. Hefðbundnir sundbolir í fallegum sniðum og litum eru mjög flottir og sáust mikið á tískupöllunum fyrir vor og sumar 2007. Einnig voru sundföt sem eru eins konar blanda af bikiníi og sundbol mjög áberandi í sumartískunni.






# Árangur fer eftir gæðum
## Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Greinilegur árangur eftir nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan




Súrefnistæmdar umbúðir verndar næringarefnin.
Lifestream þörungarnir eru ómengaðir, ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001

Fæst í apótekjum og heilsubúðum.

www.celsus.is




# Villingar & stúlkur

Á sjötta áratugnum voru unglingamyndir, og -popplög mikið í tísku. Forboðnar ástir villingastráka og fyrirmyndarstúlkna voru í algleymingi, en slíkt þótti skapa ómótstæðilegar andstæður og vera sérlega rómantískt.

**1. Blár leðurjakki** úr Elvis, 14.900 kr. Stuttermabolur með mynd eftir Boris Valejo af bardaga kjarnakvendis og tígrisdýrs. 3200 kr.

**2. Ótrúlega sætt** og sakleysislegt jarðarber með semelíusteinum. 1200 kr., Rokk og rósir.

**3. Lítið box** undir piparmintur, Opal eða annað góðgæti. 800 kr., Elvis

**4. Heklaðir tangóskór** úr nýrri skóverslun við Laugaveg sem fengið hefur nafnið Far.

**5. Mjúkur og sakleysislegur** kjóll með pallíettutoppi og flögrandi pilsi fyrir formann nemendafélagsins. 8.500 kr., Rokk og rósir.

**6. Borði í hárið** með áfastri spöng fyrir saklausu stelpuna. 1500 kr., Spútnik Laugavegi.

**7. Hún er af góðum ættum en hann ekki** Hún elskar hann og hann hana, en fjölskylda hennar er því mótfallin. Útkoman er ómótstæðileg. Dásamlega þröngar gallabuxur -9.700 kr. Elvis

**8. Óþekkir strákar** nenna ekki að pússa skóna sína. Þessir fást í Spútnik á Laugavegi og kosta 4.700 kr.







**Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Tískuvikan í París, vor- og sumarlína Lie Sang Bong, NordicPhotos/Getty.




# HJÓLUM SAMAN Í SUMAR!



Cypress W
Dömu bæjarhjól 28" kr. 34.300



Sedona M
Herra bæjarhjól 26" kr. 34.800



Sedona W
Dömu bæjarhjól 26" kr. 34.800



Boulder M
Herra fjallahjól 26" kr. 34.000



Expression LX M
Herra bæjarhjól 28" kr. 39.900



Boulder W
Dömu fjallahjól 26" kr. 34.000

MARKIÐ

www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40

NÝJAR VÖRUR
Stærðir 36-48
Nýbýlavegi 12
Sími: 554 3533
Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-16
Gæði og glæsileiki
bianca













# Litur hafs & himins

●Samkvæmt rannsóknum er blár uppáhaldslitur flestra. Því kemur það ekki að sök að blái liturinn sé í tísku í sumar.

**1. Af himnum ofan** Þessi fagurblái kjóll er eftir franska hönnuðinn Jean-Charles de Castelbajac og er hluti af vor- og sumarlínu hans.

**2. Rómantískur og fagurblár** Hönnuðurinn Krizia bætir smá rokk og róli við rómantíska kjólinn með svörtum varalit.

**3. Sundbolur frá Stellu McCartney** Bolurinn er blanda af sundbol og kjól sem gefur honum skemmtilegt útlit og kvenlegt yfirbragð.

**4. Dýrlingur á síðum kjól** Jean Paul Gaultier fer ótroðnar slóðir. Kjóllinn er úr hátískulínu hans fyrir sumarið.

**5. Blár silkiskyrtukjóll úr sumarlínu Lanvin** Skyrtukjóllinn er klassík sem hægt er að nota við öll tækifæri.

Tilbúin fyrir 1. júní?
Prófaðu Nicorette Innsogslyf með munnstykki



KORTER.IS
Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.
www.nicorette.is

ez sleep
BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS Á HEILSUDÝNUM
FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF
Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.
10-40% AFSLÁTTUR



55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúm Gott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is


LEIKBÚNINGUR
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG!





# Litrík og kvenleg sumartíska

Hildur Árnadóttir, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Vero Moda og Only, og Stefán Svan Aðalheiðarson verslunarstjóri í Kronkron segja hátt mitti og mikla litagleði einkenna sumartískuna þetta árið.



Stefán segir hátt mitti á buxum og pilsum vera mjög áberandi í sumar og kvenleg tíska allsráðandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mig langar að byrja á að nefna eitt sem mér finnst ekki hafa náð nógu miklum vinsældum hér ennþá. Það eru hinar svokölluðu „hot pants“, sem eru þröngar stuttbuxur, gjarnan háar í mittið. Undir buxunum er flott að vera í leggings og háhæluðum skóm eða sandölum,“ segir Hildur. „Í sumar og áfram fram á haustið verður mjög mikið um stóra, víða boli í sterkum litum og með prenti. Þá er smart að hafa belti yfir bolnum og þá gjarnan rétt undir brjóstunum í stað þess að hafa það á mjöðmunum.“

Sumarlitirnir í Vero Moda og Only eru að sögn Hildar; sterkur bleikur, gulur, grænn, appelsínugulur og sterkur fjólublár.

„Í raun er hægt að flokka tískuna dálítið niður í partítísku, hversdagstísku og fleira enda fer það mjög eftir tilefninu hverju er flott að klæðast. Í partítískunni er mjög mikið um toppa og boli með málmprenti, silfurlituðu eða gylltu. Síðan eru niðurþröngar gallabuxur mjög smart við þetta en þær verða þá að ná niður á hælinn,“ segir Hildur og bætir því við að henni finnist það mikið atriði að vera ekki í víðu að ofan og neðan í einu. „Ef það er víður bolur ættu þröngar buxur að vera við hann og svo öfugt. Það er hægt að vera í þröngu að ofan og neðan en ekki víðu.“

Hildur segir leggings buxurnar enn vera mjög vinsælar en hún vill gjarnan sjá meira af niðurþröngu gallabuxunum. „Síðan er mjög smart að vera í kvartbuxum og láta aðeins glytta í leggingsbuxur niður undan buxunum en ekki þó meira en um tvo sentímetra. Það er eitt af þessum smáatriðum sem geta skipt miklu máli.“

Það er líka ákveðin rómantísk tíska í gangi í sumar og segir Hildur að ekki megi gleyma henni. „Þar má helst nefna sumarkjólana sem fást bæði í hefðbundnum litum og sterkum sumarlitum. Þeir eru gjarnan með grófri blúndu eða bróderingu. Við kjólana er síðan smart að vera í leggings og sandölum,“ segir Hildur og nefnir að lokum að það sé ofboðslega mikið um klúta í tísku í sumar. „Þeim er vafið um hálsinn og fást í alls konar litum og með ýmsum munstrum.“

sigridurh@frettabladid.is

Stefán Svan Aðalheiðarson, verslunarstjóri í Kronkron á Laugavegi, segir sumartískuna vera kvenlega og að miklu leyti undir áhrifum frá fimmta og sjöunda áratuginum.

„Á sumrin er náttúrlega alltaf mikið af litum og núna er þeim mikið blandað saman,“ segir Stefán og nefnir þar að pastellitirnir verði áberandi eins og í fyrra en einnig sé mikið af sterkari litum. „Kóralbleikur er mjög vinsæll hjá mörgum hönnuðum en eins er mikið um dökkbláan, rauðan, fjólubláan og lillabláan.“

Stefán segir mikið um litla kjóla og gjarnan með svokölluðu „babydoll“ sniði en þeir eru þá ýmist með mjög háu mitti eða alveg þröngir efst og víkka svo út fyrir neðan brjóstin. „Síddin á kjólum og pilsum er um hné en hátt mitti er mjög áberandi bæði í buxum og kjólum. Það er mjög kvenlegt og sætt án þess þó að vera of væmið,“ segir Stefán.

Fíngerðar prjónaflíkur eins og peysur og gollur eru mjög vinsælar í sumar að sögn Stefáns og þá oft fallegt að vera í prjónapeysu utan yfir fíngerðari efni eins og satín og silki. „Síðan eru skyrtukjólar mjög mikið að koma inn fyrir sumarið og þá er bæði hægt að hafa þá hversdagslega eða klæða þá upp með fylgihlutum á borð við sokkabuxur, skó, hálsfestar og klúta. Hálsfestarnar eru að verða náttúrulegri og gjarnan úr tré eða heilum litum,“ segir Stefán og bætir því við að eins sé nokkuð um fatnað í sjóliðastíl bæði fyrir dömur og herra. „Það eru þá röndóttir bolir og tíhnepptir jakkar bæði í dökkbláu og hvítu.“



Hildur Árnadóttir, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Vero Moda og Only, segir niðurþröngar gallabuxur og leggings vera mjög vinsælar í sumar en hún vill gjarnan sjá fleiri í svokölluðum „hot pants“. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR








Ellen Pompeo ásamt meðleikurum í Grey´s Anatomy. Svona erum við vön að sjá hana. Í raunveruleikanum hefur hún þó gaman af því að klæða sig upp og nýtir til þess hvert tækifæri sem gefst. Hún á það sameiginlegt með persónu sinni í þáttunum að klæðast á einfaldan hátt, en Pompeo er mikið fyrir jarðliti og svart.

1

# Með klassískan stíl

●Í læknaþáttunum Grey´s Anatomy gefst Ellen Pompeo ekki oft færi á því að klæðast tískufatnaði. Tískusérfræðingar hafa misjafnt álit á Pompeo en stíl hennar hefur oft verið lýst sem klassískum og einföldum án þess þó að hann verði leiðinlegur.

**1. Á tískusýningu hjá Dior í maí.** Svartur og dragsíður kjóll með síðum ermum er ekki beint sumarlegt en kjóllinn er engu að síður fallegur.

**2. Svört skyrta, gallabuxur og flatbotna skór.** Föt sem flestar konur eiga og eru ósköp venjuleg.

**3. Einn af mörgum kjólum** sem Pompeo hefur klæðst á rauða dreglinum.

**4. Hér klæðist Ellen Balenciaga fötum.** Aftur er klæðnaðurinn einfaldur, svart og hvítt, en rauði varaliturinn lífgar þó upp á.



2



3



4





Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Sumarkort 13 vikur á 13 þúsund

## Opna kerfið Þinn tími er kominn!

1. Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki
2. Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun
3. Pallatími, samsett spor, mikil brennsla
4. Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur
5. Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur
6. Yoga
7. Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð
8. MRL - Magi, rass og læri
9. Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar

**Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB**
*Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði*

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**
**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

Stundatafla fyrir Opna kerfið

| | mán | þri | mið | fim | fös | lau | sun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | 4. | 5. | 1. | 1. | 8. | | |
| 07:30 | 1. | 1. | 4. | 9. | | | |
| 08:30 | | 4. | 1. | 1. | 1. | | |
| 09:30 | | | | | | 1. | |
| 10:30 | | | | | | 7. | |
| 11:30 | | | | | | | |
| 12:15 | 2. | 1. | 1. | | 7. | | |
| 13:30 | 1. | | | 1. | | | |
| 14:30 | | | | | | | |
| 15:30 | | | | | | | |
| 16:30 | 3. | 1. | 1. | 4. | 1. | | |
| 17:30 | 1. | 1. | 8. | 1. | | | |
| 18:25 | | | 1. | | | | |

*Ath. númerin útskýra tímana*

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun











Cos

GLÆSIBÆ
ÁLFHEIMUM 74
SÍMI. 588 5575



Nina
NINA RICCI
le nouveau parfum magique

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.**

**Aktu Taktu**
**Aktu Taktu Skúlagötu leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Kvöld og helgarvaktir í boði. Allir hvattir til að sækja um. Skemmtilegt starf á skemmtilegum og líflegum vinnustað. Umsóknir á aktutaktu.is.**

**Serrano Hringbraut - Eldhús**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í eldhús á Serrano Hringbraut. Um er að ræða 8 klukkustundir á dag, 5-6 daga vikunnar. Reynsla af eldhússtörfum er mikilvæg. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna. Nánari upplýsingar veitir Lena í síma 899 8947.**

**Kitchen work**
**We need help in the kitchen at Serrano restaurant on Hringbraut. The work is around 8 hours, 5-6 days a week. Kitchen experience is necessary. Apply at www.serrano.is/atvinna or get further info by calling Lena 899 8947.**

Olíudreifing

**MEIRAPRÓFS-BÍLSTJÓRAR REYKJAVÍK**
**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumar- og framtíðarstarf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Olíudreifing greiðir fyrir ADR námskeið. Starfið stendur báðum kynjum til boða. Allar nánari upplýsingar veitir: Helgi í síma 550 9937 umsóknir sendist á tölvupóstfang helgim@odr.is**

**Hlutastörf á Pizza Hut**
**Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í hlutastörf í veitingasal og í eldhús. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandi 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

b5
Bankastræti

**Vegna stækkunar**
**vantar helgarstarfsfólk í eftirfarandi störf: barþjóna, þjóna í sal, dyraverði og glasabörn. Umsóknir sendist á b5@b5.is**

**Borgargrill**
**Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Kvöld og helgarvinna. Upplýsingar í síma 695 6869 Borgargrill við Miklubraut.**

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

We are hiring new cleaning staff for full time work. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday-Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

Eins og heitar lummur. Vilt þú gerast LR ráðgjafi? Gríðalegur vöxtur og möguleikar. S. 662 5599.

Óska eftir bifvélavirkja eða vönum manni vantar einnig á smurstöð. Uppl. í s. 899 4009 & 587 4700.

**Starfsfólk í Garðvinnu**
Óska eftir starfskröftum í garðslátt og umhirðu. Uppl. í s. 691 9151. Garðlíf.

Unglingur óskast í sveit í sumar. Uppl. í s. 865 8104.

Hárstofa í miðborginni óskar eftri útlærðum í hárinu. Góð laun. Uppl. í s. 896 8544.

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 3434 & 822 5229.

**Bílasala**
Óskum eftir að ráða dreng eða stúlku til afleysinga á bílasölu í sumar. Reyklaus vinnustaður. S. 892 0655

**Starfsmaður óskast**
Handlaginn starfsmaður óskast í 2 mánuði á hjóhýsasölu og leigu. Áhugasamir vinsamlega hafið samband í síma 587-2200 Vagnasmiðjan ehf.

**Vantar strax!!**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Starfsfólk óskast í garðvinnu í sumar. Góð laun í boði. Uppl. í s. 695 5521.

Stýrimaður óskast á 200 tonna dragnhútabát sem gerir út frá Reykjanesi. S. 864 8096 & 864 8097.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt




550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

**SAFAMÝRI 83** 41.500.000

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN
Sími: 512 3600
www.logheimili.is


178 m² · 5 herbergi · Byggt 1964 · Brunabótamat: 25.000.000

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN** Skipholti 15 kynnir mjög glæsilega, vel skipulagða 178 fm sérhæð í þríbýli með 30 fm bílskúr á þessum eftirsótta stað. Svefnherbergi með hlyn parketi á gólfi. Eldhús með dúk á gólfi og er rúmt, með góðum borðkrók. Borðstofa og stór stofa sem eru samliggjandi og með hlynarparket á gólfi. Stórir gluggar eru í stofu og borðstofu og því stofan mjög björt. Útgengt er út á suður/vestur svalir sem eru mjög stórar. Minna svefnherbergið er með eikarparketi á gólfi en hjónaherbergi með dúk. Á baðherbergi er nuddbaðkar og flísalagt á gólfi og veggjum. Gróin lóð og mög rólegt hverfi. Verið er að mála alla eignina og laga tröppur ofl.

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 17:30 - 18:00**





**Jón Bjarni Jónsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 896 1067**
jonbjarni@logheimili.is


**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Félag Fasteignasala

**Hárstofa**

**Burknavellir 17C**
Hafnarfjörður - Vellirnir
Glæsileg íbúð

**Stærð: 112 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2003**
**Brunabótamat: 18.850.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Torg







Bergsteinn Gunnarsson
Lögg. fasteignasali


Bjarni Blöndal
Sölufulltrúi
861 0444
blondal@remax.is

Í dag þriðjudag frá 18:00-18:30

**Verð: 24.900.000**

RE/MAX Torg kynnir virkilega fallega og vel skipulagða 112fm 4.herbergja endaíbúð með sérinngangi af svölum á 3. og efstu hæð á frábærum stað á Völlunum. Mjög björt íbúð með glugga á 3. vegu. Eldhús með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum. Stofan björt, útgengt út á suð-austur svalir, glæsilegt útsýni. Rúmgott hjónaherbergi og tvö barnaherbergi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og falleg innrétting. Friðuð Ástjörnin, hraun og ósnortin náttúra bak við hús. EKKI MISSA AF ÞESSARI.

**RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is**

**ÞORLÁKSGEISLI 23** 34.900.000

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN
Sími: 512 3600
www.logheimili.is


130 m² · 5 herbergi · Byggt 2004 · Brunabótamat: 26.500.000

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN** Skipholti 15 kynnir mjög glæsilega, vel skipulagða 5 herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er 130 fm. Komið er inn í forstofu með náttúrusteini á gólfi, fatahengi og fataskáp úr eik. Eldhús er með eikarinnréttingu og eyju. Náttúrusteinn er á eldhúsgólfi og tæki frá AEG. Stofa og borðstofa eru samliggjandi og með suðursvalir, eikarparket er á gólfum Svefnherbergi eru 4, öll með eikarskápum og parketi. Baðherbergi er flísalagt, eikarinnrétting, baðkar og sturta. Þvottahús er flísalagt. Geymsla er 6,5 fm.

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 17:30 - 18:00**





**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is


**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Félag Fasteignasala

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

**ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN**
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.



# EIGNIR ÓSKAST!

**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**

- ~~4-6 herbergja~~ í hverfi 109
- Rað- og eða parhús í 201 og 203
- Einbýlishús í hverfi 108, 170, 203 og 201

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Félag Fasteignasala



**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala



allt heimili
Alla fimmtudaga


# ÚTBOÐ

Orkuveita Reykjavíkur
míla

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavikur og Mílu ehf.:**

***Ýmis smærri verkefni 2007, jarðvinna, lagnir og yfirborðsfrágangur.***

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 12. júní 2007.
Opnun tilboða: 26. júní 2007, kl. 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10997

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is



# Gröfumaður á hjólavél

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Nánari uppl. gefur Jón Hákon í síma 693-7319.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

ATVINNA

# Mótaðu framtíðina með okkur...

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar auglýsir eftir jákvæðu og lífsglöðu starfsfólki til ýmissa starfa í grunn- og leikskólum bæjarins.**

**Nánari upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi leikskóla nema annars sé getið.**

## GRUNNSKÓLAR

**Áslandsskóli**
*S. 585 4600 – leifur@aslandsskoli.is*
**Almenn kennsla í miðdeild**
**Textílmennt**
**Íþróttakennsla**
**Stærðfræði á unglingastigi**
**Skólaliði**

**Engidalsskóli**
*S. 555 4433 – audur@engidalsskoli.is*
**Smíðakennsla**

**Hraunvallaskóli**
*Sími 590 2800 – einar@hraunvallaskoli.is*
**Kennarateymi á yngsta stigi**
**Umsjónarkennarar**
**Smíðakennsla**
**Sérkennsla**
**Skólaliði**

**Hvaleyrarskóli**
*Sími 565 0200 – helgi@hvaleyrarskoli.is*
**Almenn kennsla og umsjón á mið- og yngsta stigi**
**Tölvukennsla**
**Náttúrufræðikennsla á unglingastigi**
**Enska á unglingastigi**
**Íþrótta- og sundkennsla**
**Skólaliði**

**Lækjarskóli**
*Sími 555 0585 – haraldur@laekjarskoli.is*
**Deildarstjóri námsvers innan fjölnáms sem er úrræði fyrir elstu bekki grunnskólans**
**Skólaliði**
**Stuðningsfulltrúi**

**Víðistaðaskóli**
*Sími 595 5800 – sigurdur@vidistadaskoli.is*
**Stærðfræðikennsla**
**Náttúrufræðikennsla**
**Almenn kennsla á miðstigi**

**Öldutúnsskóli**
*Sími 555 1546 – herla@oldutunsskoli.is*
**Umsjónarkennsla á yngra stigi og miðstigi**
**Danska á unglingastigi**
**Deildarstjóri á unglingastigi**
**Bókasafns- og upplýsingafræðingur**

## LEIKSKÓLAR

**Arnarberg**
*Sími 555 3493 – arnarberg@hafnarfjordur.is*
**Deildarstjóri** – *frá hausti*

**Álfasteinn**
*Sími 555 6155 – alfasteinn@hafnarfjordur.is*
**Deildarstjóri**
**Matreiðslumeistari/matráður**

**Hlíðarberg**
*Sími 565 0556 – hlidarberg@hafnarfjordur.is*
**Matreiðslumeistari/matráður**
**Aðstoð í eldhús**

**Hlíðarendi**
*Sími 555 1440 – hlidarendi@hafnarfjordur.is*
**Starfsmaður í eldhús** – *frá 1. ágúst*

**Hraunvallaskóli**
*Sími 590 2880 – sigrunk@hraunvallaskoli.is*
**Deildarstjórar**
**Leikskólakennarar**

**Hvammur**
*Sími 565 0499 – hvammur@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennari – frá hausti**
**Aðstoð í eldhús**

**Kató**
*Sími 555 0198 – kato@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennara** *(100%) frá 1. ágúst*
*Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu*

**Norðurberg**
*Sími 555 3484 – nordurberg@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar**

**Stekkjarás**
*Sími 517 5920 / 664 5862 – stekkjaras@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar á ungbarnadeild leikskólans.**
*Deildin verður opnuð í ágúst og uppeldisstarf deildarinnar mun byggja á starfsaðferðum Reggio Emilia. Sjá nánar á heimasíðu skólans.*

**Vesturkot**
*Sími 565 0220 –vesturkot@hafnarfjordur.is*
**Deildarstjórar**
**Leikskólakennarar**



## HRAUNVALLASKÓLI
*SAMVINNA -ÁBYRGÐ – VINÁTTA*

### Leikskólakennarar

**Vilt þú taka þátt í því að móta og byggja upp skólastarf í nýju hverfi?**

**Í dag eru nemendur á leikskólaaldri um 100 en tveimur deildum verður bætt við í haust og þá er kjörið tækifæri fyrir áhugasama deildarstjóra, leikskólakennara, annað uppeldismenntað starfsfólk og starfsfólk með reynslu af uppeldisstörfum að taka þátt í þeirri þróunarvinnu.**

**Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu skólans, www.hraunvallaskoli.is.**

**Nánari upplýsingar veita:**
**Sigrún Kristinsdóttir leikskólastjóri**
***sigrunk@ hraunvallaskoli.is***
**Sigríður Ólafsdóttir aðstoðarleikskólastjóri**
***siggaola@ hraunvallaskoli.is***
**Ágústa Bárðardóttir skrifstofu- og rekstarstjóri**
***agusta@ hraunvallaskoli.is***

**Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2007.**



## SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR

### Fulltrúi

**Staða fulltrúa á Skólaskrifstofu er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt við innritun og öll almenn skrifstofustörf.**

**Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku máli, vera vandvirkur og reglusamur og hafa til að bera jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.**

**Góð tölvukunnátta er skilyrði og æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.**

**Allar upplýsingar veita Sigurborg Kristjánsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla og Ingibjörg Einarsdóttir skrifstofustjóri í síma 585 5500. Umsóknarfrestur er til og með 24. júní.**

**Umsóknum skal skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður eða á netfangið bogga@hafnarfjordur.is.**

HAFNARFJÖRÐUR

Hafðu samband og fáðu upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

FABRIKAN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.136 **+1,18%**

**Fjöldi viðskipta:** 405
**Velta:** 6.703 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATL. PETROLEUM** | +6,87% | **BAKKAVÖR** | -0,43% |
| **ACTAVIS** | +3,90% | **ALFESCA** | -0,41% |
| **FL GROUP** | +3,18% | **365** | -0,27% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,69 -0,27% ... Actavis 88,00 +3,90% ... Alfesca 4,90 -0,41% ... Atlantic Petroleum 1.151 +6,87% ... Atorka 8,02 +0,50% ... Bakkavör 70,00 -0,43% ... Eimskipafélagið 40,70 +0,00% ... FL Group 29,20 +3,18% ... Glitnir 28,30 +0,89% ... Kaupþing 1.091 +0,83% ... Landsbankinn 37,45 +0,94% ... Marel 85,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,20 +1,19% ... Össur 106,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Exista fjárfestir í sportvörunum

Exista og Chris Ronnie hafa saman í félagi fest kaup á 29 prósenta hlut í bresku íþróttavöruverslanakeðjunni JJB Sports fyrir 24 milljarða króna. Seljendur eru David Whelan og fjölskylda sem leitt hafa vöxt keðjunnar á undanförnum árum.

Þótt Exista hafi ekki fjárfest áður í verslunargeiranum falla kaupin vel að fjárfestingarstefnu félagsins í rekstrarfélögum. Þar er horft til mikils fjárflæðis, sterkrar markaðsstöðu og öflugs stjórnendateymis.

JJB Sports rekur um 410 verslanir á Bretlandseyjum auk verslana á Írlandi. Verslunarkeðjan hefur vaxið hratt, ekki síst eftir að hún keypti keppinautinn, Sport Division, af Sir Tom Hunter og fleirum árið 1998 og varð fyrir vikið stærsta verslunarkeðja með íþróttavörur á Bretlandseyjum.

Ronnie mun gerast aðstoðarforstjóri félagsins og tekur sæti í stjórn. Hann hefur á 25 árum í bransanum starfað hjá JJB Sports, Sport Divison og Umbro.

Kaupverðið miðast við að 2,75 pund á hvern hlut en bréfin stóðu í 2,57 pundum við lokun markaða í Lundúnum í gær og höfðu hækkað um rúm þrjú prósent. Kaupthing Singer & Fridlander annaðist fjármögnun og leiddi kaupendur og seljendur saman. **- eþa**



**DAVID WHELAN OG EGGERT MAGNÚSSON** Whelan-fjölskyldan, sem selur 29 prósent, á úrvaldsdeilarliðið Wigan.



**ÞRÍR STJÓRNARMENN ACTAVIS** Sindra Sindrasyni, hér lengst til hægri, þykir líklegast að yfirtökutilboð Novators í félagið verði hækkað.

## Þykir hærra boð líklegast

Athafnamaðurinn Sindri Sindrason gerir ráð fyrir að yfirtökutilboð Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, í Actavis verði hækkað.

Sindri er einn þeirra þriggja stjórnarmanna í Actavis er tóku tillit til yfirtökutilboðs Björgólfs Thors í félagið. Hinir tveir voru Magnús Þorsteinsson og Baldur Guðnason. Stjórnin leitaði ráðgjafar alþjóðlega fjárfestingabankans JP Morgan. Álit hennar byggðist á þeim niðurstöðum bankans að tilboðið, upp á 0,98 evrur á hlut, væri of lágt.

Álit stjórnarinnar var birt eftir lokun markaða á föstudag. Í gær var umtalsverð velta með bréf félagsins sem hækkuðu um 3,9 prósent yfir daginn. **- hhs**

## Spá lægri verðbólgu

**Hagstofan birtir í dag tölur um vísitölu neysluverðs fyrir júní. Greinendur Kaupþings spá 0,6 prósenta hækkun á milli mánaða, Greiningardeild Landsbankans spáir 0,4 prósenta hækkun en greining Glitnis reiknar með 0,8 prósenta hækkun.**

**Miðað við þessar spár lækkar tólf mánaða verðbólgan en hún mældist 4,7 prósent í maí.**

**Hækkun fasteignaverðs og eldsneytisverð drífur verðbólguna áfram um þessar mundir. - eþa**

## Vöruskipti yfir spám

Vöruskipti Kínverja voru jákvæð um jafnvirði 22,4 milljarða bandaríkjadali, 1.446 milljarða íslenskra króna, í síðasta mánuði. Niðurstaðan, sem er langt yfir væntingum, er heilum 73 prósentum meiri afgangur af vöruskiptum en á sama tíma í fyrra.

Breska ríkisútvarpið segir vel geta verið að viðskiptaviðræður Kínverja við Bandaríkjamenn fari í háaloft vegna þessa enda er langmestur hluti afgangsins kominn til vegna útflutnings á ódýrum varningi til Bandaríkjanna. **- jab**



**GEORGE BUSH (1924-) ER 83 ÁRA Í DAG**



*„Ég hef eigin skoðanir, sterkar skoðanir, en ég er ekki alltaf sammála þeim.“*

***George Bush eldri var forseti Bandaríkjanna frá 1989 til 1993.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. JÚNÍ 1964

## *Mandela fangelsaður fyrir lífsstíð*

Nelson Mandela er dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir skemmdarverk þennan dag fyrir 43 árum. Þetta var í annað sinn sem réttað var yfir Mandela vegna föðurlandssvika . Hann var ákærður árið 1956 en málið látið niður falla eftir fjögur ár fyrir dómsstólum.

Mikil mótmæli brutust út eftir að dómur var kveðinn upp árið 1964. Meðal annars var send bænaskrá til Sameinuðu þjóðanna um að Mandela yrði frelsaður.

Mandela eyddi mestum hluta þeirra 27 ára sem hann sat í fangelsi í Robben Island fangelsinu stutt frá Höfðaborg.




**FRJÁLS** Nelson Mandela og fanganúmerið sem hann hafði í þau 27 ár sem hann sat í fangelsi.

Mandela var sleppt úr fangelsi árið 1990 og fékk þremur árum síðar friðarverðlaun Nóbels ásamt F.W. de Klerk, forseta Suður-Afríku. Árið 1994 var hann kosinn forseti Suður-Afríku í fyrstu kosningunum í landinu þar sem allirlandsmenn höfðu kosningarétt óháð litarhætti.

Hann lét af embætti árið 1999 en ferðast áfram um heiminn til að boða frið.

## MERKISATBURÐIR

**1838** Bjarghrun varð í Grímsey og Málmey vegna jarðskjálfta. Maður beið bana. Í skjálftunum í þessari hrinu hrundu hús í Skagafirði og Eyjafirði.

**1942** Anna Frank fékk dagbók í afmælisgjöf þegar hún varð þrettán ára.

**1911** Melavöllurinn í Reykjavík var vígður. Hann var þá suðvestur af kirkjugarðinum við Suðurgötu en var síðar fluttur austar og sunnar og vígður 17. júní 1926.

**1987** Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, skoraði á Mikhail Gorbatsjov að rífa niður Berlínarmúrinn.

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ástríður Guðmundsdóttir**

frá Seljabrekku, Seilugranda 3,

lést á líknardeild LHS, Landakoti, sunnudaginn 10.06. sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Stefán Eiríksson**
**Guðmundur Már Stefánsson** **Auður Margrét Möller**
**Stefán Hrafn Stefánsson** **Ása Hrönn Kolbeinsdóttir**
**Helga Björk Stefánsdóttir**
**Ásta Hrönn Stefánsdóttir**
**Hrefna Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristinn Guðbergsson**

Karfavogi 42,

lést 30. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og kveðjur. Sérstakar þakkir til hjúkrunarþjónustunnar Karitas og starfsfólks deildar 11E, Landspítalanum við Hringbraut.

**Ingibjörg Gunnarsdóttir**
**Skúli Kristinsson** **Unnur Ása Jónsdóttir**
**Aðalbjörg Skúladóttir**
**Halldóra Þórdís Skúladóttir**
**Árni Kristinn Skúlason**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þórður G. Finnbjörnsson,**

flugstjóri,

sem lést 3. júní síðastliðinn verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni 14. júní kl. 13.00.

**Elísabet Elíasdóttir**
**Sigríður Þórðardóttir** **Pétur K. Hlöðversson**
**Þorbjörg Auður Þórðardóttir**
**Viðar Bragi Þórðarson**
**Ragnheiður Bára Þórðardóttir** **Timo Jenssen**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**


Sverrir Einarsson


Hermann Jónasson


Geir Harðarson


Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


MAX DAGER: NÝR FORSTJÓRI NORRÆNA HÚSSINS

# Breytingar að innan sem utan

Um síðustu áramót tók Svíinn Max Dager við stjórnartaumum Norræna hússins og hyggur hann á töluverðar breytingar hvað varðar starfsemi þess og skipulag. Til að byrja með stendur til að loka húsinu í um tvo mánuði en mikilla endurbóta var orðið þörf, bæði á pípulögnum sem og skipulagi á rýminu innandyra.

„Það má segja að Norræna húsið hafi verið að sökkva niður í Vatnsmýrina og ég dró enga dul á það frá upphafi að ef ég yrði fyrir valinu sem forstjóri hússins þá hygðist ég breyta miklu,“ segir Max og ljóst er að hann er mjög áhugasamur um starf sitt.

„Mig langar til að endurheima stöðu hússins í íslensku menningarlífi og fyrsta verkið var að ráðast á pípulagnir hússins, en nú eru um fjörutíu ár síðan hugað var að þeim,“ segir Max og bætir því við að hann verði sá fyrsti til að loka húsinu í tvo mánuði.

Að endurbótunum loknum lofar Max Dager miklu betra Norræna húsi og lifandi dagskrá en opnunin mun verða í samvinnu við Menningarnótt og afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst. Í tilefni af þeim tímamótum verður reistur skáli á lóð hússins og þar munu fjölmargir listamenn koma fram.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Max stendur fyrir skemmtun sem fer fram í skála, því áður en hann tók við núverandi stöðu sinni var hann meðal annars sirkusstjóri hjá hinum víðfræga Cirkus Cirkör í Svíþjóð. „Ég var einn af stofnendum sirkussins og ferðaðist með honum um allan heim við að setja upp sýningar, en ég hef einnig verið viðriðinn margs konar önnur verkefni sem tengjast menningu og listum, meðal annars starfaði ég með menntamálaráðuneyti Víetnams við útbreiðslu þarlendrar listar,“ svarar Max þegar hann er spurður út í sín fyrri störf. „Ásamt íslenskri eiginkonu minni ákvað ég svo eftir 27 ára búsetu á Norðurlöndum að flytja til Íslands og reiknaði með að geta haldið í starf mitt, en svo áttaði ég mig á því að mig langaði ekki til að lifa lífinu í flugvélum og á flugvöllum og þannig má að segja að mín núverandi staða hafi orðið til,“ segir þessi reynsluríki Svíi að lokum, en hann mun kynna breytingarnar ýtarlega á blaðamannafundi klukkan ellefu í dag. **mhg@frettabladid.isv**



**FORSTJÓRINN** Max Dager ætlar að loka Norræna húsinu í tvo mánuði í sumar og opna það aftur með glæsibrag 18. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir**

Lynghaga 13, Reykjavík,

lést 29. maí að hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 12. júní nk. kl. 13.00.

**Hallgrímur Gunnarsson** **Steinunn Helga Jónsdóttir**
**Gunnar Snorri Gunnarsson**
**Áslaug Gunnarsdóttir** **Þór Þorláksson**
**og barnabörn**

## AFMÆLI



**Daði Guðbjörnsson** listmálari er 53 ára.



**Friðrik Þór Friðriksson** kvikmyndaleikstjóri er 53 ára.



**Helga Möller** söngkona er 50 ára.




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## TÓNLEIKAFERÐIR



### Metallica í Árósum
**13.–15. júlí**

Einhverjir stærstu og mögnuðustu rokktónleikar ársins fara fram í Vestereng í Árósum, föstudaginn 13. júlí þegar Daninn Lars Ulrich og félagar í Metallicu mæta. Sveitin er klárlega ein magnaðasta rokkhljómsveit samtímans og á að baki farsælan feril. Annars þarf ekkert að fjölyrða um Metallicu, annað hvort ertu rokkari eða ekki. Og ef þú ert rokkari, þá er skyldumæting.

**Verð á mann í tvíbýli**
**64.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum, gisting í tvær nætur, lestarferð, til og frá Árósum og miði á tónleikana.

### Rod Stewart í Stokkhólmi
**18.–22. júlí**

Nú er það sjálfur strigabarkinn Rod Stewart sem ætlar að gera allt vitlaust í Stokkhólmi. Express Ferðir eru að sjálfsögðu vel með á nótunum og bjóða upp á hópferð á þessa mögnuðu tónleika enda má gera ráð fyrir að allir hans helstu smellir muni hljóma. Ekki missa af þessu einstaka tækifæri til að hlýða á goðið!

**Verð á mann í tvíbýli**
**69.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum, gisting í 4 nætur með morgunverði og miði á tónleikana.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100


# STUÐ MILLI STRÍÐA Flugubani í Barcelona

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** FERÐAÐIST Á HÆTTUSLÓÐUM



Ég hætti mér til sólarlanda í síðustu viku eða til borgarinnar fögru Barcelona. Ég segi hætti mér vegna þess að það er mjög hættulegt fyrir mig að stunda slíkar ferðir. Stór hluti ferðarinnar fór í veiðar á þeim dýrum sem ég er hvað hræddust við. Jú, það eru moskítóflugurnar vænu enda úir og grúir af þeim í heitum löndum og þær drekka blóð. Þeim finnst blóðið mitt gott. Í moskítóveröld er ég „gourmet“.

Mér væri aðeins meira sama ef líkami minn hefði ekki tekið upp á því fyrir nokkrum árum að þróa með sér einhvers konar ofnæmisviðbrögð við stungum flugnanna. Ég fæ ekki þessar venjulegu bólur sem allir kvarta yfir. Ég fæ hóla. Stóra hóla sem með tímanum breiða úr sér og mynda heilu fjallgarðana á líkama mínum. Í útskriftarferðinni til Kýpur voru fjallgarðarnir svo margir og miklir að fóturinn á mér minnti á fílsfót. Ég þurfti að dúsa í heilan dag á spítala með sýklalyf í æð enda leist lækninum ekki á vanskapnaðinn sem fóturinn var. Endurtók bara: „This is very bad, VERY bad.“ Skemmtileg orð að heyra frá lækni. Sama sagan endurtók sig á Interrail um árið og þar ferðaðist ég um með uppblásna hægri hönd í nokkra daga.

Nú hins vegar er ég hætt að vera fórnarlamb. Nú er ég veiðimaður og varnarmeistari. Ef ég væri í íslenska handboltaliðinu væri ég Sigfús. Ef ég væri fótboltamaður væri ég Maldini en hann er víst mjög mjög góður í vörn. Ég fór að minnsta kosti til Barcelona vopnuð trylltu „roll-on“ moskítóeitri sem ég baðaði mig í. Það var svo sterkt að kærastinn minn engdist þegar hann gaf mér koss. Auk þess fyllti ég mallann af risastórum B-vítamín töflum sem flugurnar hata. Útkoman varð sú að ég fékk ekki eitt einasta bit. Mér líður eins og sigurvegara. Staðan er reyndar ennþá 2-1 fyrir flugunum en ég mun ferðast óhrædd um allan heim á næstu árum og raða inn stigum. Ég hræðist ekki lengur moskítóflugur. Þær hræðast mig.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





Hvað er að frétta?

Við tæklum sportið_




www.visir.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






# Nýtt sakamálaverk í æfingu

**Í gær hófust upptökur hjá Útvarpsleikhúsinu á nýju framhaldsleikriti sem byggir á sakamálasögu Ævars Arnar Jósepssonar, Sá yðar sem syndlaus er.**



**ALVÖRU MÁL** Frá fyrsta upplestri í Útvarpsleikhúsinu í gær. Frá vinstri leikarnir Magnús Ólafsson, Sigurður Skúlason, Rúnar Freyr Gíslason, Valdimar Flygenring og Theodór Júlíusson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sakamálaraðir Útvarpsleikhússins hafa í áratugi verið með vinsælasta efni sem Útvarpsleikhúsið sendir frá sér en útsendingar á slíkum verkum hafa kallað um fimmtán til tuttugu þúsund áheyrendur að útvarpsviðtækjum. Þá eru framhaldsleikritin aðgengileg á vef RÚV. Eru þau með vinsælasta efni sem Rás 1 Ríkisútvarpsins er með á sinni dagskrá.

Sagan sem Bjarni Jónsson leikskáld hefur snúið í útvarpsform kom út á síðasta ári og heldur þar áfram sögum af teymi lögreglumanna í Reykjavík: efni sögunnar er sem kunnugt er tengt starfsemi trúardeildar í Reykjavík á okkar tímum. Eldri maður finnst látinn í íbúð sinni í Breiðholtinu og hefur verið myrtur. Enginn virðist hafa saknað hans í alla þá mánuði sem hann hefur setið dauður í Lazy-Boy stólnum sínum, með stillt á kristilegu sjónvarpsstöðina Alfa. Það kemur í hlut lögreglumannanna Stefáns, Katrínar, Guðna og Árna að grafast fyrir um hið sanna í málinu, sem snertir fjölskyldu fórnarlambsins, en teygir einnig anga sína út í Kópavog þar sem fram fer í einu og sama húsnæðinu öflugt safnaðarstarf og innflutningur á einingahúsum frá Lettlandi.

Það er Ágúst Guðmundsson sem leikstýrir stórum hópi leikara en þeirra á meðal eru Ingvar E. Sigurðsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Sigurður Skúlason, Theodór Júlíusson og fleiri en á þriðja tug persóna kemur fram í verkinu.

Ævar Örn Jósepsson hefur verið tilnefndur til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna. Gagnrýnendur tóku sögum hans fagnandi þá þær tóku að koma út: Um Blóðberg sagði Þórarinn Þórarinsson hér í Fréttablaðinu: „Með þessari bók er Ævar Örn orðinn einn af aðal sakamálahöfundum landsins, ef ekki sá besti.“ Starfsbróðir hans á Mogganum, Björn Þór Vilhjálmsson var álíka hrifinn: „Íslenskar sakamálasögur verða ekki betri en þetta.“

Sá yðar er seinni af tveimur sakamálaröðum sumarsins: Hin fyrri er á dagskrá í júlí: Mótleikur eftir Jón Hall Stefánsson. Mótleik leikstýrir Guðmundur Ingi Þorvaldsson og tónlistin er í höndum Halls Ingólfssonar.

Útvarpsleikhúsið er einn kjarninn í rekstri Rásar 1. RÚV tók að flytja leikverk þegar í upphafi og voru útsendingar í beinni til að byrja með. Í fórum RÚV eru hundruð útvarpsleikrita frá fyrri tíð og eru þau verk ein mikilvægasta heimild um leikstíl sem til er hér á landi. Aðsókn að Útvarpsleikhúsinu skákar flestum sviðsetningum leikhúsanna og skyggir á velflestar kvikmyndir sem sýndar eru í kvikmyndahúsum. Þar er mikilvægur vettvangur fyrir íslenska höfunda og aðra leikhúslistamenn. Standa vonir til að safn Útvarpsleikhússins verði í framtíðinni gert aðgengilegra með nýrri tækni og sett verði á stofn hlaðbúð þar sem nálgast má nýtt og gamalt efni áhugamönnum til afþreyingar. pbb@frettabladid.is




## NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá Máli og menningu bókin Hornstrandir – Gengið um eyðibyggðir frá Snæfjallaströnd til Ingólfsfjarðar eftir Pál Ásgeir Ásgeirsson blaðaog útivistarmann. Áður hefur Páll sent frá sér ýmsar ferða- og gönguleiðabækur, svo sem bækurnar Bíll og bakpoki, og Hálendishandbókina.




Hornstrandir eru einstæð og svipmikil náttúruperla sem verður flestum sem þangað koma afar hjartfólgin. Hér er landslagið ægifagurt og harðneskjulegt og ýmsar náttúrumyndir þar sannkallað furðuverk sem heillað hafa kynslóðir um aldir. Krökkt er af fugli, gróðurfar einstakt og tófan gæfari en annars staðar. Á Hornströndum er líka allra veðra von og landið að ýmsu leyti kröfuharðara við ferðamenn en í öðrum landshlutum. Hér er fjallað um allar helstu gönguleiðirnar á svæðinu, jafnt þær vinsælustu sem minna þekktar leiðir, og gefin ráð um hvaðeina sem að ferðalaginu lýtur. Þá auka greinargóð leiðakort, gps-punktar og fjölmargar litmyndir mjög gildi bókarinnar og gera hana að sjálfsögðum ferðafélaga allra þeirra sem hyggjast kanna þetta einstaka landshorn. Bókin er í handhægu broti og í plasthlífðarkápu og ný útgáfa af vönduðu landshlutakorti af Hornströndum fylgir frítt með.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

9 10 11 **12** 13 14 15

**Þriðjudagur**

### SÝNINGAR

12.00 Á sýningunni **Automatos** í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** er teflt saman verkum hinna virtu og margreyndu ljósmyndara **Olafs Otto Becker**, **Páls Stefánssonar** og **Ragnars Axelssonar** af íslensku landslagi. Hver um sig hefur náð að skapa sinn persónulega myndheim á þessu sviði og með ólíkum nálgunum á viðfangsefninu er markmiðið að draga upp trúverðuga mynd af stöðu landslagsljósmyndunar í dag.

**ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI**

**MÝRAMAÐURINN**
14/6 kl. 20 síðasta sýning,
**MR. SKALLAGRÍMSSON**
Júní: 15. kl 18 (ath.br. sýningart.) 20. kl 20 uppselt, 29. kl 20, Júlí: 1. kl 20, 5. kl 20, 13. kl. 20, 14. kl. 20, Ágúst: 11. kl. 20, 12. kl. 20, 18. kl. 20, 19. kl. 20, 30. kl. 20, 31.kl. 20
**SVONA ERU MENN (KK og Einar)**
Aukasýning 16. júní kl. 20
**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**LADDI 6-TUGUR**
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20 UPPS.
Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20
Fim 28/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Fös 15/6 kl. 20 UPPS.

**BELGÍSKA KONGÓ**
Í kvöld kl. 20
Mið 13/6 kl. 20 UPPS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
grettir.blog.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Þrjátíu ára bið á enda

Rokkhundarnir í The Rolling Stones spiluðu á sinni fyrstu tónlistarhátíð í Bretlandi í rúm þrjátíu ár þegar þeir stigu á svið á Isle of Wight-hátíðinni.

„Ég held að við séum 24. hljómsveitin sem spilar hérna. Það er frekar mikið. Vonandi eigið þið næga orku inni,“ sagði söngvarinn Mick Jagger, sem var afar frískur á tónleikunum og hljóp út um allt sviðið. Á meðal fleiri þekktra nafna á hátíðinni voru Amy Winehouse, Muse, Snow Patrol og Kasabian.



**THE ROLLING STONE** Rokkararnir spiluðu á tónlistarhátíðinni Isle of Wight í Bretlandi.

# Havnevik hitar upp

Norska söngkonan Kate Havnevik hitar upp fyrir frönsku hljómsveitina Air á tónleikum hennar í Laugardalshöll 19. júní. Havnevik, sem hitaði upp fyrir Air á tónleikaferð sveitarinnar í Bandaríkjunum og Kanada, hefur undanfarið vakið mikla athygli fyrir tónlist sína. Hefur henni verið lýst sem týnda hlekknum á milli Bjarkar, Goldfrapp og Air. Fyrsta sólóplata Havnevik, Melankton, kom út á síðasta ári við mjög góðar viðtökur. Uppselt er í stúku og palla á tónleikana í Höllinni en enn eru til miðar í stæði.



**KATE HAVNEVIK** Norska söngkonan hitar upp fyrir Air í Laugardalshöll.


## Ferðaklúbbur eldri borgara -

### Yfirlit dagsferða sumarið 2007

14. júní brottför kl 9:00
**Þórsmörk**
29. júní, brottför kl 8:00
**Þjórsárdalur - Veiðivötn**
30. ágúst, brottför kl 9:00
**Suðurströnd - Dyrhólaey - Vík**
21. september, brottför kl 13:00
**Haustlitaferð um Borgarfjörð**
17. desember, brottför kl 15:00
**Jólaljósaferð um Reykjanesbæ**

### Yfirlit lengri ferða sumarið 2007

2. - 6. júlí, brottför kl 8:00
**Vestfirðir**
10. - 14. júlí, brottför kl 8:00
**Kverkfjöll - Austfirðir**
30. júlí - 3. ágúst, brottför kl 08:00
**Sprengisandur - Flateyjardalur - Fjörður**
13. - 16 ágúst, brottför kl 8:00
**Skagafjörður - Hrísey - Akureyri**
20. - 22. ágúst, brottför kl 8:00
**Landmannalaugar - Lakagígar - Klaustur**
5. - 6. september, brottför kl 10:30
**Vestmannaeyjar**

**ALLIR ELDRI BORGARAR VELKOMNIR**

Nánari upplýsingar.

Innifalið í öllum verðum er akstur, leiðsögn og veitingar og gisting þar sem það á við.
Brottför í ferðirnar er frá Blómavali Skútuvogi.
Skráning og nánari upplýsingar um ferðirnar gefur Hannes Hákonarson í síma 892 3011

**Athugið geymið auglýsinguna !**



**Súpersól til**
**Salou**
í júní
frá **kr. 39.995**

Síðustu sætin

Terra Nova býður ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Salou í júní. Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða og litríkt næturlíf. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Verð kr. 39.995**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í viku 15. júní. Ath. Súpersólartilboð 22. og 29. júní kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 10.000 á mann.

**Verð kr. 49.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í viku 15. júní. Ath. Súpersólartilboð 22. og 29. júní kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 10.000 á mann.

TERRA NOVA
Skógarhlíð 18 – 105 Reykjavík – sími 591 9000
Akureyri – sími 461 1099 • Hafnarfirði – sími 510 9500
www.terranova.is




**LITRÍKT** Skemmtilega djörf hönnun sem minnir helst á Henrik Vibskov eða Bernard Wilhelm.



**TÖFF** Ótrúlega flott litasamsetning og skemmtilega risastórt prjónavesti.



**FLÉTTA** Svart og hvítt klikkar ekki.

# Spennandi útskriftarsýning

Útskriftarnemendurnir frá fatahönnunardeild Royal College of Art í London stóðu algjörlega undir væntingum í ár að mati tískugúrúa. Skólinn er einn sá fremsti á sínu sviði í heiminum og þaðan hafa margir frægir tískuhönnuðir útskrifast. Þar á meðal Christopher Bailey, yfirhönnuður hjá Burberry og Julien MacDonald.

Útskriftarsýningar skóla sem þessa vekja alltaf mikla athygli og menn spá og spekúlera um það hver af nemendunum nái lengst í hinum erfiða bransa. Tískuhúsin fylgjast líka vel með enda gætu þau nælt sér þarna í næsta stóra yfirhönnuð. Eins og sjá má á myndunum var af mörgu að taka á sýningunni. Þarna mátti sjá flíkur á hátískuskala, dýr og flott efni í alls kyns litum og mynstrum. Nemendur sýndu bæði karlmanns og kvenmannsföt og ýmist voru þau með hefðbundnara móti eða í stíl sem erfitt er að klæðast dagsdaglega en undursamlegt er á að horfa. -bg



**RÖNDÓTT** Örlítið nördalegt en um leið ótrúlega flott.



**MYNSTUR** Doppótt og röndótt saman er blanda sem ekki allir leggja í. Heppnast mjög vel hér.



**SKÚLPTÚR** Stórar herðar og ennþá stærri mjaðmir. Frábærlega töff á tískupallinum.



**TERTA** Fyrirsætan minnir helst á gangandi muffins köku en kjóllinn er samt flottur á pallinum.



**FRAMTÍÐ** Skemmtilegu mynstri og framtíðarstíl er hér blandað saman.



**KORSELETT** Gulur, skemmtilegur kjóll sem skartar greinilega stífu korseletti að ofan.


Tilboð þetta gildir til 15. júní nk.
Tilboðslán
...fyrir hverju sem er
• Lægri greiðslubyrði
• Lægra lántökugjald
• Óverðtryggð lán
20%
10%
0%
16,55%
21,15%
S24
Algengir vextir á skammtímalánum banka og sparisjóða
TILBOÐS VEXTIR
16,55%
Við hjálpum þér...
...að láta drauminn rætast!
S24
...og þú hagnast
*Miðað við vaxtatöflu S24 01.05.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 15.06.2007.
Sæktu um... www.s24.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:40 | 7 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 8 - 10:40 | |
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 4 | |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 | 12 |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| GOAL 2 | kl. 3:50 | 7 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 8 - 10:15 | 7 |
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 5:45 - 8 - 10:30 | DIGITAL | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 6:15 - 8:15 - 10:15 | DIGITAL | 10 |
| ROBINSON ÍSL TAL | kl. 5:45 | DIGITAL-3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN'S 13 | kl. 8- 10:20 | 12 |
| PIRATES 3 | kl. 8 | 7 |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6, 8 og 10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 6 | L |
| DELTA FARCE | kl. 8 | 10 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 6 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| HOSTEL 2 LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE LAST MIMZY | kl. 3.40 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 5 - 9 | 10 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT'S A BOY GIRL THING* | kl. 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 | |
| IT'S A BOY GIRL THING* | kl. 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 | 10 |
| *SÍÐUSTU SÝNINGAR | | |

450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS


# Enn einn angurvær Elvis

Ef foreldrarnir skíra þig Elvis er þér þá ætlaður frami á tónlistarsviðinu? Nú hefur stigið fram enn einn Elvis sem ber eftirnafnið Perkins en fyrsta plata hans, Ash Wednesday, hefur þegar hlotið lof í Bandaríkjunum.

Perkins hefur verið líkt við Rufus Wainright og Nick Drake en melankólían sem einkennir tónsmíðar hans er ekki síst til komin vegna harmrænnar fjölskyldusögu; faðir Elvis, leikarinn Anthony Perkins dó úr alnæmi árið 1992 en móðir hans, ljósmyndarinn Berry Berenson dó í hryðjuverkaárásunum í New York. Perkins hefur rætt við marga fjölmiðla um frægð foreldra sinna og sambandið við föður sinn og móður. Honum var ekki aðeins strítt á Elvis-nafninu í skóla heldur var hann einnig uppnefndur sonur Normans Bates eftir þekktustu rullu föður síns.



**FARINN AÐ FÖNDRA** Fá af börnum fræga fólksins hafa náð að fóta sig í fallvöltum heimi tónlistarinnar.

Perkins á einn bróður, Osgood sem er leikari og handritshöfundur en hefur einnig gripið í trommusettið með bróður sínum.

Platan hefur verið lengi í burðarliðnum. Perkins rekur upphaf hennar til ársins 2000 þegar hann var loksins farin að föndra af einhverri alvöru við tón- og textasmíðar. Dauði móður hans tafði hins vegar fyrir framanum en á plötunni eru fjölmargar vísanir til hennar. Í nýlegu viðtali við The Guardian kemur fram að Perkins hafi veitt sorg sinni út í tónlistina.

Vegur Perkins hefur farið jafnt og þétt vaxandi. Hann hefur hitað upp fyrir tónlistarmanninn Willy Mason og hljómsveitirnar Clap your Hands and say Yeah og My Morning Jacket, en hann er nú sjálfur farinn að þykja aðalnúmerið. Platan Ash Wednesday kemur út í Evrópu í byrjun júlí. **-khh**



**LJÓTU HÁLFVITARNIR** Vekja athygli fyrir skrautlegan klæðaburð og einlæga sviðsframkomu. MYND/HAFÞÓR HREIÐARSSON

# Erum óttalegir hálfvitar

**Síðar í mánuðinum kemur út fyrsta breiðskífa Ljótu hálfvitanna, níu manna sveitar sem á uppruna sinn að rekja norður til Húsavíkur og nágrennis.**

„Það hefur gengið furðuvel," segir Arngrímur Arnarson, liðsmaður Ljótu hálfvitanna, spurður um hvernig það gangi að smala saman níu manns nánast hvern dag og hverja helgi til að spila „þjóðlagakennt hálfvitapopp með bjórívafi" eins og Arngrímur útskýrir tónlist sveitarinnar. Sena gefur út plötuna sem enn hefur ekki hlotið nafn, en upptökum í Sýrlandi er lokið. „Nafnið er ekki alveg ákveðið en meðal vinnuheita eru Ísbjarnarknús og Popplög í G-mjólk."

Hróður Ljótu hálfvitanna hefur borist hratt síðustu mánuði en ekki er liðið nema rúmt hálft ár frá því að hljómsveitin var stofnuð. Hún varð til með samruna tveggja gleðisveita að norðan, Ripp, Rapp og Garfunkel og hinna upprunalegu Ljótu hálfvita, sem þá starfaði sem tríó. Síðan þá hafa hlutirnir gerst hratt.

„Ég held að það sé óhætt að segja það. Við höfum síðan þá spilað á hátt á fjórða tug tónleika og plata er nánast fullunnin. Ég myndi telja það nokkuð gott af hálfvitum að vera," segir Arngrímur og hlær.

Spurður um hljómsveitarnafnið segir hann að það sé annars vegar einfaldlega stórbrotið hljómsveitarnafn, „og hins vegar er það mjög lýsandi fyrir meðlimi sveitarinnar. Við erum óttalegir hálfvitar," viðurkennir Arngrímur blygðunarlaust.

Ljótu hálfvitarnir hafa vakið mikla lukku á þeim tónleikum sem þeir hafa haldið víða um land og þá hafa sífelldar breytingar á hljóðfæraskipan ekki síst vakið athygli. „Fyrir vikið verður meira líf og fjör á sviðinu," útskýrir Arngrímur og bætir við að það sé spilagleðin sem haldi þeim félögum við efnið.

„Við erum ekki að þessu fyrir peningana, það er alveg ljóst. Þetta er bara svo hrikalega gaman."

**vignir@frettabladid.is**

# Heiðruð í London

Ástralska söngkonan Kylie Minogue verður fyrsta konan til að hljóta bresku Trust-heiðursverðlaunin. Verða þau afhent við hátíðlega athöfn í London 29. október. Á meðal þeirra sem hafa áður fengið þessi heiðursverðlaun eru Sir Elton John og Peter Gabriel.

„Kylie á þessi verðlaun skilið fyrir tuttugu ár á toppnum í þessu erfiða starfi. Hún hefur veitt milljónum manna innblástur með kynþokka sínum, heiðarleika og kærleika," sagði Dave Munns, formaður dómnefndarinnar. „Kylie á sérstakan sess í hjarta þessa lands og vinsældir hennar virðast sífellt vera að aukast."

Kylie gaf út sitt fyrsta smáskífulag, I Should Be So Lucky, árið 1987 og náði það miklum vinsældum. Hún er um þessar mundir að vinna að sinni tíundu hljóðversplötu og virðist því vera að ná sér á strik eftir að hafa greinst með brjóstakrabbamein.



**KYLIE MINOGUE** Ástralska söngkonan fær heiðursverðlaun 29. október.


2 fyrir 1 í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

# Mistækur lofsöngur

**TÓNLIST**

**Soundboy Rock**

Groove Armada

★★

Þó að það sé mikið lagt í þennan lofsöng Groove Armada til danstónlistarinnar þá veldur útkoman vonbrigðum og minnir á graut sem búið er að hita upp aðeins of oft.

Það er greinilegt að þeir Andy Cato og Tom Findlay sem skipa Groove Armada hafa lagt allt undir á þessari nýju plötu. Soundboy Rock er fimmta stúdíóplata þessa breska danstónlistardúós sem hefur verið starfandi síðan um miðjan tíunda áratuginn. Hún er þeirra fjölbreyttasta plata hvað tónlistina snertir og stútfull af gestainnkomum. Candi Staton, Mutya Buena (úr Sugababes), Simon Lord (úr Simian Mobile Disco), Angie Stone, Alan Donohue (úr The Rakes) og Tony Allen eru bara nokkrir gestanna.

Groove Armada er þekktust fyrir frekar rólega og stemningsfulla tónlist, þó að Fatboy Slim remixið af I See You Baby (Shakin That Ass) sé sennilega hennar frægasta lag. Hér er reynt að víkka út sjóndeildarhringinn. Tónlistin á Soundboy Rock er hiphop og „house“ skotið elektró í bland við triphop og „80's“ rafpopp og reggí. Hljómsveitin hefur lýst því yfir að platan sé gerð til dýrðar fjölbreytninni í danstónlistarheiminum, en þó að fjölbreytnin sé töluverð er platan samt ekki sérlega vel heppnuð sem heild. Lögin eru of misjöfn að gæðum. Margt á plötunni minnir á Basement Jaxx. Sumt óþægilega mikið.

Soundboy Rock vinnur nokkuð á við frekari hlustun. Hún er unnin af talsverðum metnaði og það eru nokkur ágæt lög á henni, t.d. Get Down, Song 4 Mutya (Out of Control) og Save My Soul, en það verður að segjast eins og er að í dag er fullt af ungum og upprennandi danstónlistarmönnum að gera margfalt meira spennandi hluti. Soundboy Rock hljómar of mikið eins og grautur sem er búið að hita upp aðeins of oft.




# Bill leikur borgarstjóra

Leikarinn Bill Murray hefur tekið að sér aðalhlutverkið í fjölskyldumyndinni City of Ember. Mun hann leika borgarstjórann í ljósaborginni Ember. Leikstjóri myndarinnar, Gil Kenan, sendi síðast frá sér teiknimyndina Monster House, sem var hans fyrsta mynd í fullri lengd.

City of Ember er byggð á bók eftir Jeanne DuPrau og hefjast tökur í Belfast í sumar. Er myndin væntanleg á hvíta tjaldið í október á næsta ári.

Lítið hefur farið fyrir Bill Murray að undanförnu. Á meðal síðustu mynda hans eru Broken Flowers og The Life Aquatic With Steve Zissou.

## FÓLK Í FRÉTTUM



**John Lennon** kom í veg fyrir að **Yoko Ono** færi í fóstureyðingu þegar hún var þunguð af syni þeirra **Sean**. Ono var ekki viss UM hvort hún vildi eiga barnið þar sem þau skötuhjú voru nýtekin saman eftir átján mánaða sambandsslit. Í samtali við útvarpsstöðina BBC 4 sagðist hún hafa leyft Lennon að ákveða hvort barnið fengi að koma í heiminn. Ono og Lennon giftust árið 1969 en sonur þeirra Sean kom í heiminn árið 1975.



**París Hilton** er svo hrædd við að verða mynduð á klósettinu meðan hún afplánar fangelsisvist sína að hún neitar að borða og drekka. Hilton var færð aftur í fangelsið á föstudaginn eftir stutta dvöl utandyra en hefur hvorki bragðað vott né þurrt síðan þar sem hún óttast að illgjarnir fangaverðir muni reyna smella mynd af henni og selja.



**SÖNGKONAN DÍSELLA** Syngur með Sinfóníunni og Eivöru Pálsdóttur í kvöld.

# Hleypur í skarðið

Söngkonan Hjördís Elín Lárusdóttir, Dísella, mun leysa af stöllu sína Ragnheiði Gröndal á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld þar sem sú síðarnefnda er forfölluð.

Dísella syngur þar ásamt Eivöru Pálsdóttur nokkur af ástsælustu dægurlögum landsins flutt í útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar sellóleikara. Kynnir er útvarpskonan Ragnheiður Ásta Pétursdóttir.

Dísella lauk nýverið söngnámi á Bretlandi og komst í ellefu manna úrslit í Metropolitankeppninni sem haldin var í Academy of Vocal Arts í Philadelphiu í Bandaríkjunum en í framhaldi af því var Dísellu boðin samningur við óperuna.



## > Besti dómarinn

Matreiðslumaðurinn Magnús Þórisson hélt vel utan um veisluna í leik HK og Fram og fékk einn dómara 8 í einkunn fyrir frammistöðu sína.

## > Bestu ummælin

„Það eru ekki himin og jörð að farast þótt við töpum stigum. Það hefur gerst á hverju ári síðan fótboltinn byrjaði," sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH ,eftir jafnteflið gegn Fylki. Ólafur er greinilega með sögu FH-inga alveg á kristaltæru og lætur ekki taka sig í bólinu á þeim vettvangi.



**sport**

sport@frettabladid.is

**5. UMFERÐ LANDSBANKADEILDARINNAR:** FYLKIR STÖÐVAÐI SIGURGÖNGU FH

# *Meistararnir töpuðu loksins stigum*

Fylkir varð fyrsta liðið til að hirða stig af FH í sumar. Það sem meira er þá tókst Fylki að stöðva hina frábæru sókn FH sem var illviðráðanleg í fyrstu fjórum leikjunum.

Helstu andstæðingar FH, Valur og Keflavík, gerðu aftur á móti jafntefli þannig að forskot meistaranna minnkaði ekki.

ÍA er lið umferðarinnar en strákarnir hans Guðjóns Þórðarsonar sýndu úrvalsfótbolta gegn KR og er mikill stígandi í leik liðsins. Króatarnir tveir styrkja liðið einnig mikið og svo má ekki gleyma því að Þórður Guðjónsson er ekki kominn í sitt besta form og ÍA á hann raunverulega inni.

Fram situr í kjallaranum með KR en Fram laut í gras gegn HK í nýliðaslagnum í Kópavogi. Fram hefur spilað ágætis fótbolta en gengur illa að skora. Blikar spila líka fínan fótbolta en þeim gengur illa að klára leiki og hafa gert fjögur jafntefli í röð.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 22, Valur
**Flest skot á mark:** 7, Valur & HK
**Fæst skot:** 5, Breiðablik
**Besta skotnýting:** ÍA, 38 %
**Hæsta meðaleinkunn:** ÍA, 6,67
**Lægsta meðaleink.:** Fram, 4,77
**Grófasta liðið:** Fram, 18 brot
**Prúðasta liðið:** Keflavík, 11 brot

**Fjöldi áhorfenda:** 5.757

Það mættu 1.151 áhorfandi að meðatali á leik í 5. umferð. Flestir mættu á leik FH og Fylkis í Krikanum eða 2.236. Næstflestir voru á Akranesi eða 1.480. Fæstir áhorfendur voru aftur á móti á leik Víkings og Blika sem fram fór í Víkinni á föstudagskvöldi.

# Ég er kominn í rétta stöðu

**Bjarni Guðjónsson er leikmaður 5. umferðar Landsbankadeildar karla hjá Fréttablaðinu. Bjarni átti frábæran leik þegar ÍA rúllaði yfir KR, 3-1. Bjarni segist vera kominn í stöðu sem henti sér vel. Hann gefur kost á sér í landsliðið.**

**FÓTBOLTI** Skagamenn innbyrtu sinn fyrsta sigur á sunnudagskvöld þegar KR kom í heimsókn. Bjarni Guðjónsson átti frábæran leik fyrir ÍA. Var sem kóngur á miðjunni, stýrði spili ÍA eins og hershöfðingi, sinnti varnarskyldunni vel og skoraði mark.

„Við höfum lagt upp með að spila góðan fótbolta síðan kallinn tók við og æfingarnar í vetur voru byggðar upp á fótbolta og lítið um hlaup. Það er rétt stefna að mínu mati," sagði Bjarni en ÍA lék engan kraftabolta gegn KR heldur hraðan og léttleikandi fótbolta.

Smá áherslubreytingar voru á leik ÍA en Helgi Pétur var djúpur fyrir aftan Bjarna og Jón Vilhelm og segir Bjarni að þetta leikkerfi henti sér mjög vel.

„Þessi staða hentar mér betur en þær stöður sem ég spilaði áður. Nú get ég farið meira fram á við og það hentar mér betur," sagði Bjarni sem hefur mikla ábyrgð í liðinu en honum líkar það vel. „Ég geri þá kröfu á sjálfan mig að spila vel og við reynslumeiri mennirnir eigum að draga vagninn. Það er bara sjálfsögð krafa."

Það gekk afar illa hjá ÍA að fá erlendan liðsstyrk fyrir mótið en að lokum komu tveir sterkir Króatar sem hafa þegar sett mikinn svip á ÍA-liðið. „Það skiptir öllu að fá þessa menn inn enda sárvantaði okkur slíka menn. Hefðu þeir komið fyrr þá værum við ofar í deildinni," sagði Bjarni sem telur ekki að FH muni stinga af enda hafi ÍA og Fylkir sýnt hvað sé hægt að gera gegn FH.



**Í FANTAFORMI** Bjarni Guðjónsson fagnar hér marki með Skagamaönnum en hann hefur leikið vel í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það hefur mikið verið talað um skort á vel spilandi miðjumönnum í íslenska landsliðinu og mörgum finnst það skrítið að Eyjólfur gangi fram hjá mönnum á borð við Bjarna og bróður hans, Jóhannesi Karli.

„Ég tók þá ákvörðun sem atvinnumaður að hætta að svekkja mig á því þegar ég er ekki valinn í landsliðið. Þegar ég var atvinnumaður var það gríðarlega svekkjandi að vera ekki valinn en er það ekki lengur," sagði Bjarni sem hefur síður en svo gefið það upp á bátinn að leika aftur með landsliðinu. „Ég hef ekki lagt landsliðsskónum en velti mér ekki upp úr því þó ég sé ekki valinn. Ég gef enn kost á mér og yrði ánægður ef kallið kæmi," sagði Bjarni Guðjónsson.

**henry@frettabladid.is**



**ÞÓRA BJÖRG** Gat ekki leikið síðast vegna anna í vinnu en er komin aftur.

Íslenska kvennalandsliðið:

# Þóra snýr aftur

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna, valdi í gær 22 manna leikmannahóp fyrir leiki gegn Frökkum og Serbum.

Markvörðurinn Þóra B. Helgadóttir snýr aftur sem og Hólmfríður Magnúsdóttir. **- hbg**

### LANDSLIÐSHÓPURINN

| | |
|---|---|
| Ásthildur Helgadóttir | LdB Malmö |
| Katrín Jónsdóttir | Valur |
| Þóra B. Helgadóttir | Anderlecht |
| Edda Garðarsdóttir | KR |
| Guðrún Gunnarsdóttir | Breiðablik |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Valur |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | KR |
| Dóra Stefánsdóttir | LdB Malmö |
| Erla S. Arnardóttir | Jersey Sky Blue |
| Ásta Árnadóttir | Valur |
| Málfríður Sigurðardóttir | Valur |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | Breiðabl. |
| Rakel Logadóttir | Valur |
| Ólína G. Viðarsdóttir | KR |
| Guðný Björk Óðinsdóttir | Valur |
| Katrín Ómarsdóttir | KR |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | Valur |
| Sif Atladóttir | Valur |
| Anna Björg Björnsdóttuir | Fylkir |
| Embla S. Grétarsdóttir | KR |
| Guðný P. Þórðardóttir | Keflavík |




Vangaveltur uppi um þjálfaramálin hjá KR:

# Lítill áhugi hjá feitustu bitunum

**FÓTBOLTI** Teitur Þórðarson situr á heitasta stólnum þegar staðan í Landsbankadeild karla er skoðuð. Vesturbæjarrisinn blundar vært á botni deildarinnar og háværar raddir heyrast nú um að nóg sé komið.

Teitur er samningsbundinn KR til 2010 en óneitanlega er Teitur farinn að finna fyrir óánægju á meðal stuðningsmanna KR sem vænta meira af sínu liði. Fréttablaðið kannaði hug fjögurra þjálfara sem liggja beinast við því að taka við hinni hratt sökkvandi skútu ef stjórn KR ákveður að skipta um mann í brúnni.

Atli Eðvaldsson stýrði KR til fyrsta Íslandsmeistaratitils félagsins í háa herrans tíð árið 1999 áður en hann tók við íslenska landsliðinu. „Ég hef hug á að fara aftur út í þjálfun en ég held að það séu litlir möguleikar á því að ég færi til KR, í það minnsta meðan núverandi stjórn er við lýði. Auk þess held ég að KR muni halda í Teit áfram," sagði Atli við Fréttablaðið í gær.

Pétur Pétursson lék um árabil með KR-ingum og þjálfaði liðið árið 2000. Hann gerði liðið að Íslandsmeisturum það ár. „Teitur er þjálfari KR og mér finnst að það eigi að styðja við bakið á honum, annað hef ég ekki um málið að segja," sagði Pétur sem nú þjálfar 2. flokk Breiðabliks.



**HEITUR TEITUR** Það er óneitanlega farið að hitna undir Teiti Þórðarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ//VALLI

Logi Ólafsson hefur ekki þjálfað félagslið eftir að hann hætti með íslenska landsliðið á síðasta ári en hann hefur meðal annars þjálfað Víking, sem hann gerði að Íslandsmeisturum, ÍA og FH. „Ég ákvað að þjálfa ekki félagslið á þessu ári og hef ekkert velt því fyrir mér. Ef KR hefur samband hef ég ekkert velt því fyrir mér hverju ég myndi svara," sagði Logi.

Heimir Guðjónsson er uppalinn hjá KR en er í dag aðstoðarþjálfari Ólafs Jóhannessonar hjá FH. „Ef KR myndi hringja í dag myndi ég segja nei af því ég er að þjálfa hjá FH," sagði Heimir. **- hþh**



**ATVINNUMENN** Rúrik er hér í miðið ásamt Theodóri Elmari Bjarnasyni og Bjarna Þór Viðarssyni.

Rúrik Gíslason:

# Til Djurgarden á reynslu í dag

**FÓTBOLTI** Rúrik Gíslason heldur í dag til Svíþjóðar þar sem hann verður til reynslu hjá Djurgarden í nokkra daga. Sigurður Jónsson er þjálfari hjá félaginu en Rúrik er í leit að nýju félagi þar sem samningur hans við Charlton er að renna út.

„Mér líst vel á það litla sem ég veit um klúbbinn. Þetta virðist vera spennandi en ég læri auðvitað meira eftir reynslutímann. Siggi sagði mér að hann hefði áhuga á mér en mér skilst að hann þurfi að sannfæra stjórnina um þetta líka," sagði Rúrik við Fréttablaðið í gær. **- hþh**

Vont ástand hjá KR:

# Tölfræðin ekki hliðholl KR

**FÓTBOLTI** KR hefur aðeins eitt stig í Landsbankadeildinni eftir fimm umferðir. KR er fimmtánda liðið sem nær svo slökum árangri síðan tíu lið byrjuðu að spila í efstu deild árið 1977. Þrettán þessara liða hafa fallið úr efstu deild og tíu þeirra hafa endað í tíunda sæti.

Aðeins eitt lið hefur bjargað sér og það var ÍA árið 2006 en þá unnu Skagamenn leik númer sex og sjö. **- óój**

### LIÐ MEÐ 1 STIG EÐA MINNA EFTIR 5 LEIKI

| | |
|---|---|
| Breiðablik, 1978. | 1 stig - 10. sæti og FALL. |
| FH, 1981 | 0 stig - 10. sæti og FALL. |
| ÍBV, 1986 | 1 stig - 10. sæti og FALL. |
| FH, 1987 | 1. stig - 10. sæti og FALL. |
| Völsungur, 1988 | 0 stig - 10. sæti og FALL. |
| Víðir, 1991 | 1 stig - 10. sæti og FALL. |
| Breiðablik, 1992 | 0 stig - 9. sæti og FALL. |
| Víkingur, 1993 | 1 stig - 10. sæti og FALL. |
| Breiðablik, 1996 | 1 stig - 10. sæti og FALL. |
| Stjarnan, 1997 | 1 stig - 10. sæti og FALL. |
| Stjarnan, 2000 | 1 stig - 9. sæti og FALL. |
| Víkingur, 2004 | 1 stig - 9. sæti og FALL. |
| Þróttur, 2005 | 1 stig - 10. sæti og FALL. |
| ÍA, 2006 | 0 stig - 6. sæti |
| KR, 2007 | 1 stig - ??? |



Boot cAmp
SUMAR
2007
-SUMARTILBOÐ
25.000 kr.-
Gildir á öll Boot Camp
sumarnámskeiðin.
18. júní – 8. september.
- Nánari upplýsingar á og skráning -
- www.bootcamp.is -
Engar afsakanir - Engin uppgjöf - Hámarks árangur
- Boot Camp - Suðurlandsbraut 6b - 108 Reykjavík - www.bootcamp.is - bootcamp@bootcamp.is -

## GENE HACKMAN



Gene fór í sjóherinn sextán ára gamall og starfaði þar næstu þrjú árin. Þá fór hann í Illinois-háskólann þar sem hann nam sjónvarpsþáttaframleiðslu og blaðamennsku. Gene var rúmlega þrítugur þegar hann ákvað að fara út í leiklist og gerðist meðlimur Pasadena-leiklistarhópsins ásamt Dustin Hoffman. Gene leikur í Welcome to Mooseport á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR ER BÚIN AÐ FÁ NÓG

# *Niður með viðbjóðinn*

Nú er nóg komið af viðbjóði. Það er ekki hægt að opna blöðin né kveikja á sjónvarpinu án þess að auglýsingar hrollvekja, hryllingskvikmynda og hrollvekjuþátta flæði yfir mann. Ég hef nákvæmlega engan áhuga á þessu og vil geta flett blöðunum og horft á sjónvarpið án þess að eiga á hættu að sjá höfuðlausan búk eða eitthvað álíka miður fallegt. Þeir sem á viðbjóðinn horfa segja mér að hann verði æ ógeðslegri til að ýta við þeim allra hörðustu. Fólk er komið með þol fyrir viðbjóðnum og þarf á meiru að halda til að láta hann snerta sig – sem hlýtur að vera tilgangurinn með áhorfinu. Ég bjóst við að þetta hryllingsmyndaæði yrði aðeins bóla sem myndi springa en á þessu virðist enginn endir. Markhópurinn er greinilega til staðar og því verið að svala hans þörfum. Á meðan það er til dæmis bannað að auglýsa léttvín með grillmatnum finnst mér öfugsnúið að leyfa auglýsingar sem fjalla um morð, kvalir og pyntingar og eitthvað svo viðbjóðslegt að mér dettur það líklega ekki í hug. Svoleiðis vil ég hafa það. Mig langar ekkert að vita, sjá eða heyra af viðbjóðslegum hugdettum þessara sjúku einstaklinga sem svo kalla sig kvikmyndagerðarmenn.

Þátturinn The Riches lofar góðu og passar vel við hina góðu dagskrá á miðvikudögum. Sjónvarpsdagskráin á þriðjudagskvöldum finnst mér hins vegar afar slæm, einkum eftir að Donald Trump fann nýjasta lærlinginn. Er búin að renna yfir dagskrá allra stöðvanna en hef ekki fundið mér einn athyglisverðan þátt. Sem er allt í lagi, það er nóg annað að gera en glápa öll kvöld.



**HRYLLINGSMYNDIR**
Ætli fleiri hefðu lesið pistilinn ef myndin hefði verið af illa förnu líki?

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15** Shield STÖÐ 2



▶ **00.00** The Recruit STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.45** Pirate Master SIRKUS



▶ **20.30** How Clean is Your House? SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (2:16)
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (78:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Everwood** (17:22)
**20.50 Lithvörf** (2:12) Að þessu sinni er talað við Magneu Ásmundsdóttur rýmislistamann. e.
**20.55 Á flakki um Norðurlönd** (1:8) (På luffen Norden) Finnsk þáttaröð um ungt fólk á ferðalagi um Norðurlönd.
**21.25 Ístölt - Þeir allra sterkustu** Íþróttaþáttur um keppni þeirra allra sterkustu í ístölti sem fram fór í Skautahöllinni í Laugardal á vegum Landssambands hestamanna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (8:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Lögmál Murphys** (1:6) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.15 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Vanity Fair**
**08.15 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**10.00 Welcome to Mooseport**
**12.00 2001: A Space Travesty**
**14.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**16.00 Welcome to Mooseport**
▶**18.00 2001: A Space Travesty**
**20.00 Vanity Fair** Ný kvikmyndagerð á þessari sígildu rómantísku skáldsögu eftir William Makepeace Thackeray. Bönnuð börnum.
**22.15 Cause of Death**
**00.00 The Recruit**
**02.00 The List**
**04.00 Cause of Death**

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir**
**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Kalli á þakinu**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (67:114)
**10.15 Derek Acorah´s Ghost Towns**
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (20:23)
**14.40 Blue Collar TV** (32:32)
**15.15 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Tvíburasysturnar** (1:22)
**16.15 Batman**
**16.40 Shin Chan**
**17.03 Horance og Tína**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Simpsons** (7:21)
**20:05 Extreme Makeover: Home Edition NÝTT** (1:32)
**21.30 Las Vegas** (8:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas.
▶**22.15 Shield NÝTT** (1:10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sitt fram. Stranglega bönnuð börnum.
**23.05 Twenty Four** (21:24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin. Stranglega bönnuð börnum.
**23.50 Cold Case** (19:24) Bönnuð börnum.
**00.35 Confidence**
**02.10 May**
**03.40 Extreme Makeover: Home Edition NÝTT** (1:32)
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 Arrested Development** (14:18) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára. Michael heldur áfram að rembast við að reka fjölskyldufyrirtækið og halda um leið saman geggjuðustu fjölskyldu sem um getur, að Simpson-fjölskyldunni meðtalinni.
**20.40 Kitchen Confidential** (4:13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað.
**21.10 Young Blades** (6:13) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D´Artagnan. Hinn ungi D´Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardínála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda.
**22.00 Grey´s Anatomy** (25:25) Vinsælir þættir sem gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg en þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
▶**22.45 Pirate Master** (2:14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvörusjóræningjaskipi. Keppendum er engin miskunn sýnd en þeir þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að verða sendir burt. Eftir margra vikna baráttu sem einkennist af baktjaldamakki og svikum mun einn standa uppi sem sjóræningjameistari og hljóta milljón dollara í verðlaun. 2007. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.35 Pussycat Dolls Present: The Search** (6:8) (e)
**00.25 Entertainment Tonight** (e)
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.30 Vörutorg**
**16.30 On the Lot** (e)
**17.30 Beverly Hills 90210**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)
**20.00 All of Us** (3:22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
▶**20.30 How Clean is Your House?** Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni.
**21.00 Design Star - NÝTT** Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Það er dúndrandi dramatík, spenna og læti þegar 10 efnilegir hönnuðir berjast um að heilla dómnefndina og áhorfendur upp úr skónum.
**22.00 Angela's Eyes** (3:13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar. Prestur gerir Angelu og félögum erfitt fyrir þegar hann reynir að villa um fyrir þeim í morðmáli.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Vörutorg**
**03.40 Óstöðvandi tónlist**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Extreme Makeover: Home Edition



Í kvöld hefjast sýningar á þriðju þáttaröð þessara vinsælu þátta. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni. Ótrúlegar breytingarnar eiga sér stað en nýja húsnæðið er hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.

### Við mælum með DESIGN STAR Skjáreinn kl. 21.00

Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Í hverri viku þurfa keppendurnir, sem eru tíu talsins, að leysa erfið hönnunarverkefni og reyna að heilla dómara og áhorfendur upp úr skónum. Kynnir þáttanna er Clive Pearse sem er kunnur í Bandaríkjunum sem stjórnandi vinsæls fasteignaþáttar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Valsakóngurinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.10** Hvítu svingdívurnar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.20 Landsbankadeildin 2007** (ÍA - KR)

**20.10 Landsbankamörkin 2007**

**20.40 Formula One Behind-the-Scenes** Hvað gerist á bakvið tjöldin í Formúlu 1 kappakstrinum?

**21.30 Heimsmeistaramótið í póker** (World Cup of Poker) Heimsmeistaramótið 2006 í póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.

**22.25 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir fá þjálfa af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar.

**23.15 PGA Tour 2007 - Highlights**

**00.10 Heimsmótaröðin í póker 2006**

**01.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** (Cleveland - San Antonio) Bein útsending frá þriðja leiknum í úrslitum NBA-körfuboltans.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Rabatten **7.00** Grøn glæde **7.30** Et lykkeligt eventyr **8.00** Med kys og krav på Nordgårdskolen **8.30** Græsrødder **9.00** Den 11. time **9.30** Søren Ryge direkte **10.00** TV Avisen **10.10** Horisont **10.35** Ud i naturen **11.00** Genbrugsguld **11.25** Aftenshowet **11.55** Aftenshowet **12.20** Min store drøm **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** 21 dage i Amazon-junglen **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Maskarade **20.50** Maskarade **21.00** The Big Blue **4.30** Den hvide sten **5.00** Rasmus Klump **5.10** Morten **5.30** Kaj og Andrea **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Norsk på norsk **7.40** Sydvendt **8.10** Puls **8.35** Faktor: Jakten på meteoritten **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Anne fra Bjørkely **13.50** Biodiversity **14.00** Siste nytt **14.03** Sinbads fantastiske reiser **14.30** Sjøuhyrer **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Fra loft og kjeller **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** Splittelsen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Autofil **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Magnet i symfoni **21.00** Kveldsnytt **21.20** Hva skjedde med Diane? **23.00** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **5.30** Jukeboks: Autofil

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **8.15** Barnet och orden - om språk i förskolan **8.45** De skapade historia **9.15** Vetenskap - människan avslöjad **10.00** Rapport **10.05** Planet Earth **12.40** Den glade skomakaren **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Vid Ladogas stränder **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bolibompas sommartips **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Hunter **20.00** Paulo Coelho - ordens alkemist **20.50** Tillbaka till livet **21.20** Rapport **21.30** Six Feet Under **22.20** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


# Fáðu meira fyrir ferðina

*Velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*



*Aukið rými og bætt þjónusta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*

*Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðustu misserin. Verslunar- og þjónusturýmið hefur ríflega tvöfaldast og fjölmargir nýir rekstraraðilar bæst í hópinn. Veitingastöðum fjölgar jafnt og þétt og úrval verslana og vöruframboð hefur aldrei verið glæsilegra.*

*Fáðu meira – mættu fyrr!*

*Við hvetjum alla farþega til þess að mæta tímanlega og njóta alls þess sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu flugstöðvarinnar á airport.is.*

*Munið! Innritun hefst 2 tímum fyrir brottför!*

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

ÍSLENSKA SIA.IS FLE 37703 06/07

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Austur-Indíafélagið er uppáhalds staðurinn minn. Tikka masala kjúklingurinn þar er alveg rosalega góður.*

Unnur Elísabet Gunnarsdóttir, dansari.

# Eyjan.is opnar innan skamms

Eyjan.is er nafnið á nýjum fréttamiðli sem opnaður verður á vefnum innan skamms. Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag standa þeir Andrés Jónsson og Pétur Gunnarsson, sem báðir hafa verið virkir bloggarar, að miðlinum.



„Undirbúningurinn gengur vel og við erum vongóðir um að þetta verði að veruleika innan skamms," segir Pétur en vill lítið láta uppi um innihald síðunnar. Auk Péturs og Andrésar kemur Jón Garðar Hreiðarsson að rekstri fréttamiðilsins en hann er viðskiptafræðingur að mennt og sjálfstætt starfandi rekstrarráðgjafi.

Pétur og Andrés hafa verið virkir bloggarar síðustu mánuði. Pétur hefur haldið úti heimasíðunni hux.blog.is en Andrés hefur haldið úti bloggi á slóðinni godsamskipti.blog.is sem og vefsvæðinu ordid.blog.is. Þá hafa þeir báðir starfað sem pólitískir ráðgjafar, Pétur meðal annars fyrir Framsóknarflokkinn en Andrés fyrir Samfylkinguna.

Pétur vill ekki gefa mikið uppi um efni síðunnar en leiða má líkur að því að um einhvers konar fréttablogg verði að ræða. Á heimasíðu sinni segist Pétur lengi hafa fylgst með erlendum fjölmiðlum á netinu og fylgst daglega með bandarísku fréttabloggi. Ekki hefur verið ákveðið hvenær miðillinn opnar en vefslóðin er eyjan.is.



**ANDRÉS OG PÉTUR** Þeir félagar standa saman að nýjum fréttavef sem opnaður verður innan skamms á vefslóðinni Eyjan.is.



**LÁRÉTT**
**2.** XII, **6.** rykkorn, **8.** samstæða, **9.** prjónavarningur, **11.** dreifa, **12.** stallur, **14.** náskyldur, **16.** til dæmis, **17.** skýra frá, **18.** fljótfærni, **20.** til, **21.** málmur.
**LÓÐRÉTT**
**1.** dans, **3.** hróp, **4.** ítalskur ofnréttur, **5.** af, **7.** að vísu, **10.** rá, **13.** farfa, **15.** komst, **16.** traust, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tólf, **6.** ar, **8.** par, **9.** les, **11.** sá, **12.** sylla, **14.** náinn, **16.** td, **17.** tjá, **18.** ras, **20.** að, **21.** úran.
**LÓÐRÉTT: 1.** vals, **3.** óp, **4.** lasanja, **5.** frá, **7.** reyndar, **10.** slá, **13.** lit, **15.** náði, **16.** trú, **19.** sa.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Mónakó
2. Valgerður Sverrisdóttir
3. Tékkar











**SJÓNVARPSHJÓNIN** Svanhildur segir þau hafa nóg fyrir stafni fyrir norðan og stefnir Logi á að skrá sig í golfklúbb við fyrsta tækifæri.

**HÚS SVANHILDAR OG LOGA** Um er að ræða lítið og sætt einbýlishús sem er falið af stórum trjám sem einkenna garðinn. MYND/HALLDÓR INGI

SVANHILDUR OG LOGI: VERÐA MEÐ OPIÐ HÚS Á FISKIDEGINUM MIKLA

# Logi og Svanhildur kaupa einbýlishús á Dalvík

„Þetta er skemmtilegt hús með skemmtilega sögu. Sundlaugin er í næstu götu, skíðasvæðið er rétt fyrir ofan og á Dalvík er allt til alls. Okkur líður mjög vel hérna og viljum vera hér sem allra mest," segir sjónvarpskonan Svanhildur Hólm Valsdóttir, en hún og eiginmaður hennar Logi Bergmann Eiðsson hafa fest kaup á fallegu einbýlishúsi á besta stað á Dalvík, þaðan sem Svanhildur er ættuð og dvaldi löngum stundum í sinni æskutíð.

Um er að ræða sögulegt hús fyrir Svanhildi og fjölskyldu hennar en það var byggt árið 1953 af afasystur Svanhildar og eiginmanni hennar. Það má því segja að húsið sé aftur komið í eigu ættarinnar.

„Þetta verður meira heilsárshús en sumarhús því það koma tímabil þar sem við erum mikið fyrir norðan. Logi hefur einhver stórkostleg áform um að ganga í golfklúbb á Dalvík og spila old-boys fótbolta þannig að það er nóg um að vera. Við erum samt ekki flutt norður þar sem okkar atvinna er ennþá í höfuðborginni," segir Svanhildur.

Fiskidagurinn mikli er aðra helgina í ágúst og eins og síður er verður fiskisúpa á boðstólum í flestum heimahúsum fyrir gesti og gangandi. Og Svanhildur, sem að eigin sögn býr til býsna góða fiskisúpu, stefnir á að stilla upp tveimur logandi kyndlum fyrir framan sitt hús á Fiskideginum mikla.



**SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR** Bæjarstjórinn á Dalvík býður heiðurshjónin velkominn í bæinn.

„Þrátt fyrir að hafa alltaf ætlað hef ég aldrei komist á Fiskidaginn. En núna er ég staðráðin í að taka þátt í hátíðahöldunum," segir hún.

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkur, er að vonum hæstaánægð með að fá þau hjón í bæinn. „Ég er afskaplega glöð. Svanhildur er jú líka ættuð héðan," segir Svanfríður um kaup Loga og Svanhildar á húsinu. „Ég fagna hverjum þeim sem flyst hingað. Það er næga atvinnu að fá og uppgangurinn er mikill. Ég er glöð að fá þessi heiðurshjón í bæinn."

- vig/kh

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stjörnulögmaðurinn **Sigríður Rut Júlíusdóttir**, sem meðal annars hefur unnið glæsta sigra í stóra málverkafölsunarmálinu og Bubbamálinu svonefndum, hyggst flytja af landi brott á næstu vikum. Sigríður er á leið til Bandaríkjanna ásamt manni sínum þar sem þau ætla að setjast á skólabekk. Sigríður mun þó ljúka við málið sem hún sækir nú fyrir hönd fyrrverandi sjónvarpsstjóra Skjás eins, **Magnús Ragnarsson**, gegn 365 miðlum, útgefanda Fréttablaðsins.



Víkingahátíðin í Hafnarfirði stendur nú yfir og er vinsæl sem aldrei fyrr. Margt var um manninn á plani Fjörukráarinnar um síðustu helgi og gátu gestir og gangandi meðal annars séð alvöru handverksmenn sem og alvöru víkingabrúðkaup. Meðal gesta á hátíðinni á laugardaginn voru þeir fóstbræður **Ingvar Þórðarson** og **Hallur Helgason** sem fylgdust spenntir með alvöru víkingabardaga ásamt börnum sínum. Þá var **Ísgerður Gunnarsdóttir**, leikkona úr Stundinni okkar, þátttakandi en hún stýrði sínum eigin bás á á hátíðinni.





Einn fastagestur hátíðarinnar er þó fjarri góðu gamni að þessu sinni. Leikarinn **Steinn Ármann Magnússon** hefur gegnt hlutverki kynnis á hátíðinni undanfarin ár en hann er staddur í sumarfríi með fjölskyldu sinni og því vant við látinn. Víkingarnir hafa þó ekki dáið ráðalausir því **Halldór Kristinsson**, eða **Dóri í Tempó** eins og hann er stundum kallaður, hefur hlaupið í skarðið fyrir Stein og gert það með glæsibrag.



-vig/kh

# Þurfti 29 metra til að taka á loft

Íslandsmet í flugtakskeppni var sett á Njarðvíkurheiði á laugardag þegar Jóhann Gestur Jóhannsson, flugumferðarstjóri, flugmaður og fluvélagrúskari í Reykjanesbæ, náði að koma fisi sínu á loft á aðeins 29 metra langri braut.

Jóhann flaug sinni eigin vél af gerðinni Zenith 701 sem hann smíðaði sjálfur. „Þessi vél er með sérstökum slottum sem gerir henni kleift að taka á loft á stuttri braut og „stolla" á tiltölulega litlum hraða. Ég þarf ekki að vera á nema 25 mílna hraða til að ná henni upp," segir Jóhann, en þetta var í fyrsta sinn sem hann tók þátt í slíkri keppni. Reyndar er ekki vitað til þess að áður hafi verið keppt í viðlíka þrautum á Íslandi.

Keppnin fór þannig fram að keppendur fengu ákveðna vegalengd til að reisa flugvél sína yfir streng sem strekkt var í um eins metra hæð. Jóhann var sá eini sem sleit ekki bandið. „Ætli þetta hafi ekki verið blanda af kunnáttu og hentugri flugvél."

Jóhann er meðlimur í fisfélaginu Sléttan sem einmitt stóð fyrir flugtakskeppninni um helgina á árlegum flugdegi félagsins. Auk flugtakskeppninnar var efnt til ýmissa annarra þrauta og leikja, til dæmis í lendingum og sekkjakasti úr flugvélum. „Þetta var stórskemmtilegur dagur og margir mættu á staðinn til að fylgjast með."

Jóhann hefur smíðað fjórar flugvélar um árin og hefur að eigin sögn einstaklega gaman af.



**VÉLIN Á LOFT** Hér sést hvernig Jóhann nær að „stolla" yfir bandstrenginn sem komið var fyrir á Njarðvíkurheiði. Jóhann þurfti 29 metra flugbraut til að koma vél sinni á loft. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Þeir hafa gert grín að því að ég sé svona duglegur í þessu og kalla litlu verksmiðjuna í bílskúrnum heima „Jóeing" í staðinn fyrir Boeing," segir Jóhann og hlær.

- vig


SUMAR TILBOÐ!
30-50% AFSLÁTTUR!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
HÁGLANS
Hvítt háglans innrétting 140 x 48 sm
Ölur á MDF 125 x 48 sm
A 7121 110 breidd x 42 dýpt
50% AFSLÁTTUR!
Hvít eik á MDF 120 x 48 sm
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA
Eplaviður á MDF 152x48 sm
Ölur á MDF 182x48 sm
A-827 85 x 50 sm
50% AFSLÁTTUR!
HÁGLANS
Hvítt háglans 120x48
Hlynur á MDF 102 x 48 sm
A-826 60 x 50 sm
50% AFSLÁTTUR!
Hnota á MDF 120 x 48 sm
HÁGLANS
Hvítt háglans 60x48 sm
Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm
Hvít fulningur 61 x 34 sm
Horninnrétting 60 x 60 sm
50% AFSLÁTTUR!
Allar innréttingar afgreiddar af lager
Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




BAKÞANKAR


KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR


## *Heima og heiman*

Hótel eru undarlegir staðir. Á margan hátt líkjast hótel hugmyndum flestra trúaðra um staðinn sem tekur við eftir að jarðlífinu lýkur. Þá verða engar íþyngjandi skyldur. Enginn þarf að búa um rúmið sitt og ósýnilegar hendur munu alltaf sjá til þess að allt verði hreint og fagurt í kringum mann. Að minnsta kosti ef maður hefur verið góður og lagt fyrir áður en lagt er í langferðina.

**HEIMILI** að heiman. Þetta er slagorð nær allra hótela veraldar en þó man ég ekki eftir að nokkur manneskja hafi sagt mér frá því að henni hafi liðið eins og heima hjá sér á slíkum stað. Fólk hefur sagt með stolti að það hafi verið Villeroy og Boch klósettskál inni á herberginu en aldrei að því hafi fundist það hafa verið eins og heima hjá sér. Hjá mér vekur hótelgisting upp hugmyndir um framhaldslíf. Undarlegur ótti grípur mig þegar mér verður hugsað til þess að líklegast líkist híbýli manna í himnaríki eða Paradís helst dásamlegu hóteli. Unaður áhyggjuleysins – sem ég tel mig eiga skilið að njóta – hverfur samstundis út í veður og vind vegna söknuðar eftir ábyrgð og skyldum. Ómótstæðileg þrá eftir smáborgaralegum lifnaðarháttum mínum fyllir mig jafnan strax og mér gefst færi á að vera ábyrgðarlaus bóhem. Hótelin ummyndast úr útópíu í andstæðu sína, dystópíu. Verður maður eins og áhyggjulaus og tilgangslaus sumarleyfisgestur að eilífu eftir að hafa skilið við þetta jarðlíf? Það vona ég ekki.

**ÞJÓNNINN** á hótelinu þar sem ég dvel núna truflaði mig reyndar áðan af vangaveltum mínum um eilífðina. Hann vildi nefnilega fá að vita hvaða undarlegi stafur þetta væri á sígarettupakkanum mínum. Ég sagði honum að þetta væri þorn og las svo fyrir hann rununa: Reykingar eru mjög skaðlegar fyrir þig og þá sem eru nálægt þér. Honum þótti málið fallegt en spurði ekki um merkingu orðanna. Það þarf ekki að spyrja um merkingu orðanna á sígarettupökkunum.

**HANN** varð upprifinn þegar ég sagði honum að þetta væri íslenska. Kom á daginn að hetja hans í bernsku var Jón Páll Sigmarsson. Enn spenntari varð þjónninn að heyra að nýlega hefði komið út mynd um kappann. Taldi hann fullvíst að hún myndi slá í gegn í Hollandi þar sem fólk dáir Jón Pál enn. Spurði svo hvort Íslendingar væru ekki búnir að reisa minnisvarða um hann. Íslendingar gætu svo sannarlega verið stoltir af því að hafa átt slíkan mann.

**SAMRÆÐUR** okkar urðu ekki mikið lengri því ég var að drífa mig á söfn tileinkuð Önnu Frank og Rembrandt. Ég vona að það merkisfólk þurfi ekki að lifa í endalausu áhyggjuleysi í hótellíku himnaríki um aldir alda.


www.volkswagen.is



# Grænn Golf




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8799

Volkswagen Golf er frábær kostur fyrir fólk á ferð og flugi. Gæðin og glæsileikann þekkja allir og verðið hefur aldrei verið hagstæðara. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins **1.998.000 kr.**

Gerðu þinn Golf enn glæsilegri með sportpakkanum okkar:

- 16" álfelgur
- sóllúga
- leðurstýri
- þokuljós
- armpúði milli framsæta
- samlitur
- vindskeið

Volkswagen Golf er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.



HEKLA

Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is